

LITRÍK RÖÐ OG REGLA Í VESTURBÆ ▶30



ÁSKORANIR KVENFRUMKVÖÐLA ▶32







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
30. maí 2015
125. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




# GAF DÓTTUR SÍNA TIL ÆTTLEIÐINGAR

**Jóhanna Ýr Jónsdóttir** gaf dóttur sína frá sér til að skapa bjartari framtíð fyrir hana, sjálfa sig og barnið sem hún átti fyrir. Dóttirin **Margrét Arnardóttir** er nú tvítug. Þær eru ekki mæðgur en eiga samt sitt sérstaka samband. ▶ 24

MYND/GUÐBJÖRG GUÐMANNSDÓTTIR



**BRÆÐRABÖND Í SVEITINNI**
Sigurður Sigurjónsson og Theodór Júlíusson urðu nánir vinir við tökur á Hrútum. ▶28



**SEPP BLATTER**
**SAGÐUR ÓHÆFUR EN VANN SAMT KOSNINGARNAR**
▶10



**GCD**
**KEMUR AFTUR SAMAN**
▶64




365

Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU
í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817



Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin
Engin venjuleg upplifun

PHILIPS

með Android | Heimilistæki | ht.is




GULL BYLGJAN

# FRÉTTIR

## VEÐUR



Austan og suðaustanátt í dag. Rigning allvíða um landið sunnanvert og hiti víða 5 til 10 stig, en léttir til fyrir norðan og von er á hita upp að 12 stigum.

SJÁ SÍÐU 46

## GLEÐIFRÉTTIN

### Verðlaun í Cannes



Kvikmynd Gríms Hákonarsonar, Hrútar, vann verðlaunin Un Certain Regard á Cannes-kvikmyndahátíðinni. Um er að ræða flokk kvikmynda sem vert er að veita sérstaka athygli. Þetta er í fyrsta sinn í 68 ára sögu keppninnar sem íslensk kvikmynd í fullri lengd vinnur til verðlauna á hátíðinni. Grímur tók við verðlaununum úr hendi Isabellu Rossellini, formanns dómnefndar.

## FIMM Í FRÉTTUM ATVINNULÍF OG VERKFÖLL



**Alda Hrönn Jóhannsdóttir**, aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, vonast eftir nánara samstarfi við heilbrigðisyfirvöld í kjölfar þess að móðir var beitt grófu ofbeldi af barnsföður sínum. Ofbeldið hófst á fæðingardeild Landspítalans.



**Jón Georg Aðalsteinsson**, stjórnarformaður fyrirtækisins Ice-co, segir að verkföll myndu stefna verðmætu uppbyggingarstarfi við markaðssetningu erlendis í hættu og koma afar illa byggðarlögum eins og Patreksfirði, sem eiga mikið undir viðskiptum.



**Ingrid Vanderveldt**, stofnandi verkefnisins Empowering a Billion Women by 2020, segir að það krefjist fórna að vera frumkvöðull. Fólk þurfi að geta staðið upprétt, sama hversu oft það fellur. Þú þarft að reyna aftur, aftur og aftur alveg þangað þú nærð árangri.



**Helga Árnadóttir**, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, fagnar því að ríkisstjórnin hafi samþykkt að veita 850 milljónir króna til brýnna verkefna á ferðamannastöðum víðs vegar um landið. Ráðist verður í meira en hundrað verkefni.



➜ **Sigríður Gunnarsdóttir** er framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum. Verkfall hjúkrunarfræðinga hófst í vikunni og þurfti að útskrifa fjölda sjúklinga vegna þess.

## Á toppi tilverunnar



**TÓNLEIKAR Á ESJUNNI** Ásgeir Trausti hélt tónleika efst í Esjuhlíðum í gær. Fótsárir tónleikagestir nutu aðstoðar þyrluþjónustunnar Helo sem flaug með gesti á topp Esjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framkvæmt á 65 stöðum:

## Bæta öryggi vegfarenda

**ÖRYGGI** Borgarráð hefur samþykkt að heimila umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við gönguleiðir fyrir um 120 milljónir króna.

Um er að ræða aðgerðir sem tengjast minnkun á umferðarhraða við gönguþveranir og er aðgerðunum ætlað að auka öryggi gangandi vegfarenda. Sérstök áhersla er lögð á að bæta öryggi á gönguleiðum skólabarna.

Framkvæmt verður á 65 stöðum víðs vegar í borginni og settar sebragangbrautir á upphækkaðar gönguþveranir auk viðbótarskilta. - shá

Braut gegn 26 stúlkum:

## Dæmdur til dauða í Kína

**KÍNA** Dómstóll í Kína dæmdi grunnskólakennara til dauða eftir að hann var fundinn sekur um að hafa nauðgað eða brotið kynferðislega gegn 26 stúlkum. Frá þessu er greint í frétt BBC.

Maðurinn sem hét Li Jishun hefur nú þegar verið tekinn af lífi.

Jishun framdi brotin á árunum 2011 til 2012 þegar hann starfaði í grunnskóla í Gansuhéraði. Hann réðst á stúlkur á aldrinum fjögurra til ellefu ára meðal annars í skólastofum og á heimavist. - ngy

# Boða aðgerðir upp á 34 milljarða króna

2.300 félagslegar íbúðir verða reistar á næstu fjórum árum. Kostnaður verður 4,5 milljarðar á ári. Skattkerfisbreytingar þýða 16 milljarða tekjumissi ríkissjóðs. Ríkisstjórnin kynnti í gær umfangsmiklar aðgerðir til að greiða fyrir kjarasmningum.

**KJARAMÁL** Ríkisstjórnin kynnti í gær umfangsmiklar aðgerðir til að greiða fyrir kjarasamningum. Samtals kosta aðgerðirnar 34 milljarða á næstu fjórum árum, bæði í formi minni skatttekna og beinna útgjalda.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá á fimmtudag verður skattþrepum fækkað í tvö og milliþrepið verður því afnumið. Breytingarnar verða í tveimur skrefum en þegar þær eru að fullu komnar fram verða fjárhæðarmörk efra þrepsins 700 þúsund krónur.

Tekjuskattur á lægra þrepið verður lækkaður úr 22,86 prósentum í 22,5 prósent, líka í tveimur áföngum. Álagið við efra þrepið nemur síðan 9,3 prósentum þannig að heildartekjuskattsprósentan með þessum breytingum verður sú sama og í dag, að teknu tilliti til útsvars, en meðalprósenta þess er 14,44.

Breytingarnar verða í tveimur áföngum, eins og áður segir, og að fullu komnar fram í árslok 2017.

„Þetta eru breytingar sem við áætlum að leiði til tekjumissis fyrir ríkið um 9 til 11 milljarða og þegar þar bætist við um það bil 5 milljarða tekjuskattslækkun sem við höfum áður hrundið í framkvæmd, þá má segja að við séum að lækka tekjuskatt á kjörtímabilinu um allt að 16 milljarða,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.

Farið verður í umfangsmiklar aðgerðir á húsnæðismarkaði og reistar 2.300 nýjar félagslegar íbúðir á næstu fjórum árum. Þá verða húsnæðisbætur hækkaðar og kerfinu umbylt. Árlega munu fara um 2,5 milljarðar úr ríkissjóði til byggingar íbúðanna og aukning í bótakerfið nemur um 2 milljörðum króna.

„Ég held að það sé óhætt að fullyrða það hér að við höfum ekki tekið jafn stór skref sem tengjast uppbyggingu félagslegs húsnæðiskerfis hér á Íslandi í um 50 ár,“ segir Eygló Harðardóttir, ráðherra húsnæðismála. „Við erum að leggja grunninn að nýju félagslegu leiguíbúðakerfi.“

Miðað verður við að leiga fólks með lágar tekjur muni ekki nema hærra hlutfalli en 20 til 25 prósentum af tekjum. Í dag eru dæmi um að hún nemi 50 til 70 prósentum af tekjum.

Þá verður reglum breytt og þær einfaldaðar til að lækka byggingarkostnað. kolbeinn@frettabladid.is



**BREYTINGAR KYNNTAR** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fór fyrir ráðherrum í gær þegar umfangsmiklar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum voru kynntar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **... þá má segja að við séum að lækka tekjuskatt á kjörtímabilinu um allt að 16 milljarða.**
>
> *Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra*

> **Við erum að leggja grunninn að nýju félagslegu leiguíbúðakerfi.**
>
> *Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra*






Játuðu fyrir dómi að hafa ráðist að fulltrúa sýslumanns og kveikt í bifreið hans:

# Áttu að fá hálfa milljón fyrir verkið

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn játuðu í gær í Héraðsdómi Norðurlands eystra að hafa aðfaranótt 12. nóvember síðastliðins veist að Eyþóri Þorbergssyni, fulltrúa sýslumanns, og kveikt í bifreið hans með bílsprengju.

Lítur ákæruvaldið verknaðinn alvarlegum augum og telur þetta vera árás gegn valdstjórninni þar sem Eyþór er fulltrúi ákæruvaldsins á Akureyri.

Annar sakborningurinn veittist að Eyþóri með barefli og veitti honum áverka á vinstri handlegg auk þess að ráðast að bíl hans.

Sögðu þeir báðir fyrir dómi að þriðji aðili hefði ætlað að greiða þeim fimm hundruð þúsund krónur fyrir verknaðinn þar sem honum væri illa við embættið. Sá á að hafa sagst vilja brjóta hendur Eyþórs í þeim tilgangi að hann gæti ekki undirritað nein skjöl og viljað taka hann úr umferð.

Þessi þriðji aðili taldi málið hins vegar allt byggjast á misskilningi og sagðist ekki hafa skipað fyrir um árásina. Vildi hann ekki meina að hann hefði lofað neinni greiðslu fyrir verkið.

Mennirnir eiga yfir höfði sér þunga dóma verði þeir fundnir sekir um allar sakargiftir. Árásarmennirnir, sem játuðu brot sín fyrir dómi, sögðust lítið muna frá umræddu kvöldi sökum vímuefnaneyslu. - sa



**VILDI HANN ÚR UMFERÐ** Þriðji aðilinn sem á að hafa fyrirskipað árásina á fulltrúa sýslumannsins er sagður hafa sagt við árásarmennina að hann vildi manninn úr umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Orkuveita Reykjavíkur hlýtur

# Hvatningarverðlaun jafnréttismála 2015

Orkuveita Reykjavíkur leggur áherslu á jafnrétti á öllum sviðum fyrirtækisins. Blandaðir vinnustaðir eru betri vinnustaðir og kynbundnum launamun er hægt að eyða. Við hvetjum öll fyrirtæki í landinu til að láta jafnrétti sig varða og nýta þá auðlind sem býr í orku kvenna.

Úr rökstuðningi dómnefndar:
„Fyrirtækið hefur stigið veigamikil skref og er í markvissri vinnu við að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum fyrirtækisins. Fyrirtækið vill jafnframt vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd í jafnréttismálum og vill leggja sitt að mörkum til að breyta viðhorfum til staðalímynda kynjanna enda er trú þess að kynbundið náms- og starfsval sé félagsmótun en ekki náttúrulögmál. Því hefur verið lögð rík áhersla á að skapa umhverfi sem er aðlaðandi fyrir bæði karla og konur að starfa í.“

**Takk fyrir okkur!**

Orkuveita Reykjavíkur
#orkakvenna

SA FESTA UN WOMEN

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR
ON ORKA NÁTTÚRUNNAR
Orkuveita Reykjavíkur

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 15-1237

## 25.05.2015 → 31.05.2015

**25% færri**
fengu fjárhagsaðstoð í Reykjanesbæ í apríl en í sama mánuði í fyrra.

**54.000 blóðtökum**

hafði verið frestað vegna verkfalla á Landspítala fyrr í vikunni.

**3.000 TIL 4.000**

manns hefur Týr, skip Landhelgisgæslunnar, tekið þátt í að bjarga á Miðjarðarhafi.


**7 MILLJARÐA**
hrunlán Pólverja til Íslands var endurgreitt í vikunni.

**26,7 MILLJÓNIR ÖKUTÆKJA**

höfðu farið um Hvalfjarðargöng frá opnun 1998 til ársloka 2014.

**5,5%**

var atvinnuleysið í apríl.

**500 FARÞEGA**
er nýjum Herjólfi ætlað að geta flutt á milli lands og Eyja.



**FORSETANUM FAGNAÐ** Buhari á mikinn fjölda stuðningsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Muhammad Buhari sór embættiseið sem forseti Nígeríu:

# Fögnuðu ákaft nýjum forseta

**NÍGERÍA Stuðningsmenn Muhammads Buhari Nígeríuforseta fögnuðu ákaft í miðborg Abuja, höfuðborgar Nígeríu, í gær.**

**Buhari sór embættiseið sem forseti Nígeríu í gær. Í ræðu sinni sagðist hann tilheyra öllum og engum og lofaði að auka velmegun í Nígeríu. Þá lagði hann áherslu á að berjast gegn spillingu og uppgangi vígahreyfingarinnar Boko Haram.**

**Forsetinn sór eið sinn á Arnartorgi í höfuðborginni. Eftir athöfnina stukku áhorfendur á fætur, dönsuðu trylltan dans, sungu og kölluðu nafn forsetans.** - srs

142 milljarðar upp úr sjó:

# Loðnuvertíðin eykur verðmæti

**SJÁVARÚTVEGUR** Mun betri loðnuvertíð í ár en í fyrra veldur því að verðmæti afla upp úr sjó reiknast miklum mun hærra milli ára. Verðmæti afla upp úr sjó nam tæpum 16,2 milljörðum í febrúar, 41,7% hærra en í febrúar 2014. Aflaverðmæti loðnu nam tæpum 6 milljörðum og jókst um nálægt 4 milljörðum milli ára. Aflaverðmæti þorskaflans nam 6,2 milljörðum í febrúar sem er ríflega 24% aukning miðað við sama mánuð 2014.

Aflaverðmæti á 12 mánaða tímabili frá mars 2014 til febrúar 2015 nam 142,6 milljörðum og er nánast óbreytt miðað við 12 mánaða tímabil árið áður. - shá

Samstarf VIRK og IKEA:

# Sýna skilning á veikindum

**SAMFÉLAG** IKEA hefur um nokkra hríð tekið þátt í samstarfi við VIRK og skoðað hvort eitthvað mætti fara betur í umhverfi vinnustaðarins. „Við greinum nú betur á milli skammtíma- og langtímaveikinda. Nú eru þau flokkuð og úrræðin ólík eftir því hvort um er að ræða fjarveru í skamman tíma eða langan. Stjórnendur eru líka meðvitaðri um þörfina á að hafa samband við langtímaveikan starfsmann og sýna honum þannig áhuga og velvild, sem og að halda starfsmanninum upplýstum um hvað fram fer á vinnustaðnum,“ segir Fjóla Kristín Helgadóttir starfsmannastjóri. - kbg

# Grunnur lagður að nýju húsnæðiskerfi

Auka á val um búsetuform með því að reisa 2.300 félagslegar íbúðir á fjórum árum. Húsnæðisbótakerfi verður gjörbylt. Húsaleiga þeirra tekjulægstu verði ekki meira en fjórðungur tekna. Frumvarp á leiðinni og hin koma á haustþingi.

**KJARAMÁL** Eygló Harðardóttir, ráðherra húsnæðismála, kynnti í gær umfangsmiklar aðgerðir í húsnæðismálum. Reisa á 2.300 félagslegar íbúðir á næstu fjórum árum og gjörbylta kerfi húsnæðisbóta. „Við erum að leggja grunninn að nýju félagslegu leiguíbúðakerfi,“ segir Eygló.

Tillagnanna hefur verið beðið um nokkra hríð, en þær eru afrakstur samvinnu ríkisstjórnarinnar við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins og fjölda verkalýðsfélaga. Þær eru kynntar sem aðgerðir til að leysa deilur á vinnumarkaði.

Markmið tillagnanna er að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum til að tryggja tekjulágum fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma. Félagslega leigukerfið verður fjármagnað með stofnfjárframlögum ríkis og sveitarfélaga og með beinum vaxtaniðurgreiðslum sem nema um 30 prósentum af núvirtum stofnkostnaði. Slíkt framlag á að leiða til þess að leiga fólks með lágar tekjur verði ekki hærri en 20 til 25 prósent af tekjum, en í dag þekkjast dæmi um að hún nemi á bilinu 50 til 70 prósentum af tekjum þeirra launalægstu.

Íbúðirnar 2.300 verða reistar á árunum 2016 til 2019, þó aldrei fleiri en 600 á ári.

Fara á í endurskoðun lagaumhverfis, þar með talið byggingareglugerðar og skipulagslaga. Tekinn verður inn nýr flokkur mannvirkja sem mun auðvelda byggingu smærri og ódýrari íbúða. Þá verður gjaldtaka sveitarfélaga vegna lóða og gatnagerðar skoðuð til að lækka byggingarkostnað.

Sérstakur stuðningur verður við efnaminni leigjendur á almennum leigumarkaði og húsnæðisbætur hækkaðar. Þá verður komið til móts við þá sem kaupa sína fyrstu íbúð með því að gera sparnað til íbúðakaupa skattfrjálsan.


**HÚSNÆÐI** Reistar verða 2.300 félagslegar leiguíbúðir á árunum 2016 til 2019, þó aldrei fleiri en 600 á ári.


**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

„Ég held að það sé óhætt að fullyrða það að við höfum ekki tekið jafn stór skref sem tengjast uppbyggingu félagslegs húsnæðiskerfis hér á Íslandi í um 50 ár. Þá var farið í mikið átak. Við erum að gera enn betur núna,“ segir Eygló.

kolbeinn@frettabladid.is

### → 4,5 milljarðar á ári



Við erum að lofa okkar hlut í fjármögnun á þessum mikla fjölda íbúða. Ef það gengur allt eftir þá má áætla að sá hluti einn og sér muni kosta allt að **2,5 milljörðum** á ári, upp undir 600 íbúðir á ári. Aðrir þættir sem snúa að leigubótum, þar sem við erum í raun og veru að tala um húsnæðisbætur, eru um **2 milljarðar** eða svo á ári.

*Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra*

Forsætisráðherra segir aðgerðirnar hjálpa fólki úr fátæktargildrunni:

# Yrði tíunda stærsta sveitarfélagið

**KJARAMÁL** Þær 2.300 félagslegu leiguíbúðir sem ríkisstjórnin hyggst stuðla að því að verði reistar yrðu tíunda stærsta sveitarfélag landsins ef þær væru reistar saman sem ein byggð. Þetta benti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra á þegar hann kynnti aðgerðirnar í gær.

„Aðkoma ríkisins fælist þarna bæði í stofnstyrkjum og vaxtaniðurgreiðslu, en til þess að setja þetta í samhengi þá er þetta álíka mikill fjöldi íbúða eins og allar íbúðir í Borgarnesi og í öllum bæjum á Snæfellsnesi samanlagt. Borgarnes, Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ólafsvík og svo framvegis. Það má líka segja að á næstu fjórum árum séu menn að byggja félagslegar íbúðir sem nemi öllum Ísafirði og Egilsstöðum.“

Sigmundur Davíð segir að við breytingarnar í skattamálum hafi verið horft til þess að tekið væri á kjörum hinna lægst settu í kjarasamningum, en ríkið kæmi í auknum mæli að því að bæta kjör millitekjufólks.

„Ástæðan fyrir því að þetta er skynsamleg verkaskipting er sú að þeir sem eru með lægstar tekjur greiða minnst til ríkisins og í sumum tilfellum ekki neina skatta til ríkisins. Þar af leiðandi er þar svigrúm fyrir ríkið til þess að koma inn í og bæta kjörin mjög takmarkað,“ segir Sigmundur Davíð. Með því takist að vinna á fátæktargildru „þar sem menn festast í lágum tekjum og svo eru jaðaráhrifin við það að komast upp úr því svo mikil að menn sitja fastir.“ - kóp


**SÁTT VIÐ SAMNINGA** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Eygló Harðardóttir héldu blaðamannafund í gær.



# VÁ!

## ÞÝSK GÆÐI FRÁ OPEL!

BEIN LEIÐ Í 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

**Opel Corsa**

Verð frá: **2.490.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **249.000 kr.**

Hægt er að velja um fjölbreytt úrval af aukabúnaði.




## Ný Corsa

## Snjallasti bíllinn í bænum

Það er komin ný Corsa og hún er bráðsnjöll. Hún er fáanleg vel græjuð fyrir fólk sem vill vera í góðu sambandi öllum stundum. Þú tengir símann þinn og spilar uppáhalds tónlistina þína í gegnum Bluetooth. En Bluetooth er bara einn kosturinn við Corsa – þú getur fengið þá miklu fleiri.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Kynntu þér Opel Corsa á opel.is eða á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

OPEL

Bíll á mynd er Corsa Enjoy fimm dyra. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði. Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl.

Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



Diplómanám um áfengis- og vímuefnamál

**Diplómanám um áfengis- og vímuefnamál er sjálfstætt 30 eininga þverfræðilegt nám að loknu BA-, BS- eða sambærilegu háskólaprófi.**

Námsleiðin er ætluð þeim sem starfa með áfengis- og vímuefnasjúkum og fjölskyldum þeirra, s.s. félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, lýðheilsufræðingum, iðjuþjálfum, guðfræðingum og læknum.

Kennsla fer fram tvo samfellda daga í mánuði sem auðveldar fólki að sinna náminu meðfram vinnu.

**Sæktu um á hi.is fyrir 5. júní.**

Nánari upplýsingar á felagsradgjof.hi.is og hjá dr. Steinunni Hrafnsdóttur í síma 824 0598 og 525 5266.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD
www.hi.is



15% afsláttur

af Nicorette Fruitmint, öllum pakkningastærðum og styrkleikum

2 mg 210 stk.
Nú kr. 3.994.-

Tilboðið gildir til 17. júní n.k.




Lyfjaval APÓTEK
Álftamýri - Mjódd - Bílaapótek Hæðasmára 4



Tilboð á stígvélum!
Tilboðið gildir 30.5. - 6.6.

NOKIAN FOOTWEAR

FINNSKA BÚÐIN



HAI Low 12.900,-

Ankle wedge 19.900,-

Múmín barnastígvél 6.990,-

HAI stígvél 12.900,-

Kauptu tvö pör og fáðu ódýrara parið á 30% afslætti.

**FINNSKA BÚÐIN**, Laugavegi 27 (bakhús)
www.finnskabudin.is, 519 6688


# Samningar smullu með skattalækkun

Öll aðildarfélög Starfsgreinasambandsins, VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna skrifuðu undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins hjá ríkissáttasemjara í gær. Ríkisstjórnin liðkaði til með loforði um lægri skatta.




**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is


**KJARAMÁL** Aðkoma stjórnvalda til að liðka fyrir gerð kjarasamninga skipti miklu máli að sögn forystumanna þeirra félaga sem skrifuðu undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins í gær.

Þar má fyrst nefna fyrirhugaðar heildarlækkanir á tekjuskatti einstaklinga sem eiga að auka ráðstöfunartekjur um 50-100 þúsund krónur á ári. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eiga að stuðla að bættum kjörum almennings. „Útspil ríkisstjórnarinnar var jákvætt en hafði ekki úrslitaáhrif. Fleiri félagslegar íbúðir og lækkun lækniskostnaðar skiptir félagsmenn okkar máli og er ágætis innlegg,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins, SGS. „Auðvitað hefðum við viljað sjá aukinn persónuafslátt líka en hann hækkar áfram eins og lög gera ráð fyrir með hækkandi verðlagi.“

Strax í upphafi viðræðna fór SGS fram með skýra kröfu um að lágmarkslaun yrðu 300 þúsund krónur innan þriggja ára. Björn segir deiluna hafa verið erfiða, samninganefnd hafi talið að lengra yrði ekki komist eftir átökin, aðalmarkmiðinu hafi verið náð og kjarasamningar gagnist vel fólki á taxta. „Okkur finnst stór áfangi að ná lágmarkslaunum í þrjú hundruð þúsund krónur, þetta er sigur fyrir fólk sem vinnur á taxta.“

Kjarasamningarnir gilda til 1. maí árið 2018 og fela í sér blöndu krónutöluhækkana fyrir lægstu launahópana og stiglækkandi prósentuhækkana til þeirra sem eru í millitekjuhópunum. Í lok samningstímans verða lágmarkslaun orðin 300 þúsund krónur á mánuði. Næstu tvær vikurnar verður samningurinn kynntur í aðildarfélögum SGS og skal niðurstaða atkvæðagreiðslu liggja fyrir 22. júní.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segir það hafa kostað átak að tryggja lágmarkslaunin og skattabreytingar ríkisstjórnarinnar hafi liðkað til við samningagerðina. „Það sem er mér efst í huga er að ég tel að það hafi náðst að tryggja kaupmáttaraukningu, líka að ná stórum hópi að samningaborðinu. Útspil ríkisstjórnarinnar skipti máli, sérstaklega hvað varðar skattabreytingar. Við tryggðum lágmarkslaunin með þessum hætti.“

Samningurinn verður kynntur félagsmönnum á kynningarfundum næstu daga og vikur til samþykktar.

Þorsteinn Víglundsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir töluverðan kostnað felast í nýgerðum kjarasamningum en að á sama tíma sé ákveðinn léttir að hafa komist að niðurstöðu. „Það er ákveðinn léttir að það hafi náðst að landa þessum samningum með farsælum hætti. Það er ljóst að það er töluverður kostnaður sem í þeim felst, í þeim eru miklar launahækkanir sem geta reynt á þol fyrirtækja. Við bindum vonir við það að vegna þess að það er samið til langs tíma ráði fyrirtæki betur við kostnaðaraukann. Það er annars engin leið að meta með hvaða hætti fyrirtæki bregðast við þeim kostnaðarauka sem felst í kjarasamningum. Hér er verið að hækka lægstu laun um liðlega 30% en ýtrustu kröfur voru 50%-70% hækkun allra launa, verðbólguáhrifin verða því minni en ella.“

Hann segir útspil ríkisstjórnar skipta miklu máli og lofar sérstaklega aukið framboð félagslegs húsnæðis. „Það þurfti að bregðast við því að fjöldi fólks á við verulega erfiðleika að etja á húsnæðismarkaði. Þá finnst mér vera góður samhljómur með skattabreytingum ríkisstjórnar og þeim áherslum sem eru í þessum samningum. Við vonum að þegar upp er staðið þá leiði þeir til kaupmáttaraukningar fyrir launafólk og að okkur auðnist að halda þeim stöðugleika sem hefur náðst. Ef við höldum vel á spilunum þá getur þetta orðið farsælt,“ segir Þorsteinn sem segir deiluna hafa verið þá alhörðustu síðustu áratugi. Deila ríkis og BHM er hins vegar enn í hnút. Félagið hafnaði tilboði ríkisins í gær og taldi mikið bera á milli.

kristjanabjorg@frettabladid.is



**HARÐASTA DEILA Í ÁRATUGI** Þorsteini Víglundssyni, formanni Samtaka atvinnulífsins, er létt eftir nýgerða kjarasamninga. Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segir skattabreytingar hafa skipt máli í því að tryggja lágmarkslaun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 300 ÞÚSUND KRÓNUR

Lágmarkslaun hækka í 300 þúsund krónur á samningstímanum.




**50-100 þúsund** krónur á ári

Ráðstöfunartekjur aukast um 50-100 þúsund krónur á ári Persónuafsláttur hækkar í samræmi við verðlagsbreytingar.

**31,1% hækkun**

Lægstu launataxtar VR hækka um 31,1% eða kr. 64.208 á samningstímanum. Lágmarkstekjur verða 300 þúsund krónur á mánuði frá maí árið 2018. Forsendur fyrir samningnum eru m.a. að hann verði stefnumarkandi fyrir aðra.

**70 þúsund** starfsmenn

Nýgerðir kjarasamningar munu hafa áhrif á meirihluta vinnandi fólks eða 65-70 þúsund starfsmenn á landinu.

## SVONA HÆKKA LAUN FÉLAGSMANNA Í VR

| Laun nú | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | Hækkun á tímabilinu |
|---|---|---|---|---|---|
| 230.000 kr. | 255.000 kr. | 270.000 kr. | 282.150 kr. | 300.000 kr. | 70.000 kr. |
| 300.000 kr. | 321.600 kr. | 339.288 kr. | 349.467 kr. | 356.456 kr. | 56.456 kr. |
| 450.000 kr. | 476.400 kr. | 502.602 kr. | 517.680 kr. | 528.034 kr. | 78.034 kr. |
| 550.000 kr. | 577.378 kr. | 609.134 kr. | 627.408 kr. | 639.956 kr. | 89.956 kr. |
| 650.000 kr. | 676.578 kr. | 713.790 kr. | 735.204 kr. | 749.908 kr. | 99.907 kr. |
| 750.000 kr. | 774.000 kr. | 816.570 kr. | 841.067 kr. | 857.888 kr. | 107.888 kr. |

*Taflan sýnir launahækkanir eftir tekjum og árum fyrir þá sem ekki hafa fengið neinar hækkanir á tímabilinu febrúar 2014 og út maí 2015.


F&F
Sumar
2015
Kringlunni
Garðabæ
Akureyri
Spönginni
Skeifunni

# Hundruð kvenna segja frá ofbeldi

Íslenskar konur deila inni á Facebook-hópnum Beauty Tips reynslu sinni af kynferðisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. „Bylting“ segir ein þeirra og deilir reynslu sinni og vonast eftir að byltingin muni verða til þess að útrýma skömminni.

**SAMFÉLAGSMÁL** Inni á Facebook-hópnum Beauty Tips hafa á síðasta sólarhring hundruð kvenna sem eru meðlimir hópsins deilt reynslu sinni af því að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Hópurinn er lokaður en meðlimir eru um 24 þúsund talsins. Sögunum hefur verið deilt undir myllumerkjunum #þöggun og #konurtala. Um sannkallaða byltingu er að ræða þar sem þolendur kynferðisofbeldis skila skömminni og margar eru að segja í fyrsta skipti frá kynferðisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir.

„Ég skammaðist mín alltaf fyrir að hafa lent í þessu sem varð til þess að ég var með mjög lítið sjálfsálit,“ segir Andrea Sóleyjar og Björgvinsdóttir, ein þeirra sem deildu reynslu sinni inni á Beauty Tips en áður hafði hún sagt sögu sína í Kvennablaðinu. Andreu var nauðgað þegar hún var unglingur en sagði engum frá, ekki fyrr en hún var áreitt af tveimur yfirmönnum sínum fyrir tveimur árum. „Það að segja frá losaði mig við mikla byrði í sálinni,“ segir Andrea sem á þrjár dætur. „Ég vil að dætur mínar alist upp í heimi sem er laus við þetta. Ég vil leggja allt mitt af mörkum til þess að þetta hætti.“ Andrea líkir frásögnum kvennanna á síðunni við byltingu. „Það verður að stoppa þetta og það þarf alltaf byltingu til að stoppa alla hluti. Við eigum ekki að sætta okkur við að kynferðisofbeldi sé til.“

Sigríður Tinna Einarsdóttir sagði líka frá sinni reynslu. Hún segir blendnar tilfinningar hafa fylgt því að opinbera reynslu sína á þessum vettvangi. „Ég er búin að fara þrisvar að gráta í dag en er samt ótrúlega stolt af mér og öðrum. Orð skipta máli og þegar við stöndum saman þá verður allt auðveldara. Þegar það eru svona margar raddir þá tölum við svo hátt,“ segir Sigríður sem vonast til að þessi bylting verði til þess að sem flestir þolendur ofbeldis skili skömminni. „Ef mín frásögn hjálpar einni við að segja frá þá er tilganginum náð. Ég á tvær stelpur, tveggja og þriggja ára, og ég vona að þegar þær verði orðnar unglingar þá detti þeim aldrei í hug að þær þurfi að þegja yfir því ef einhver meiði þær.“

Margar kvennanna voru að segja frá ofbeldinu í fyrsta skipti, einnig var áberandi að konurnar lýstu reynslu sinni af því að hafa kært en málið hafi verið fellt niður vegna skorts á sönnunargögnum. viktoria@frettabladid.is



**BYLTING** Á síðunni hafa fjölmargar konur sagt frá ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. NORDICPHOTOS/GETTY



**SIGRÍÐUR TINNA EINARSDÓTTIR**



**ANDREA SÓLEYJAR OG BJÖRGVINSDÓTTIR**

## Frásagnir nokkurra kvenna á Beauty Tips

„ Ég var 9 ára þegar stóri frændi minn, sem ég dýrkaði og dáði, misnotaði mig. Þegar ég loksins fann kjarkinn til að segja honum að ég vildi ekki gera þessa hluti lengur þá bættist við andlegt ofbeldi. Hann var að refsa mér fyrir að taka ekki þátt í þessu sjálfviljug.

„ Mér var nauðgað af barnsföður mínum með hníf við hálsinn heima hjá mér. Ári seinna kærði ég hann.

„ Ókunnugur maður kemur og biður mig um kveikjara. Þegar ég er að leita þá dregur hann mig á hárinu inn í húsasund. Ég berst á móti og næ að komast burt eftir langa baráttu.

Ég var rifin í endaþarmi og leggöngum, áverkavottorðið var hræðilegt. Kæran var felld niður því að tveir menn sem voru teknir í viðtal neituðu og sannanirnar ekki nógu miklar.

„ Þegar ég var að verða 17 ára var ég plötuð upp í sumarbústað af strák sem var „skotinn í mér“. Þegar ég kom upp í bústaðinn þá var strákurinn ekki þar, heldur allir vinir hans. Mér var nauðgað og það var tekið upp á vídeó.

„ Mér var nauðgað af maka með vakandi barnið okkar í fanginu.

„ Ég var 15 ára þegar eldri bróðir manneskju sem ég þekkti misnotaði mig. Hélt mér niðri og hélt svo fyrir munninn á mér svo enginn heyrði í mér á meðan hann fékk vilja sínum framgengt.

Ég sagði ekki frá því ég skammaðist mín og ætlaði bara að bæla þetta niður þangað til ég myndi gleyma. Ég hlyti að gleyma þessu einhvern tímann ... mikið sem ég hafði rangt fyrir mér.

„ Hann neyddi mig upp í herbergi með sér, henti mér í rúm þannig að ég lá á maganum, þrýsti kodda á höfuðið á mér og hélt fyrir munninn á mér, tók mig úr buxunum og nauðgaði mér.

Hjartað í mér stoppaði, ég sá engan tilgang með lífinu.








# TAKTU SKREFIÐ

## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI - UMSÓKNARFRESTUR TIL 1. JÚNÍ

### Á GRUNNSTIGI

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

### Á FRAMHALDSSTIGI

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI
*DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI*

SÉRNÁM Í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ FYRIR SÁLFRÆÐINGA OG GEÐLÆKNA

### NÁMSLÍNUR ÁN EININGA

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

VIÐURKENNDUR BÓKARI

FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

FJÁRMÁL OG REKSTUR
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR: SÍMI 525 4444 ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Segja Blatter óhæfan sem forseta

Sepp Blatter var endurkjörinn forseti FIFA. Prins Ali dró framboð sitt til baka eftir fyrstu umferð kosninga. Michel Platini, forseti UEFA, útilokar ekki að Evrópuríki sniðgangi næsta heimsmeistaramót í knattspyrnu. Bakhjarlar FIFA íhuga að draga stuðning til baka.

**ÍÞRÓTTIR** Sepp Blatter var endurkjörinn formaður FIFA í gær. Hann hefur lofað því að láta af embætti árið 2019.

Hann sigraði í fyrri hluta atkvæðagreiðslunnar með 133 atkvæðum. Mótherji hans, Prins Ali Bin al-Hussein, hlaut 73 atkvæði.

Tvo þriðju hluta eða 140 atkvæði þurfti til að vinna kosninguna og lá fyrir að kjósa þyrfti aftur en Prins Ali dró framboð sitt til baka fyrir aðra umferð kosninganna.

„Ég þakka ykkur fyrir að hafa kosið mig til næstu fjögurra ára,“ sagði Blatter.

„Ég verð áfram skipstjóri FIFA-skipsins. Við munum ná því aftur á siglingu. Ég kann vel við ykkur. Ég kann vel við starf mitt. Ég er ekki fullkominn. Enginn er fullkominn. Förum saman af stað. Áfram FIFA!“

Blatter sagðist í sigurræðu sinni ætla að taka ábyrgð á því að endurvekja traust á FIFA og lagði áherslu á ríkt samstarf.

Prins Ali þakkaði fyrr sig þegar hann dró framboð sitt til baka.

„Ég vill þakka ykkur öllum. Þetta hefur verið undursamlegt ferðalag. Ég vil sérstaklega þakka öllum ykkur sem voruð svo hugrökk að kjósa mig.“

Fyrir þingið var það ljóst að evrópsku knattspyrnusamböndin stóðu nærri ein gegn Blatter. Forseti evrópska knattspyrnusambandsins (UEFA), Michel Platini, sagði á fimmtudaginn að nú væri mælirinn fullur og að Blatter þyrfti að segja af sér. Platini hefur þar að auki ekki útilokað að evrópsk knattspyrnulið sniðgangi næsta heimsmeistaramót.

Greg Dyke, formaður enska knattspyrnusambandsins, sagði að Blatter hefði stjórnað FIFA í sextán ár og hann væri ekki maðurinn til að vinna bug á spillingu innan samtakanna.

Þingið var haldið á afar stormasömum tíma en fjórtán háttsettir embættismenn FIFA hafa verið kærðir og sjö handteknir fyrir mútuþægni og spillingu.

Upphaf þingsins gerði lítið til að draga úr stormaseminni en framkvæmdastjóri FIFA tilkynnti þingfulltrúum að þinginu hefði borist sprengjuhótun og í kjölfarið var þingsalurinn rýmdur. Eftir að lögregla hafði leitað á svæðinu gat þinghald haldið áfram.



Fjöldi bakhjarla FIFA er að endurskoða samstarf sitt eftir að kærur voru gefnar út á miðvikudag. Visa er að endurskoða styrk sinn til FIFA. Coca-Cola, Adidas, Nike og McDonalds eru einnig að hugsa sinn gang.

stefanrafn@



**SIGURSÆLL** Sepp Blatter hefur lofað því að gefa ekki kost á sér 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## PALESTÍNUMENN LÖGÐU TIL BROTTVÍSUN ÍSRAELS ÚR FIFA

Fulltrúi palestínska knattspyrnusambandsins (PFA) dró til baka tillögu sína um að úthýsa ísraelska knattspyrnusambandinu (IFA) úr FIFA.

PFA lagði í síðustu viku fram tillögu um brottvísun ísraelska sambandsins úr FIFA.

Jibril Rajoub, formaður PFA, sagði í ávarpi sínu á aðalþingi FIFA að hann hefði dregið tillöguna til baka vegna þrýstings frá háttsettum fulltrúum FIFA.

Tillaga PFA kom til vegna árása Ísraels á Palestínu og takmarkana Ísraelshers á fótboltastarfsemi í Palestínu.

Þess í stað kaus þingið með tillögu um að koma upp eftirlitsnefnd sem tryggir frelsi Palestínumanna til að stunda íþróttina óhindrað.



**„Ég ákvað að draga brottvísunina til baka en það þýðir ekki að ég muni hætta andspyrnunni.“**

*Jibril Rajoub*




**BMW X5 25d xDrive. Verð frá 10.790.000 kr.:** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting – 18” álfelgur lykillaus gangsetning – rafdrifinn afturhleri – rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann – nálgunarvarar bakkmyndavél – handfrjáls Bluetooth símabúnaður – 6,5” litaskjár

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# HELGAR SPRENGJA



## 10 STJÚPUR Í BAKKA

**999 kr.**

Fullt verð: 1.590 kr.

Blandaðir litir



## 10 FJÓLUR Í BAKKA

**999 kr.**

Fullt verð: 1.790 kr.



## Rafmagnssláttuvél

1100W, sláttubreidd 32 cm.
30 ltr. safnari, 6 hæðastillingar 30-60 mm.
5085113

**13.995 kr.**

Frábært verð



## Rafmagnssláttuvél

EMAX32, 1200W, Sláttubreidd 32 cm
Grassafnari: 35 lítrar
5085160

**20.695 kr.**

Fullt verð: 1.590 kr.



## Sláttuvél Razor 4610

Sláttubreidd 46 cm, drif á hjólum, 65 lítra safnpoki, 6 hæðarstillingar 28-75 mm.
5085286

**43.995 kr.**

Frábært verð



**Greinaklippur GREEN-IT**
5084765

**1.595 kr.**

Frábært verð



**Hekk- og greinaklippur GREEN-IT 2 stk.**
5084773

**2.995 kr.**

Frábært verð



**Laufhrífa GREEN-IT**
5084343

**1.295 kr.**

Frábært verð



**Garðborð**
160x91 cm
3899965
**39.990 kr.**

**Garðstóll**
Staflanlegur.
3899964
**7.990 kr.**

**Garðstóll**
Með stillanlegu baki.
3899966
**16.990 kr.**



## Sláttuorf

IKRA mogatec

350W, 24 cm sláttubreidd.
Aukaspóla
5086612

**4.995 kr.**

Frábært verð



Broil King

## Baron 320

3 ryðfríir brennarar:
Dual Tube 8,8 kW/h
Rafstýrður kveikjari,
Grillgrind úr pottjárni
Postulínshúðuð vermigrind
3000611

**79.990 kr.**

Frábært verð



OUTBACK

## Omega 200

Grillsvæði 50x36 cm.
Tvískiptur brennari.
Emaleruð grillgrind, hliðarborð, kveikjari og þrýstijafnari.
3000225

**23.900 kr.**

Frábært verð

Samfélagssjóðir Virðingar auglýsa eftir styrkumsóknum

Gjafir sem auðga lífið

Vinnum saman að betri framtíð

Virðing hefur frá upphafi lagt áherslu á ábyrga hegðun í allri sinni starfsemi. Við trúum því að við getum öll lagt okkar af mörkum til að byggja upp heilbrigt samfélag. Þess vegna vill Virðing leggja þeim lið sem stuðla að jákvæðri uppbyggingu og framförum.

Hvatning til góðra verka

Umsækjendur eru hvattir til að skilgreina verkefnið vel, sýna fram á hvernig það fellur að markmiði viðkomandi sjóðs og tilgreina hversu háa fjárhæð sótt er um og/eða hverskonar vinnuframlag.

AlheimsAuður

AlheimsAuður er samfélagssjóður ætlaður til að hvetja konur til frumkvæðis og athafna, einkum í þróunarlöndum.
Virðing býður viðskiptamönnum sínum að leggja hluta af hagnaði sínum í sjóðinn. Stjórn AlheimsAuðar tekur ákvörðun um úthlutun styrkja.

Dagsverk Virðingar

Dagsverk Virðingar er samfélagsverkefni starfsmanna Virðingar. Dagsverkið felst í því starfsmenn gefa andvirði dagslauna á hverju ári í verðugt málefni.
Ennfremur vinna allir starfsmenn Virðingar sem nemur einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefnis. Starfsmenn Virðingar velja verkefni sem hljóta fjár- eða vinnuframlag.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 8. júní 2015.

Styrkjum verður úthlutað 19. júní n.k.

Umsóknum má skila á netfangið virding@virding.is

Nánari upplýsingar á virding.is



Við erum óháð og alhliða verðbréfafyrirtæki og veitum fjárfestingatengda þjónustu á sviði eignastýringar, markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar og reksturs framtakssjóða. Við byggjum upp langtímasamband við viðskiptavini þar sem gagnkvæmt traust og samvinna leggja grunninn að arðbærum árangri.

Óháð staða Virðingar kemur í veg fyrir hagsmunaárekstra milli fyrirtækisins og viðskiptavina okkar og gerir okkur kleift að velja fjárfestingakosti eingöngu út frá hagsmunum viðskiptavina. Við stefnum að ábyrgri arðsemi þar sem virðing fyrir umhverfinu, mannauðnum og samfélaginu skilar öllum betri langtímaárangri.

VIRÐING

BORGARTÚNI 29 · 105 REYKJAVÍK · 585 6500 · WWW.VIRDING.IS

Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur
- kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent



**HÆTTA Á SKAÐA** „Það er þekkt að konur missa fóstur á meðgöngu vegna heimilisofbeldis vegna áverka, svo sem fylgjuloss og blæðinga," segir Katrín Sigurgeirsdóttir, ljósmóðir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Aukin vernd á Suðurnesjum

Á Íslandi hafa börn dáið í móðurkviði vegna heimilisofbeldis. Á Suðurnesjum hefur orðið vakning hjá ljósmæðrum í kjölfar átaks gegn heimilisofbeldi.

**SAMFÉLAG** „Okkur ber skylda til að vernda ófædd börn og til þess að styðja konur sem verða fyrir heimilisofbeldi," segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, ljósmóðir hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Átak gegn heimilisofbeldi hófst á Suðurnesjum í febrúar 2013, fyrst sem tilraunaverkefni en er nú til frambúðar vegna góðs árangurs.

„Það hefur orðið mikil vakning bæði hjá hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum á síðustu fimm árum um heimilisofbeldi á meðgöngu og þá sér í lagi að okkur kemur þetta við og að við berum ábyrgð. Mín upplifun er sú að á mörgum stöðum hafi ljósmæður og hjúkrunarfræðingar skimað og verið á varðbergi gagnvart heimilisofbeldi en skort úrræði til að styðja konuna."

Katrín tekur fram að aldrei sé tekið fram fyrir hendur móður vegna heimilisofbeldis. „Við styðjum móðurina og erum á hennar bandi. Við höfum að sjálfsögðu ríka tilkynningarskyldu til barnaverndar en þegar kemur að tilkynningum til lögreglu gerum við það í samstarfi."

### Alvarlegar afleiðingar

Afleiðingar heimilisofbeldis á meðgöngu eru alvarlegar. „Það er mjög vont að barn sé baðað í stresshormónum á meðgöngu og þá er hætta á fósturskaða og fósturláti. Það er þekkt að konur missa fóstur á meðgöngu vegna heimilisofbeldis vegna áverka, svo sem fylgjuloss og blæðinga."

> **„Það er þekkt að sumir ofbeldismenn mæta í alla tíma, líta ekki af konunni sinni, svara jafnvel fyrir hana og sýna ógnandi hegðun inni á stofnuninni.**

Þó að börn deyi í móðurkviði á Íslandi vegna heimilisofbeldis eru ekki til tölur yfir algengi þess. „Það vantar frekari rannsóknir á alvarlegum afleiðingum ofbeldis á meðgöngu."

### Sýna ógnandi hegðun

Katrín segir suma ofbeldismenn sýna ógnandi hegðun í mæðraeftirliti og þess vegna sé nauðsynlegt að mæður mæti í að minnsta kosti einn tíma einar. „Það er þekkt að sumir ofbeldismenn mæta í alla tíma, líta ekki af konunni sinni, svara jafnvel fyrir hana og sýna ógnandi hegðun inni á stofnuninni. „Þá hvílir skylda á okkar herðum. Við sendum ekki konurnar út í óvissuáhættuástand. Við reynum að koma á neti sem grípur þær og vonum að fleiri heilbrigðisstofnanir og bæjarfélög fylgi í kjölfarið."

Árangurinn segir Katrín mældan í öryggi kvennanna sem leita til þeirra. „Þetta hefur tvímælalaust borið árangur, þetta veitir konum öryggistilfinningu og von, og eins ljósmóðurinni, manni finnst maður hafa vopn til að grípa til."

kristjanabjorg@frettabladid.is



Nicorette® QuickMist munnholsúðinn

virkar á 60 sek.

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette QuickMist munnholsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhvarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykingum er hætt.

2 pakkningastærðir: 1 stk. og 2 stk.

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

**Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn** (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanóli/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. **Skammtar:** Hætta skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem aldrei hafa reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða, eru með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á öndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2014-12-Q-1



www.hyundai.is
5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur
Opið í dag kl. 12–16
Hyundai i20
Nýr Hyundai i20
reddot award 2015
winner car design
Nýr Hyundai i20 hlýtur hin eftirsóttu RedDot hönnunarverðlaun!
Hyundai i20 var fyrir skömmu valinn best hannaði nýi bíllinn í sínum flokki 2015. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.
Komdu og kynntu þér nýjan Hyundai i20 Classic eða Comfort með sparneytinni bensín- eða dísilvél sem notar einungis 3,6 l/100 km í blönduðum akstri.
Nýr Hyundai i20 - Verð frá 2.450.000 kr.
ENNEMM / SÍA / NM68884
GE Bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090
HYUNDAI
Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200



PIPAR\TBWA · SÍA

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | S. 540 1700 | lykill.is | lykill@lykill.is

## Stærsti bílasýningarsalur landsins




**Hvort sem þú ert að hugsa um að kaupa eða leigja þá finnurðu bílinn á Lykill.is**

**Það hefur aldrei verið einfaldara að endurnýja bílinn!**

Lykill
fjármögnun

Lítil reisn yfir Sepp Blatter:

# Töfrum fótboltans ógnað

Svisslendingurinn Sepp Blatter rétt marði endurkjör í forsetastól Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, í skugga lögreglurannsókna sem snúast um peningaþvætti og mútur. Lítil reisn er yfir kappanum sem hefur verið höfuð fótboltans á uppgangstímum, sem sökum spillingar og græðgi gætu snúist upp í andhverfu sína. Þetta er háalvarlegt mál, sem snertir alla heimsbyggðina.

Enginn leikur nær álíka tökum á tilfinningum karlpeningsins og fótbolti. Í Súdan og Grímsnesinu geta karlar rætt smáatvik á vellinum, sem átti sér stað fyrir langalöngu, tímunum saman. Þeir deila um hvor var betri, þessi eða hinn, æsa sig, hækka róminn og tárast af einlægri hrifningu, líkt og listviðburður sé á ferð.



**Kristín Þorsteinsdóttir**
kristin@frettabladid.is

Vagga fótboltans er á Wembley í London. Þar er mikið safn, þar sem þrautþjálfaðir leiðsögumenn fræða gesti um sögu íþróttarinnar. Þeir hafa fyrir satt að dag hvern, að afloknum vinnudegi, fari fram funheitar umræður milli 300 þúsund karla á krám vítt og breitt um Bretland um markið umdeilda, sem tryggði Englendingum sigur í úrslitaleiknum gegn Þjóðverjum í heimsmeistarakeppninni 1966, umdeildasta mark sögunnar.

Geoff Hurst, landsliðsmaður Englendinga, skaut í slá og niður. Rifist er um hvort boltinn var á línu, fyrir innan eða utan. Markið var dæmt gilt og tryggði Englandi jafntefli að loknum venjulegum leiktíma og heimsmeistaratitil í æsispennandi framlengingu. Sumum þykir þetta ómerkilegt karp. En það er hroki að gera lítið úr daglegu umræðuefni 300 þúsund karla, þótt þeir hafi kneyfað nokkrar ölkönnur.

Heimsmeistarakeppnin 1966 var sú fyrsta sem sýnd var beint í sjónvarpi. Milljónir manna fylgdust með keppninni heima í stofu. Beinar útsendingar voru nýjar af nálinni. Nú á tímum Sepps Blatter fylgjast vel á annan milljarð manna með heimsmeistarakeppni í beinni útsendingu. Líklega skipta karlarnir tugum milljóna, sem núna í dag ræða einstök atvik í einstökum leikjum.

Fótboltamenn verða fyrirmyndir. Ruud Gullit og Frank Rijkard voru fyrir um aldarfjórðungi fyrstu þeldökku stjörnur hollenska landsliðsins. Sagt er að þeirra frammistaða á fótboltavelli hafi um tíma haft meiri áhrif á batnandi samskipti kynþátta í heimalandinu en nokkuð annað.

Í Afríkuríkinu Líberíu var um langt árabil háð blóðug borgarastyrjöld. Þaðan er knattspyrnumaðurinn George Weah. Hann lék lengst af á Ítalíu og var talinn sá besti í heiminum. Heima í Líberíu naut hann slíkrar hylli að dæmi voru um að á meðan beinar útsendingar fóru fram legðu stríðandi fylkingar niður vopn og fylgdust saman með goðinu á skjánum. Hvergi heyrðust skothvellir á meðan leikir fóru fram.

Nú stendur litla Ísland mögulega frammi fyrir því að verða merkur hluti af sögu fótboltans. Við eigum raunhæfa möguleika á að komast í lokakeppni Evrópumótsins í Frakklandi á næsta ári. Þar með yrðum við minnsta þjóðin til að ná slíkum árangri. Verra væri ef það merka afrek verður í skugga leiðindanna, sem nú skyggja á þessa töfrandi íþrótt.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




GUNNAR



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

## Íslensk kjötsúpa



Þjóðerniskenndin virðist nú vera í mikilli uppsveiflu á Íslandi. Menn tjá sig mikið um hina svokölluðu þjóðmenningu og vitna í söguna. Þetta er sérstaklega áberandi í pólitískri umræðu. Það er svo skrítið að umræðan snýst sjaldnast um það sem mér sjálfum finnst íslenskast af öllu; skáldagáfuna sjálfa og hina listrænu tjáningu. Það er ekki nógu áþreifanlegt. Íslensk þjóðmenning virðist að mestu leyti snúast um feitlagna menn sem sögðu eitthvað einu sinni, unnar kjötvörur og einhverja sérkennilega tegund af stærilæti.

Öllu eðlilegu er snúið á hvolf og það er ekki vatnið sem holar steininn heldur steinninn sem holar vatnið og það með hvellu skvampi. Viðkvæmni er aumingjaskapur og skáld eru liðleskjur sem ættu að hætta að skrifa sína gagnslausu vitleysu en fá sér frekar vinnu, helst í kjötvinnslu. Frekja og yfirgangur er talin dyggð. Blíða og kurteisi óþarfi. Af hverju að standa og bíða í röð eins og einhver hálfviti þegar maður getur svo auðveldlega troðið sér fram fyrir?

## Víkingar

Því er oft haldið fram að forfeður okkar hafi verið miklir víkingar. Það er ekki alveg rétt. Þótt nokkrir víkingar hafi slæðst hingað þá voru ungir bændasynir, þrælar og lúserar stofninn í því fólki sem nam land á Íslandi. Þótti lítil upphefð í því að búa eða vera frá Íslandi.

Við höfum helst Íslendingasögur sem heimildir um landnámið og þá sérstaklega Landnámu. Íslendingasögur eru þó ekki alveg traustar heimildir. Þeir sem skrifuðu þær skráðu þær eftir eldri munnlegum heimildum. Sögurnar eru litaðar af skáldlegum innblæstri og ýkjum. Þótt þær gefi sig út fyrir að segja frá sönnum atburðum þá virðist margt sett inn í þær í öðrum tilgangi en að vitna um sannleikann. Enginn veit almennilega af hverju þessar sögur voru skrifaðar. Að einhverju leyti hefur það verið gert í pólitískum tilgangi.

Fyrstu Íslendingunum var legið á hálsi fyrir að vera afkomendur þræla og illmenna. Þannig var það kallað til forna en í dag væri það líklega nefnt lúðar og aumingjar. Menn vildu gjarnan afsanna þetta með því að skrifa langar ættartölur sem gerðu þá að afkomendum höfðingja í Noregi. Líka var mikilvægt að tryggja sér lagalegan eignarrétt á landi. Litlar og fáar heimildir eru til um leiguliða og þræla. Sögurnar eru sagðar og skrifaðar um frekar fámenna yfirstétt og með hennar þarfir í huga. Margt er jafnvel hrein og klár lygi. Ég stórefast til dæmis um að Ingólfur Arnarson hafi nokkurn tíma verið til heldur búinn til, eins og margir aðrir, í áróðursskyni.

## No dogs no Irish!

Í Íslendingasögum er því jafnan haldið fram að við eigum allar okkar ættir að rekja til Noregs. Rannsóknir á erfðamengi okkar sýna hins vegar írskara blóð en áður var talið. Rannsóknir benda til að allt að þriðjungur landnámsfólks hafi verið frá Bretlandseyjum. Það virðast líka hafa aðallega verið konur. Það mætti leiða að því líkur að jafnvel meirihluti formæðra okkar hafi verið breskar.

Hinn gelíski arfur hefur þó glatast að mestu og lotið í lægra haldi fyrir þeim brennandi áhuga að gera okkur norsk. Það þótti fínt á meðan írskt þótti til skammar. Gert hefur verið lítið úr írskum áhrifum og þeim jafnvel eytt. Ég held að fordómarnir gegn rauðhærðu fólki hafi verið og séu jafnvel enn angi af þessu. Við rauðhausarnir erum lifandi sönnun um ætternið. Kannski varð hinn gelíski arfur líka undir vegna þess að hann var svo kvenlægur, hin mjúka og listræna kvenlega taug hafði ekki roð við hinni norsku, listalausu og praktísku frekju. Það er líka siður barbara að fara með listamenn sem aumingja.

Ég hallast að því að forfeður okkar hafi aðallega verið friðsamt og þenkjandi fólk sem var að flýja karlmennskubrjálæði og ribbaldahátt víkinganna. Hingað leitaði fólk friðsemdar og öryggis. Ég held að margt af þessu fólki hafi verið skáld. Skapandi fólk er sjaldnast slagsmálahundar. Því var Ísland kjörinn staður fyrir alls konar sveimhuga. Við erum sú þjóð sem hefur hvað hæst hlutfall af athyglisbresti og ofvirkni. Við erum listræn þjóð.

Ekki ná allir árangri. Það er algengt með kreatíft fólk að hneigjast til óreglu. Glæpamenn eru flestir með athyglisbrest og yfirgnæfandi hluti dæmdra manna framdi hinn glæpsamlega verknað undir áhrifum. Margir krimmar eru misskildir listamenn. Og nú þegar íslenskir stjórnmálamenn eru enn og aftur að endurskrifa Íslandssöguna sér í hag þá vil ég segja að ég er stoltur af því að vera Íslendingur og afkomandi írskra þræla og aumingja. Mér finnst löngu tímabært að þessi vanrækti hluti sögu okkar fái meiri athygli. Það er verðskuldað og ég held að við hefðum mjög gott af því sem þjóð. Það er í rauninni ekkert alíslenskt nema tungumálið. Það er íslensk þjóðmenning. Og það eru íslenskir vesalingar og aumingjar sem hafa haldið því við af því að þeir eru svo oft svona fólk sem finnst gaman að blaðra og segja sögur þangað til einhver æpir: „Þegiðu þarna auminginn þinn og farðu að vinna!“

Með von um góða helgi og alls konar fyrir aumingja!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




Fjör fyrir alla fjölskylduna á Sumarsýningu Kia

The Power to Surprise

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Stjórnarskráin – eitt skref í einu

STJÓRNARSKRÁ



**Stefán Jón Hafstein**
í hópi áhugafólks um sjálfbæra þróun og auðlindir í þjóðareign

Traust á valdamönnum og stjórnmálaflokkum mælist nú í réttu hlutfalli við árangur og efndir. Stjórnarskráin er dæmi um fórnarlamb þröngrar hagsmunagæslu og íhaldssemi allt frá lýðveldisstofnun og fram á þennan dag, þrátt fyrir að þetta grundvallarplagg um stjórnarfar og lýðréttindi hafi stöðugt verið í „endurskoðun“ sem enn stendur. Getur verið að þetta endalausa þrátefli hafi verið rofið með grein formanns Sjálfstæðisflokksins á dögunum þar sem hann leggur til endurbætur á mikilvægum atriðum sem kosið verði um samhliða næstu forsetakosningum að ári? Í þágu málstaðarins tel ég rétt að íhuga það.

### Auðlindaákvæði

Formaður Sjálfstæðisflokksins leggur til að sú stjórnarskrárnefnd sem nú starfar (enn ein) skili af sér tillögum í tæka tíð fyrir næsta vor og verði kosið um ákvæði um auðlindir í þjóðareign (sem hann segir engan ágreining um) og aukinn rétt almennings til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu og setja valdastofnunum skorður. Eins og ég rakti í grein í Fréttablaðinu fyrir stuttu hefur í raun og veru verið ágreiningur um skilgreininguna á hugtakinu um „þjóðareign“ á auðlindum og formaður Sjálfstæðisflokksins veit mætavel að þar beinast spjótin einkum að fólki í hans eigin röðum. Ekkert í grein hans bendir til að hann geri sér ekki grein fyrir raunverulegu inntaki málsins, að hugtakið „þjóðareign“ í stjórnarskrá verði að hafa merkingarbæran stuðning og skilgreiningu sem taki af vafa um eignarhald Íslendinga allra á sameiginlegum auðlindum og að þjóðin öll eigi að njóta arðs af þeim. Tvær auðlindanefndir hafa fjallað ítarlega um þennan þátt og flutningsmenn tillagna úr öllum flokkum hafa reynt að skapa um þetta naglfasta samstöðu – án árangurs og einkum vegna andstöðu í Sjálfstæðisflokknum.

Sama máli gegnir um ákvæði um aukinn rétt fólks til að sækja rétt sinn á hendur löggjafar- og framkvæmdavaldi. Útfærslan verður að hafa raunverulegt gildi svo ekki sé aðeins um orðin tóm að ræða. Þetta ræddi stjórnlagaráð í þaula og nægur efniviður er til staðar. Því má segja að um bæði þessi ákvæði hafi verið rætt ítarlega og vönduð vinna liggi fyrir sem geri þessari nýjustu stjórnarskrárnefnd verkið fremur létt.

### Trúverðugleiki formannsins?

Er útspil formanns Sjálfstæðisflokksins núna trúverðugt? Hann gerir sér trúlega manna best grein fyrir því að höfundur hugtaksins um „ómöguleika“ gagnvart eigin kosningaloforðum er fremur berskjaldaður – enda mátti sjá það af nánast ósjálfráðum viðbrögðum sumra þeirra sem vilja mun róttækari heildarbreytingar. Ég er í þeim hópi, en hér í liggur tækifæri. Til að ná fram mikilvægum breytingum sem skipta verulegu máli þurfa allir að gefa eftir. Ég kann að baka mér óvinsældir þeirra sem vilja „allt eða ekkert“, en þá leið tel ég ófæra af þessum sökum: Alþingi kaus að efna ekki loforð sitt í kjölfar Rannsóknarskýrslunnar og staðfesta nýja stjórnarskrá; það hélt tillögum stjórnlagaráðs í gíslingu á fyrra kjörtímabili og á þessu var svo enn einu sinni farin leiðin um „fleiri nefndir – engar efndir“. Sá glæpur er fullframinn. Það er von að fólk sé ekki móttækilegt fyrir málamiðlun. En ef tekst að ná fram markverðum breytingum í þá átt sem formaður Sjálfstæðisflokksins leggur til og fá þær staðfestar á næsta ári tel ég mikið unnið og áfangasigur í höfn. Betri er hálfur sigur en enginn.

### Leiðin skiptir máli

Í framhaldi af tillögu formanns Sjálfstæðisflokksins legg ég þetta til: Að stjórnarskrárnefndin ljúki tillögugerð um þessi ákvæði fyrir haustið og bjóði upp á almenna og skipulega umræðu víða um samfélagið um eðli og inntak þeirra breytinga sem lagt er upp með. Sérstaklega verði hugað að því að þeir sem sárast hafa verið leiknir síðustu misseri fái boð um að koma að borðinu og leggja gott til. Málinu verði hleypt út úr lokaðri nefndarstofu og sett á lýðræðislegan umræðuvettvang. Tillögur stjórnarskrárnefndar verði einmitt tillögur – til almennrar umræðu. Upp úr næstu áramótum verði búið að leysa úr og jafna ágreining ef hægt er og móta ákvæði sem þjóðin er reiðubúin að styðja af heilum hug. Takist það ekki, segir mér svo hugur að slíkt klúður verði hin endanlega grafskrift stjórnmálastéttarinnar eins og hún leggur sig. Allir hafa til mikils að vinna.




# Fólk og forgangsröðun

SAMFÉLAG



**Páll Valur Björnsson**
þingmaður Bjartrar framtíðar

Í vetur greindu fjölmiðlar frá því að nokkrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar væru að fá nýja bíla. Það er gott til þess að vita að við skulum vera nægilega rík í þessu landi til að í ríkissjóði finnist peningar sem duga fyrir góðum bílum fyrir ráðherrana okkar en samkvæmt fjölmiðlum kosta bílarnir á bilinu tíu til tuttugu milljónir króna hver.

Enginn heilvita maður efast um mikilvægi þess að ráðherrarnir séu vel akandi til að þeir geti sinnt sínum krefjandi störfum fyrir hönd og í þágu þjóðarinnar og geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Og ekki viljum við hafa þá á einhverjum skrjóðum því að þá gæti þeirra dýrmæti tími farið allt of mikið í að ýta í gang, skipta um dekk og bæta á leka vatnskassa.

Það er hins vegar mjög leitt til þess að vita að við skulum samt vera svo fátæk í þessu landi að það skuli ekki vera til peningar í ríkissjóðnum okkar til að reka félagslega túlkasjóðinn allt árið. Það þýðir aðeins eitt. Heyrnarskert fólk sem er háð þjónustu sjóðsins fer á mis við tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu og vera með okkur í leik og starfi. Þetta gengur fullkomlega gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks byggist á og samningurinn hefur að meginmarkmiði, þ.e.a.s „að fatlaðir geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar“, eins og þar segir.

### Ekki lúxus

Hér er því alls ekki um ölmusu eða góðverk eða lúxus ræða. Þetta snýst um grundvallarmannréttindi fólks til að vera ekki útilokað frá þátttöku í samfélaginu.

Og þó að ég telji æskilegt að ráðherrar okkar séu á vel gangfærum bílum en ekki á einhverjum bilanagjörnum skrjóðum ætla ég þó að gerast svo djarfur að fullyrða það hér að réttur þeirra til þess sé ekki tryggður í alþjóðlegum mannréttindasamningum.

Ég vil því hvetja hæstvirtan mennta- og menningarmálaráðherra til að lesa nú samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks vel yfir og taka þær skyldur sem þar eru á hann lagðar alvarlega. Ég hvet hann einnig til að kíkja svo í ríkiskassann okkar og sjá hvort hann getur ekki fundið þar svolitla peninga til að reka megi félagslega túlkasjóðinn þannig að sómi sé að og þannig að ekki verði brotin mannréttindi á fólki í okkar nafni.

Ef hæstvirtum ráðherra tækist þetta er ég viss um að hann myndi gleðja mikið allan almenning í þessu landi sem hann vinnur fyrir og sem á peningana sem geymdir eru í ríkiskassanum.

# Frelsi til tjáningar

MENNING



**Njörður Sigurjónsson**
dósent í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst



**Guðni Tómasson**
listsagnfræðingur

Feneyjatvíæringurinn á Ítalíu er um margt sérstakur viðburður í menningarsamskiptum þjóða heims, með yfir 100 ára sögu. Þar er þjóðríkjum boðið að senda fulltrúa sína til þess að sýna það helsta sem er að gerast í myndlist á hverjum tíma. Það þýðir ekki að listamaðurinn þurfi að hafa vegabréf frá því landi sem hann er fulltrúi fyrir en áhugaverð þróun hefur einmitt átt sér stað á síðustu áratugum þar sem þjóðir hafa einmitt valið listamenn frá öðrum stöðum og svæðum og grafið þannig undan hugmyndinni um ætlað þjóðerni listarinnar.

Nú bregður svo við að framlagi Íslands til 56. Feneyjatvíæringsins, sem er innsetning listamannsins Christophs Büchel í kirfilega „afhelguðu“ húsi í Cannaregiohverfinu í Feneyjum, hefur verið lokað. Ástæða lokunarinnar virðist vera hrein og bein ritskoðun en verkið rímar illa við kreddur stjórnmálamanna og skriffinna í Feneyjum.

Listaverkið, sem er moska, hefur vakið mikla jákvæða athygli í erlendum fjölmiðlum, og hafa einhverjir þekktustu listgagnrýnendur heims hlaðið það lofi. Verkið vekur upp spurningar um samskipti menningarheima og hver er velkominn hvar. Athyglin sem það hefur vakið, og öfgafull viðbrögð borgaryfirvalda í Feneyjum, undirstrika mikilvægi verksins – að það sé sýnt og um það sé talað. Þessi meinlausa innsetning er nefnilega listaverk í öllum venjulegum skilningi þess orðs og eins hefðbundið og þau gerast í samtímanum.

### Láti í sér heyra

Í ljósi atburða er einkar mikilvægt að mennta- og menningarmálaráðuneytið láti í sér heyra og vinni að því að framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins 2015 verði opið almenningi. Íslensk stjórnvöld verða að standa með rétti listamannsins til þess að tjá sig. Hvar eru einnig samtök myndlistarmanna og fjölmiðlamanna sem stundum standa svo einarðlega með málfrelsinu? Má ekki spyrja gagnrýnna spurninga um það hvernig ólíkir menningarheimar takast á í samtímanum og benda á það hvernig hægt er að auka skilning og samhygð milli manna?

Látum það ekki spyrjast út að við látum slíkt óréttlæti og forneskjulegt afturhald yfir okkur ganga. Verjum tjáningarfrelsi listamanna og Moskuna í Feneyjum.

# Stattu með taugakerfinu

HEILBRIGÐISMÁL



**Auður Guðjónsdóttir**
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands

Allt frá því að ég áttaði mig á hversu alvarlega alþjóðlegt taugavísindasvið þarfnast pólitískrar aðstoðar frá alþjóðasamfélaginu hefur mér fundist það kjörið verkefni fyrir litla Ísland að beita áhrifum sínum á alþjóðavísu taugakerfinu til framdráttar. Íslensk stjórnvöld hafa orðið við beiðni minni þar að lútandi og eiga heiðurinn af því að ráðherranefnd Norðurlandaráðs hefur nú samþykkt að gera mænuskaða að einu forgangsverkefna sinna. Árangur þessi sýnir að smáþjóð eins og Ísland getur haft frumkvæði að því að koma mikilvægum málum í farveg á alþjóðavísu, sé hvergi hvikað. Nú þurfum við Íslendingar að halda áfram að standa með taugakerfinu og gera mannkyninu með því mikinn greiða. Við þurfum að ná taugakerfinu inn sem sjálfstæðu þróunarmarkmiði hjá Sameinuðu þjóðunum í september næstkomandi. Að fá taugakerfið sem þróunarmarkmið myndi varpa alþjóðaathygli á vanda þess og auka fjármagn til vísindasviðsins í kjölfarið. Stjórnvöld hafa undanfarið unnið að málinu á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða en segja róðurinn þungan. Ef þau gætu beitt sér á þeim forsendum að íslenska þjóðin geri ríkar kröfur til þess að þjóðir heims hrindi úr vör alþjóðlegu átaki til aukins skilnings á virkni taugakerfisins gæti það gert gæfumuninn. Oft er það grasrótin sem nær lengst.

Vegna þessa biðja SEM samtökin, MND félagið, MS félagið, Geðhjálp, Parkinson félagið, Lauf, félag flogaveikra, Mænuskaðastofnun Íslands og Heilaheill Íslendinga um að standa með taugakerfinu og rita nöfn sín til stuðnings átakinu á vefsíðunni taugakerfid.is. Allt er í húfi fyrir taugakerfið því að næstu þróunarmarkmið verða ekki sett fyrr en árið 2030. Svo lengi getur taugakerfið ekki beðið eftir að átak verði gert í því.





# KÚBA

## 23. - 30. nóvember




### HAVANA

7 nætur

Verð frá **276.900** kr.*

og **12.500** Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í herbergi með morgunverði
á hótel Nacional.
Verð án vildarpunkta 286.900 kr.




### HAVANA / VARADERO

4 nætur í Havana og 3 nætur í Varadero

Verð frá **269.900** kr.*

og **12.500** Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í herbergi með morgunverði
á hótel Nacional í 4 nætur og á hótel Melia
Varadero í 3 nætur með öllu inniföldu.
Verð án vildarpunkta 279.900 kr.

Innifalið: Flug, gisting skv. ofangreindu og íslensk fararstjórn. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 2.500 króna bókunargjald. * Upplýsingar um hvað er innifalið í sérferðum er að finna á vita.is

Flogið með Icelandair

Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

vita

VITA er lífið



**Saga Garðarsdóttir leikkona**

### Afmælisgjafaleit

Ég er að fara að sýna seinustu sýningarnar af Svörtum fjöðrum í Þjóðleikhúsinu. Svo ætla ég að eiga unaðsstund með móður minni þar sem við drekkum te og tölum illa um ríkisstjórnina og að lokum finna afmælisgjöf handa kærastanum mínum. Allar ábendingar eru vel þegnar í pm.



**Hildur Sverrisdóttir varaborgarfulltrúi**

### Kærkomið vinkonufrí

Ég mun eyða helginni með MH-stelpunum mínum. Við ætlum að fara í sumarbústað, hanga í heita pottinum, elda lambalæri, fara á trúnó, spila, drekka rauðvín og skoða gömul myndaalbúm. Aldeilis löngu tímabært og kærkomið.



**Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari**

### Sér helgarfrí í hillingum

Ég ætla að vera syngjandi úti um alla Reykjavík þessa helgina. Helgin fer eiginlega bara alveg í það og ekki tími fyrir annað, hvorki á laugardag né sunnudag. Ég sem ætlaði að taka mér frí. Það bíður bara betri tíma.



**Hermundur Rósinkranz talnaspekingur**

### Nærir golfbakteríuna

Ég ætla að spila golf um helgina, ég hef þessa svokallaða golfbakteríu sem ég smitaðist af fyrir um sex árum og hef ekki með nokkru móti losnað við þessa dásamlegu bakteríu, en þess á milli ætla ég að hafa það náðugt. heima.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**OG NJÓTTU LISTAHÁTÍÐAR** sem er í fullum gangi um allan bæ alla helgina. Nánari upplýsingar á listahatid.is



**Á ÞRÖNGSKÍFUNA CIRCLES,** sem hljómsveitin Vök gaf út í síðustu viku.



**BLÁTT BLÓÐ** eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur sem fjallar um reynslu höfundar af ófrjósemi.



**Á WORDS AND PICTURES** klukkan 19.40 á Stöð 2 í kvöld með Clive Owen og Juliette Binoche í aðalhlutverkum.



**PRJÓNAKAFFI** Einn hluti af Félagsstarfinu er Prjónakaffið. Þá hittast fimmtíu konur og taka til prjónanna. Hér fremstar í flokki eru Jóna, Sigrún og Ása Hildur sem munu vera með handverk sitt til sölu á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

# Markaður handverkskvenna

Á lokadegi vorsýningar Félagsstarfsins í Gerðubergi verður sannkölluð markaðsstemning í loftinu.

Sannkölluð markaðsstemning mun ríkja í Gerðubergi á morgun þegar handverkskonur bjóða fólki að kaupa alls kyns vörur; prjónaðar flíkur, hekluð listaverk, skartgripi og málverk.

„Þetta er lokadagur vorsýningar Félagsstarfsins en hjá okkur starfa fjölbreyttir handverkshópar. Á vorsýningunni má meðal annars sjá bókband, bútasaum, gler, postulínsmálun, tálgun og útskurð og eru sýnendur yfir níutíu talsins," segir Anna Kristín Bjarnadóttir, umsjónarmaður Félagsstarfsins.

Anna Kristín segir Félagsstarfið vera mikilvægan þátt í daglegu lífi fjölmargra borgarbúa en starfið er öllum opið óháð aldri. Fólk kemur víða að til að taka þátt og því er starfið ekki bundið við Breiðholtsbúa. Eftir mikla frjósemi og framleiðni eftir skemmtilegan vetur er haldin sýning á hverju ári. „Sýningin er okkar uppskeruhátíð og svo hafa nokkrir kosið að bjóða sitt verk til sölu á morgun á markaðnum."

**Hvað? Handverksmarkaður / Vorsýning Félagsstarfsins í Gerðubergi.**
**Hvar? Gerðuberg í Breiðholti.**
**Hvenær? Sýningin er opin í dag og á morgun kl. 13-16. Markaðurinn verður klukkan 14-16 á morgun, sunnudag.**



➔ Á vorsýningunni má meðal annars sjá bókband, bútasaum, gler, postulínsmálun, tálgun og útskurð.

**TRÉKALLAR** Þessir fínu trékallar verða meðal annars til sýnis í Gerðubergi um helgina.

# Hollir hafraklattar til að narta í milli mála

Ásthildur Björnsdóttir matarbloggari hefur gífurlegan áhuga á hollum mat og gefur uppskrift að millimáli.

Á matarsíðunni Matur Milli Mála má finna holla og einfalda uppskrift að hafraklöttum.

Ásthildur Björnsdóttir er konan að baki síðunni en hún er hjúkrunarfræðingur, einkaþjálfari og heilsumarkþjálfi með mikinn áhuga á hollu millimáli. Þessir klattar eru góðir með laugardagskaffinu en langbestir með ískaldri mjólk!

- 2 vel þroskaðir bananar, stappaðir
- 1 stórt epli, rifið niður
- 3-4 bollar haframjöl
- 2 egg
- 2 msk. kanill
- 2 msk. chiafræ
- 3 msk. kókosmjöl
- ¼-½ bolli möndlumjólk (rétt til að bleyta í deiginu)
- Hreint hunang eftir smekk (sett á klattana þegar þeir eru búnir að bakast)

Öllu blandað vel saman. Deigið þarf að vera þannig að þú getir mótað litlar kúlur og flatt þær út á bökunarplötunni. Ef deigið er of þurrt bættu við meiri mjólk, ef það er of blautt bættu við meira haframjöli. Bakað í ofni í um 15 mínútur við 200 gráður.
Þegar yfirborðið er orðið þurrt taktu þá klattana út úr ofninum og settu pínu hunang yfir hvern og einn klatta, magn fer eftir smekk.
Klattarnir settir aftur inn í ofn og bakaðir í nokkrar mínútur í viðbót.



**LJÚFFENGIR** Hafraklattarnir eru með bönunum, eplum og chiafræjum. MYND/MATURMILLIMÁLA




**LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR**
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | OPNUNARTÍMI |
|---|---|---|
| Fiskislóð 1 | Tryggvabraut 1–3 | Mán.–fös. 10–18 |
| Sími 580 8500 | Sími 460 3630 | Lau. 10–16 |

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

**VESTA** tungusófi



Ljós- og dökkgrárr slitsterkt áklæði.
Stærð: 295 x160 H: 80 cm

Sumar ÚTSALA
**279.990**
FULLT VERÐ: 399.990 KRÓNUR

**KENYA** hægindastóll

Sumar ÚTSALA
**39.990**
FULLT VERÐ: 49.990 KRÓNUR

Slitsterkt áklæði, margir litir.



**ECKMAN** HORNSÓFI 2H2 – ***TILVALINN Í BÚSTAÐINN***



Svart bonded leður.
Stærð: 233 x 233 H:90

Sumar ÚTSALA
**188.990**
FULLT VERÐ: 269.990 KRÓNUR

**GALAXY** barstóll



Sumar ÚTSALA
**11.995**
FULLT VERÐ: 23.990 KRÓNUR

**STANFORD** svefnsófi með tungu



Sumar ÚTSALA
**109.990**
FULLT VERÐ: 179.990 KRÓNUR



Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Stærð: 244 x 165 x H: 86 cm.

LA-Z-BOY®

Sumar ÚTSALA
**125.993**
FULLT VERÐ: 179.990 KRÓNUR



**PINNACLE** La-z-boy stóll.
Svart og brúnt leður. Stærð: B:80 D:85 H:104 cm.

## ALLIR DÚKAR – 40% AFSLÁTTUR – MIKIÐ ÚRVAL



Sumar ÚTSALA
DÚKAR **40%** AFSLÁTTUR

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

Í FULLU FJÖRI!

# Sumar ÚTSALA

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

**MARS&MORE** púðar



MIKIÐ ÚRVAL – 50% AFSLÁTTUR

Sumar ÚTSALA
FRÁ 2.495
FULLT VERÐ FRÁ: 4.990 KR.

HÚSGAGNAHÖLLIN

**IVV** skálasett
30% AFSLÁTTUR



Sumar ÚTSALA
11.193
FULLT VERÐ: 15.990 KRÓNUR

Glerskálar í setti
með sex mismunandi litum.

OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100



**Í EYJUM** Sagan hófst í Vestmannaeyjum. Jóhanna Ýr vissi af hjónum sem þráðu að eignast barn og þá fann hún lausn á sínum vanda. MYND/GUÐBJÖRG GUÐMANNSDÓTTIR

# Valdi foreldra fyrir dóttur sína

**Jóhanna Ýr Jónsdóttir** ákvað að gefa barn sitt til ættleiðingar til að gefa bæði sér, barninu og barni sem hún átti fyrir betri möguleika á bjartri framtíð. Í dag er stúlkan, Margrét Arnardóttir, orðin tvítug. Þær hafa alltaf þekkst en aldrei litið á sig sem mæðgur. Ákvörðun Jóhönnu Ýrar hefur snert líf margra og sagan einkennist fyrst og fremst af þakklæti og virðingu.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is



Fyrir tuttugu árum var Jóhanna Ýr tvítug, einstæð móðir sem vann á flæðilínunni í frystihúsi í Vestmannaeyjum. Hún hafði hætt í framhaldsskóla þegar hún varð ólétt að fyrsta barni sínu sautján ára gömul. Svo komst hún að því að hún væri aftur ólétt.

„Ég hafði átt í stuttu sambandi við yndislegan strák. En við vorum hætt saman þegar ég komst að því að ég væri ólétt. Ég var ein með þriggja ára stelpu og stóð frammi fyrir því að festast í þeirri gryfju að vera einstæð og ómenntuð í félagslegri íbúð það sem eftir er. Það fannst mér ekki góð örlög fyrir mig, ófædda barnið eða litla barnið sem ég átti þegar.“

Jóhönnu Ýri hafði alltaf langað til að mennta sig og hún vissi að hún hefði alla burði í það. Aftur á móti var erfitt að klára stúdentinn með ábyrgð á litlu barni og mánaðarlegum reikningum. Það var henni því mikið áfall að komast að því að hún ætti von á öðru barni.

„Ég hafði hugsað um ættleiðingu en þorði ekki að segja það upphátt. Ég þekkti engan sem hafði gert það og fannst það svo óraunveruleg hugmynd. Svo viðraði frænka mín þetta við mig og systir mín kom inn í samtalið líka. Vinafólk hennar hafði nefnilega lengi reynt að eignast barn án árangurs og voru farin að íhuga ættleiðingu. Þegar ég labba heim eftir þessa heimsókn til frænku minnar, leiðandi litlu stelpuna mína sem trallaði kát og glöð við hliðina á mér, varð ættleiðing að raunverulegri kosti. Ég tók þessa ákvörðun fyrir okkur þrjár. Annars hefðu framtíðarmöguleikar okkar allra verið niðurnjörvaðir og svo takmarkaðir. Eigingjarna leiðin hefði verið að halda barninu, það hefði verið auðveldast fyrir mig. Þannig að mér fannst ég verða að bíta á jaxlinn og skapa svigrúm fyrir okkur allar, til að eiga möguleika á einhverju meira og stærra í lífinu.“

## Gátu ekki búið í sama bæ

Jóhanna Ýr hafði alltaf þekkt til þessara vinahjóna systur sinnar og vissi að þau væru gott fólk. Fyrsta skrefið var að Jóhanna fór í heimsókn til þeirra. Það var stutt að fara enda bjuggu þau í litla samfélaginu úti í Eyjum eins og Jóhanna Ýr.

„Þetta var undarlegasta heimsókn sem ég hef farið í. Ég sat þarna með kaffibollann minn og vissi ekki hvernig ég ætti að byrja þetta samtal. „Viljið þið fá barnið mitt?“ En svo gekk þetta mjög vel og fyrsta skilyrðið sem ég setti var að þau myndu flytja frá Eyjum, því ég hafði hugsað mér að búa þar áfram. Þá kom í ljós að þau vildu það gjarnan. Á meðgöngunni gekk síðan allt upp hjá þeim, atvinna og húsnæði, og þau fluttu af eyjunni.“

Eftir að ákvörðun var tekin fór Jóhanna Ýr að kynna sér framkvæmdina.

„Það var skrýtin upplifun að hringja í dómsmálaráðuneytið og spyrja við hvern ég ætti að tala ef ég vildi gefa barn mitt til ættleiðingar. Það kom fát á alla, mér var vísað áfram og áfram. Regluverkið varð bara eitt stórt spurningamerki. Ég vissi að það væri réttur minn að velja foreldrana sjálf en það fór allt í keng í ráðuneytinu og starfsmenn töluðu um langa biðlista. En fyrir mér kom það málinu ekkert við. Þegar ég lít til baka þá finnst mér ótrúlegt hvað tvítuga ég var hörð. Ég sendi ráðuneytinu bara puttann og stóð fast á mínu. Ég var búin að velja foreldra fyrir barnið mitt.“

## Langaði að sjá litlu tásurnar

Ákvörðunin var tekin snemma á meðgöngunni og því fóru næstu mánuðir hjá Jóhönnu Ýri í að aftengja. Hún fékk að vita kynið til að segja kjörforeldrunum frá því. Þegar hún fann fyrsta sparkið hringdi hún strax í þau. Það að líta á barnið strax sem þeirra, var leið Jóhönnu til að aftengja sig.

„Ég ákvað svo snemma og af heilum hug að þetta væri ekki mitt barn og það yrði það aldrei. Ég upplifði mig nánast eins og staðgöngumóður. En auðvitað var þetta erfitt enda eru þetta svo ógurlega flóknar tilfinningar. Ég vildi þetta, ég valdi þetta – en þetta var samt svo sárt. Þetta var svakaleg togstreita. En ég byrjaði svo hjá Jónu Hrönn presti í viðtalsmeðferð, það bjargaði mér alveg og Guðný Bjarnadóttir, ljósmóðir hér í Eyjum, hélt líka vel utan um mig.“

Jóhanna gekk tvær vikur fram yfir settan fæðingardag. Hún var með látlausa fyrirvaraverki og það tók hana algjörlega á taugum.

„Ég kveið svo fæðingunni og mómentinu þegar ég myndi gefa hana frá mér. Þannig að ég stressaðist upp í hvert skipti sem ég hélt að ég væri að fara af stað í fæðingu. En það var búið að undirbúa þetta mjög vel og fæðingin gekk síðan eins og í sögu. Um leið og Margrét fæddist var hún tekin fram á meðan það var verið að sinna mér. Hún átti ekki að liggja í vöggu við hliðina á mér eins og vaninn var. Síðan var komið með hana til mín fullklædda. Það var það eina sem angraði mig eftir á, því ég hafði hlakkað svo til að sjá litlu tásurnar hennar en þorði síðan ekki að biðja um það. Ég fékk svo að halda á henni og eftir það sat Jóna Hrönn hjá mér með Margréti í fanginu og bað. Það var ofboðslega falleg stund. Barnsfaðir minn kom og fékk að sjá hana og halda á henni. Að því loknu var hringt í kjörforeldrana.“

## Var með henni í fjóra tíma

Kjörforeldrarnir tóku flug samstundis og komu til Eyja. Jóhanna Ýr var meðvituð um að sýna engan eignarrétt á litla barninu.

„Ég var spurð hvort ég vildi ekki halda á henni þegar þau kæmu inn í stofuna. En það fannst mér ekki passa. Svo komu þau, nýbakaðir foreldrarnir, og fengu að halda á henni og dást að henni. Þá fann ég að ég var alveg búin á því þannig að fljótlega fóru þau með hana til Selfoss. Það var strax reynt að slökkva á þessum móðurhluta með því að reyra á mér brjóstin og gefa mér þurrkutöflur. Svo kom Heba, dóttir mín, til mín seinnipartinn og þá fór ég næstum að hágráta. Hún labbaði inn, ýtti á magann og spurði: „Hvar er barnið?“ Þetta var ótrúlega erfitt en um leið fékk ég móðurlega útrás með því að knúsa hana og hafa hana hjá mér. Svo þekkti ég eina konu sem lá sængurleguna um leið og ég. Ég bað ljósmóðurina um að spyrja hana hvort ég mætti halda á nýfædda barninu hennar af því að ég var svo hrædd um að þetta væri eins og að detta af hestbaki og ég myndi forðast lítil börn það sem eftir er.“

Jóhanna Ýr hafði byrjað í framhaldsskóla á meðgöngunni og stuttu eftir fæðinguna fór hún aftur í skólann – og bar þar höfuðið hátt. Vissulega kvisaðist saga hennar út um alla eyjuna á stuttum tíma en hún upplifði það ekki á neikvæðan hátt, heldur með hlýju.

> **Ég sat þarna með kaffibollann minn og vissi ekki hvernig ég ætti að byrja þetta samtal. „Viljið þið fá barnið mitt?“**
>
> *Jóhanna*

„Ég fann augngoturnar en mér var alveg sama. Ég var að þessu fyrir Hebu. Svo útskrifaðist ég þremur árum seinna og var ekki lítið stolt af stúdentsprófinu. Ég þurfti að vera í aukavinnum með náminu og þetta var strembið. En ég þurfti að gefa barnið mitt út af aðstæðum mínum, hvað er meira spark í rassinn? Ég bara beit fast á jaxlinn,“ segir Jóhanna sem hefur bætt við sig þremur háskólagráðum síðan þá og skoðar þessa dagana doktorsnám í sagnfræði. Hún hefur fyrir löngu náð markmiði sínu að gera eitthvað úr sjálfri sér, hefur unnið sem safnstjóri, gert heimildarmynd og myndband um einhverfu sem sýnt er í grunnskólum. Í dag starfar hún sem bæjarfulltrúi.

## Svo stolt af henni

Fyrstu árin voru öll helstu samskipti Jóhönnu við kjörforeldrana í gegnum systur hennar sem fékk fréttir af barninu reglulega. Hún sagði Jóhönnu aldrei fréttirnar að fyrra bragði heldur var tilbúin til svars ef Jóhanna spurði. Þannig gat Jóhanna varist fregna ef hún átti erfiða daga. Hún segist vera fegin að þetta var fyrir tíma internetsins þannig að hún þurfti ekki að vera með barnamyndir á Facebook fyrir framan sig í tíma og ótíma. ▶

# Kilja fyrir þig!




**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**
Heildarlisti

★★★★

„Ein eftirminnilegasta skáldsaga Jo Nesbø."
Kristjana Guðbrandsdóttir / Fréttablaðið

**2.**
**Metsölulisti Eymundsson**
Kiljulisti




„... gríðarlega skemmtileg saga ..."
Aftenposten

**3.**
**Metsölulisti Eymundsson**
Kiljulisti




★★★★

„Jack Reacher er konungur konunganna, töffari töffaranna ..."
Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



**BEIT Á JAXLINN** Jóhönnu Ýri fannst aðstæður sínar ekki bjóða upp á annað barn. Eftir að Margrét fæddist menntaði hún sig og bjó sér til betri framtíð. MYND/GUÐBJÖRG GUÐMANNSDÓTTIR

**Þegar hún var yngri fékk ég þrá til að snerta hana, knúsa eða halda á henni í fanginu. En það gerir maður ekki og það var erfitt að standast það.**

„Hjónin sem ættleiddu hana eru svo yndisleg og samskiptin hafa alltaf verið góð. Til dæmis uppgötvaði ég stuttu eftir fæðinguna að það hafði gleymst að taka mynd af mér með Margréti þegar hún var nýfædd. Ég sá svo hrikalega eftir því, því mig langaði að eiga mynd af okkur saman – þessar tíu mínútur sem hún var mín. Þannig að ég hafði samband og spurði hvort ég mætti koma og láta taka mynd af mér með henni. Lagalega séð hafði ég níutíu daga til að skipta um skoðun og taka hana aftur. Þetta var innan þess ramma. Þau buðu mig samt hjartanlega velkomna til sín án þess að hafa nokkra skyldu til þess og hafa rétt til að neita mér. Þau vissu samt ekkert um mitt ástand og hvort hætta væri á því að ég myndi hætta við. En þetta sýnir að þau ætluðu ekki að sporna gegn því, ef mér myndi snúast hugur. Þau fóru í þetta ferli af heilum hug og þetta sýndi mér að ég hafði valið rétt.“

Næstu árin hitti Jóhanna Ýr Margréti og fjölskyldu hennar innan skynsamlegra marka. Í gegnum tíðina hafa fjölskyldurnar verið í vinasambandi, farið í heimsóknir og verið viðstaddar stóra viðburði í lífi hvor annarrar. Foreldrar Margrétar líta á börn Jóhönnu Ýrar eins og ská-barnabörn og Jóhönnu Ýri þykir óskөp vænt um systkini Margrétar – sérstaklega systur hennar sem fæddist eingöngu sjö mánuðum eftir að Margrét fæddist. „Mér finnst ég alltaf eiga smá í henni líka. Þær eru svona dúó, koma í pakka,“ segir Jóhanna hlæjandi en viðurkennir svo að það sé þó alltaf svolítið sárt að hitta Margréti en það hafi þó lagast mikið eftir að hún varð eldri.

„Þegar hún var yngri fékk ég þrá til að snerta hana, knúsa eða halda á henni í fanginu. En það gerir maður ekki og það var erfitt að standast það. En nú þegar hún er orðin fullorðin manneskja er þetta auðveldara og við spjöllum mikið saman. Ég fæ auðvitað móðurlegar tilfinningar og er ótrúlega stolt af henni. En ég spyr sjálfa mig hversu mikið ég má eigna genunum þetta og hve mikið þetta er uppeldið. Svo finnst mörgum við vera líkar, bæði í útliti og í okkur, og ég viðurkenni að það er pínu kikk og mjög gaman. En stundum líka svolítið sárt. Annars geri ég mér fullkomlega grein fyrir að mínar tilfinningar gagnvart henni eru mun sterkari en tilfinningar hennar gagnvart mér. Ég á börn og veit hverju ég missti af. Hún á yndislega foreldra og hefur mig sem svona extra.“

**Systir „í viðbót“**

Jóhanna Ýr hefur aldrei falið þessa reynslu. Hún kynntist síðar eiginmanni sínum og eignuðust þau tvö börn saman. Þegar hún er spurð hvað hún eigi mörg börn, svarar hún að hún eigi fjögur.

„Ég get ekki sleppt henni. Mér finnst það ekki í lagi. Ef fólk spyr út í fjórða barnið sem býr ekki hjá mér þá svara ég því heiðarlega ef tími gefst. Ég hef ekkert að fela og þegar það eru engin leyndarmál þá er engin skömm. Eins er með börnin mín. Elsta dóttir mín hefur alltaf vitað þetta, ég geri mér grein fyrir að ég aðskildi þær systurnar en dóttir mín hefur alltaf sýnt þessu mikinn skilning. Yngri börnin fengu að vita þetta mjög ung. Þegar sonur minn var fjögurra ára var fjölskyldan á leiðinni í heimsókn og mér fannst ég verða að útskýra fyrir honum hver Margrét væri. Ég sagði honum að hann ætti eina systur í viðbót. Í nokkur ár kallaði hann Margréti „systur sína í viðbót“,“ segir Jóhanna Ýr og skellihlær. „Þegar börnin finna að allt sé eðlilegt og maður leyfir þeim að spyrja spurninga þá verður þetta ekkert vandamál.“

Jóhanna Ýr hefur aldrei séð eftir því að hafa gefið Margréti til ættleiðingar. Reynslan hefur þó verið ljúfsár.

„Það rættist svo vel úr öllu og ég fæ oft staðfestingu á því að þetta var rétt ákvörðun. Og þegar sársaukinn er sem verstur er það ekki eftirsjá, heldur svona sársaukafleiði. Ég vissi innst inni að þetta væri það langbesta fyrir okkur allar þrjár og er þakklát fyrir að hafa hlustað á innsæið.“

# Finnst gaman að segja söguna sína

**Margrét Arnardóttir** segir það ekkert leyndarmál að hún sé ættleidd og það sé öllum ljóst sem þekkja hana. Í kringum fæðingu hennar komst mamma hennar að því að hún væri barnshafandi og því á hún systur sem er sjö mánuðum yngri.

Margrét hefur alltaf vitað að hún er ættleidd enda hefur það aldrei verið falið fyrir henni.

„Mér var líka alltaf sagt að ég ætti mörg systkini. Þau voru alltaf kölluð það, börnin hennar Jóhönnu – systkini mín. Þannig að ég tel þau alltaf með þegar ég er spurð hvað ég eigi mörg systkini. Mér þykir mjög vænt um það.“

Margrét á albúm með myndum frá því hún var nýfædd. Þar er til dæmis mynd þegar mamma hennar og pabbi koma á fæðingardeildina til að sjá hana í fyrsta skipti, fjórum tímum eftir að hún er fædd. Foreldrar hennar hafa einnig verið duglegir að segja henni söguna hennar og hvernig það kom til að hún varð dóttir þeirra. Þar sem ættleiðingin hefur alltaf verið eðlilegur hluti af lífi Margrétar hefur henni aldrei þótt erfitt að segja frá því.

„Það vissu allir í bekknum í grunnskóla að ég væri ættleidd. Ég kynni mig ekkert sem Margréti sem er ættleidd en um leið og fólk kynnist mér segi ég frá því. Mér finnst gaman að segja þessa sögu.“

Það sést á myndum að mikill svipur er með Margréti og Jóhönnu. Þær eru einnig með afar líka rödd. Margrét segist þó aldrei hafa pælt mikið í því hvort hún sé lík Jóhönnu, ekki fyrr en í seinni tíð.

„Ég sé að ég er að líkjast henni meira með árunum. Annars finnst mér ég mjög lík mömmu, ég er með mikið af töktum frá henni og fólk kemur gjarnan með athugasemdir um að við séum líkar.“

Sjö mánuðum eftir að Margrét fæddist eignaðist hún systur. Foreldrar Margrétar höfðu reynt að eignast barn í langan tíma og um það bil þegar Margrét fæddist komust þau að því að þau ættu von á öðru barni.

„Maður hefur heyrt dæmi um að fólk fái sér hund eða ættleiði og takist þá að eignast barn. Eins og það losni einhver spenna. Kannski var það tilfellið hjá mömmu og pabba – þau allavega fengu hálfgerða tvíbura. Við erum nefnilega jafn gamlar á sumrin. Hún er fædd í maí og ég í október. Við vorum oft spurðar hvort við værum tvíburar þegar við vorum yngri. Við svöruðum neitandi. Svo var spurt hvað við værum gamlar og við sögðum sama aldur,“ segir Margrét hlæjandi og segir fólk oft hafa orðið afar ringlað. „Við erum að minnsta kosti mjög nánar systur, við erum bestu vinkonur.“

Margrét á einnig eldri bróður sem foreldrar hennar áttu töluvert áður en þau eignuðust hana og svo systkinahóp úti í Eyjum.

„Þau eru hópurinn minn. Svo á Jóhanna eldri stelpu sem ég hef alltaf litið upp til. Hún er svona stóra systir mín, í mínum augum. Svo er mjög gaman að eiga lítil systkini.“

Margrét tekur undir orð Jóhönnu um að það hafi alltaf verið eðlileg og falleg samskipti á milli fjölskyldnanna. Margrét segir þau vera vinafjölskyldur með tvisti.

„Það er aldrei neitt vandræðalegt að hittast og krakkarnir hennar Jóhönnu hafa komið í pössun til okkar og hún hefur komið til að passa okkur. Ég hef verið spurð hvort ég kalli hana mömmu en það er einfalt svar við því. Hún er ekki mamma mín en hún er kynmóðir mín. Þetta hefur aldrei verið mér erfitt en ég skal þó viðurkenna að þegar ég var á hápunkti hormóna á unglingsárunum þá fór ég að ímynda mér hvernig lífið væri ef þetta hefði farið öðruvísi. En ég var samt svo rosalega þakklát á sama tíma fyrir að hafa alist upp hjá foreldrum mínum. Ég á svo frábært eintak af foreldrum.“

**Ég hef verið spurð hvort ég kalli hana mömmu en það er einfalt svar við því. Hún er ekki mamma mín en hún er kynmóðir mín.**



**LÍKIST JÓHÖNNU MEÐ ÁRUNUM** Margrét segist vera bæði lík kynmóður sinni og mömmu. MYND/GUÐBJÖRG GUÐMANNSDÓTTIR



**FYRSTA MYNDIN** Jóhanna og Heba dóttir hennar fengu að koma í heimsókn og taka mynd af sér með Margréti nýfæddri.



**SYSTKINAHÓPUR** Margrét segist alltaf hafa kallað börn Jóhönnu systkini sín. Hér eru Margrét, Gísli Hrafn, Sigrún Ýr og Heba á góðri stundu.

## → Frumættleiðingar

- Afar sjaldgæft er að börn séu gefin til frumættleiðingar á Íslandi.
- Fagaðilar í málaflokknum eru sammála um að mögulegar ástæður séu lítið samfélag og sterkt velferðarkerfi.
- 194 íslensk börn voru aftur á móti í varanlegu fóstri árið 2014. Börn fara yfirleitt í fóstur vegna félagslegra vandamála og sjaldnast með samþykki foreldra.
- Börn eru ekki ættleidd nema samþykki foreldra liggi fyrir.

**10** íslensk börn sem voru innan við eins árs voru gefin til ættleiðingar árunum 2000-2013.

*Samkvæmt Hagstofu Íslands*







## Keilir býður uppá spennandi háskólanám

Keilir hefur tekið frumkvæðið að nýstárlegu og spennandi háskólanámi. Við bjóðum vandað háskólanám (BSc gráðu) í tæknifræði á vegum Háskóla Íslands og á vettvangi Keilis, bæði í Orku- og umhverfistæknifræði og Mekatróník hátæknifræði. Með samstarfi við Thompson Rivers University í Kanada bjóðum við átta mánaða Leiðsögunám í ævintýraferðamennsku á háskólastigi sem kennt er á mögnuðum stöðum í íslenskri náttúru! Kynntu þér háskólanám Keilis.

**Sæktu um strax á keilir.net**

**Keilir**
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

# Djúpstæð og varanleg vinátta

**Sigurður Sigurjónsson** og **Theodór Júlíusson** fara með aðalhlutverk í kvikmyndinni Hrútar sem var frumsýnd í vikunni við gríðarlega góðar undirtektir. Þeir segja vinnuna við tökur í hinum fagra Bárðardal hafa verið góðan tíma með góðu fólki í sveitinni og að eftir standi ekki aðeins falleg kvikmynd heldur einnig ómetanleg vinátta og góðar minningar.



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is




**LEIKBRÆÐUR** Sigurður Sigurjónsson og Theodór Júlíusson bundust miklum vinaböndum við tökur á Hrútum norður í Bárðardal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikararnir og náttúrubörnin Sigurður Sigurjónsson og Theodór Júlíusson fara á kostum í kvikmyndinni Hrútar. Þar eru þeir félagar í hlutverki bræðra sem talast ekki við en búa hvor í sínu húsinu á sama bænum í Bárðardal, stunda sauðfjárrækt af ástríðu og lifa einir með sjálfum sér.

Báðir eiga þeir Siggi og Teddi, eins og þeir eru oftast kallaðir, farsælan feril að baki í leiklistinni og eru flestum landsmönnum að góðu kunnir. En þeir eiga sér líka rætur í dreifbýlinu og hjarta þeirra stendur nærri náttúrunni.

### Náttúrubörn í hjarta

„Ég var svo lánsamur að fá að vera í sveit sem strákur í tíu ár,“ segir Siggi og það örlar á fortíðarþrá í röddinni. „Þarna fékk maður beintenginguna við náttúruna og skepnurnar, þannig að ég hafði alveg tekið á sauðkindinni áður en ég skellti mér í tökur á Hrútum. Alla tíð síðan hef ég verið mikið fyrir sveitina og náttúruna, við hjónin erum mikið fyrir að stússast í garðinum og hef ég afskaplega gaman af dýrum,“ bætir Siggi við sem minnir líka á að hann þurfi að skreppa eftir hádegið með tíkina sína til dýralæknis.

„Ég fékk nú bara eitt sumar í sveit en verandi frá Siglufirði þá var maður kominn á síldarplanið sex ára með mömmu og í vinnu í síldinni sjö ára,“ segir Teddi og brosir. Það er sterkur í honum Siglfirðingurinn. „Við Guðrún mín og dætur okkar eigum tvö hús á Siglufirði og það er okkar athvarf. Þar erum við búin að rækta upp og stórfjölskyldan ver miklum tíma þarna. Svo erum við Siggi líka báðir í veiðinni og stutt í náttúrubörnin í okkur. Enda miklir náttúruverndarsinnar báðir tveir.“

### Teddi og Tom Jones í Cannes

Þeir félagar eru sammála um að Cannes hafi verið mikið ævintýri. „Ég hafði reyndar komið áður á Cannes með Eldfjall Rúnars Rúnarssonar,“ segir Teddi. En Siggi glottir við og bendir á að Teddi hafi nú komið þarna tvisvar áður og að hann þurfi nú frekar að segja söguna af því. „Já alveg rétt, ég kom nefnilega til Cannes þegar ég var sautján ára og þá með karlakórnum Vísi frá Siglufirði. Það var sko ævintýri. Við vorum með kórstjóra sem var búinn að poppa aðeins upp dagskrána hjá okkur og við sendum frá okkur plötu. Það reyndist vera mest selda platan á Íslandi það árið – geri aðrir karlakórar betur.

Ég var langyngstur í hópnum en það sem bar helst til tíðinda í ferðalaginu var að Tom Jones var þá aðalstjarnan á svæðinu. Við komum að þar sem hópur blaðaljósmyndara var að mynda stjörnuna og ég ákvað að sjálfsögðu að skella mér bara inn í hópinn með gömlu kassamyndavélina framan á mér. Tom Jones kom auga á mig og sá vel að þarna var ekki blaðaljósmyndari á ferð. En í stað þess að láta vísa mér í burtu ýtti hann öllum ljósmyndurunum frá og stillti sér upp fyrir mig einan. Ég smellti af og tók svo upp miða að tónleikunum okkar og fékk eiginhandaráritun. Miðann á ég en það var reyndar engin filma í vélinni. Það er í góðu lagi, þetta er greypt í minnið.“

### Einstök vinátta

Siggi skemmtir sér vel yfir sögunni hjá Tedda. „Þetta var frábær tími í Cannes en samt er það nú ekki síður tíminn í Bárðardal sem reyndist ógleymanlegur,“ segir Siggi og bendir á að tökutíminn hafi verið afar sérstakur. „Þeir félagar Grímur og Grímar náðu að mynda alveg einstaka stemningu. Það var haldið vel utan um hópinn og okkur leið vel í Bárðardalnum.“

Teddi tekur undir að það hafi verið gott að dvelja í Bárðardalnum. „Ég var í færri tökum en Siggi en dvaldi engu að síður allan tímann í dalnum. Þarna var gott að vera og sambúðin hjá okkur félögunum góð.“ Siggi tekur undir það. „Við nýttum tímann á kvöldin oft vel til þess að vinna og undirbúa okkur fyrir næsta tökudag og ef ég var einn í tökum, kannski snemma dags, þá var Teddi búinn að hafa til handa mér morgunverð svo þetta var ljómandi góð sambúð. Við vorum vinir fyrir Hrúta en vinaböndin sem við myndum á þessum tíma eru varanleg og djúpstæð.“

Teddi segir að það hafi líka verið einstök reynsla að koma nánast beint af rauða dreglinum í Cannes og á frumsýningu myndarinnar að Laugum í Reykjadal. „Þvílíkar móttökur! Í stað rauða dregilsins var kominn gæruskinnsdregill og viðtökurnar við myndinni voru dásamlegar. Við vorum leystir út með þvílíkum gjafakörfum fylltum með dásamlegum afurðum bæjanna í Bárðardal. Fólkið í Bárðardal á svo mikið í þessari mynd og á miklar þakkir skildar. Þetta er gott fólk.“

### Vinnan mikilvæg

Þeir félagar eru sammála um það að vinnuumhverfið skipti leikara miklu máli. Þeir hafa báðir verið lengi í þessum bransa en það er athyglisvert hvernig þeir hafa báðir í auknum mæli verið að leika í kvikmyndum hin síðari ár. Siggi segir að þetta hafi nú bara einhvern veginn þróast svona. „Ég hef verið lánsamur með minn feril og fengið að takast á við skemmtileg verkefni. Með aldrinum fækkar hlutverkunum í leikhúsinu en það virðist vera þörf fyrir svona skarfa eins og okkur í bíói og það er hið besta mál. Það er nefnilega hætt við því að leikarar á okkar aldri fari að ryðga ef verkefnin láta bíða eftir sér.“

Teddi tekur undir þetta og segir að það sé gaman að takast á við mörg og ólík verkefni. Á síðasta ári var Tedda mjög svo óvænt sagt upp samningi við Borgarleikhúsið en svo ráðinn að nýju skömmu síðar. Teddi er ekki mikið fyrir að dvelja við þetta. „Nei, ég hef bara haldið áfram. Leikarar þurfa að vísu á sínu sjálfstrausti að halda og svona lagað er ekki gott fyrir sjálfstraustið. Ég hef því lagt þetta að baki og nýt þess að vinna og það er nóg að gera. Ég lifi líka á því að hafa verið útnefndur Bæjarlistamaður Kópavogs, sem var mikill heiður, og ég hlakka mjög til næsta leikárs í Borgarleikhúsinu.“

### Skegg og bíómynd

Það er sannarlega nóg fram undan hjá þeim báðum. Siggi er reyndar farinn að hlakka mest til þess að losna við skeggið sem hann hefur þurft að halda í allan vetur. Teddi kannast við þá tilfinningu. „Um leið og ég mátti raka mig fór ég og tók þetta allt á einu bretti. Krúnurakaði mig líka,“ segir Teddi og skælbrosir við tilhugsunina. „Já, það fer að koma að þessu hjá mér. Þetta verður reyndar alveg fjölskylduviðburður. Barnabörnin ætla að koma og fá að taka þátt í þessu,“ segir Siggi en þeir félagar eru báðir margfaldir afar.

„Ég er líka að vinna að minni eigin kvikmynd. Er byrjaður að skrifa handrit og allt að gerast. Þar verður sko pottþétt hlutverk fyrir Tedda. Ekki spurning.“ Teddi brosir við tilhugsunina en minnir nú á að þeir þurfi nú líka að hafa tíma til þess að veiða sem minnir Sigga á eitt afar mikilvægt: „Já, ég ætla að hnýta flugur úr skegginu. Þarf að klára það áður en við förum að veiða í Bárðardal.“


NJÓTTU
SUMARSINS
ÚTI Í NÁTTÚRUNNI
MEÐ VINSÆLASTA
ÚTIVISTARMERKI Í HEIMI
20% AFSLÁTTUR*
AF ÖLLUM FATNAÐI FRÁ
THE NORTH FACE
TIL MÁNUDAGS
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# UPPÁHALDS Í HOSILÓ
## MARGRÉT BUHL
### KVIKMYNDARGERÐARKONA



➜ **STAÐURINN** **UPPÁHALDSSTAÐURINN** Stofan er notaleg og þar stendur vígalegur plötuspilari sem er í mikilli notkun og Margrét skellir iðulega plötu á fóninn þegar hún situr þar inni. Sófinn við plötuspilarann er uppáhaldsstaður hennar heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**VEGGSPJALD** „Þetta er ég búin að eiga síðan ég var krakki og mamma leyfði mér aldrei að leika mér með það," segir hún um He-Man veggspjaldið sem er á íslensku. Hún bætir við að hún sé þakklát móður sinni í dag.

**SPARIGRÍS**
Amma Margrétar málaði sparigrísinn fyrir hana þegar hún var lítil og gerði slíkt hið sama fyrir bræður hennar. „Hún var alltaf að safna peningum í hann fyrir mig þegar hún var á lífi."





**VÍNILPLATA** Margrét hlustar mikið á vínilplötur og er plata með Crosby, Stills, Nash & Young í talsverðu uppáhaldi. „Ég keypti hana í desember á einu fyrsta deitinu með kærastanum mínum. Við förum í Lucky Records og ég fann þessa plötu."




**KAFFIBOLLI**
Margrét er Jane Austen-aðdáandi og á kaffibolla með mynd og tilvitnunum í rithöfundinn. „Emma. Clueless er náttúrulega byggð á henni," svarar hún án þess að þurfa að hugsa sig um þegar hún er spurð um uppáhaldsbók sína eftir höfundinn.

# Litríkt skipulag í Vesturbæ

Margrét Buhl, kvikmyndargerðarkona og kaffibarþjónn, býr í Vesturbæ Reykjavíkur. Heima hjá henni má finna vínilplötur og litríka muni.



Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Litríkir hlutir, ég fíla þá," segir Margrét og bætir við að hún meti hönnunarvöru til jafns við fallega hluti sem hún rekst á í nytjamörkuðum og ódýrari búðum. „Ef það er einhver hönnun sem mér finnst æðisleg þá safna ég mér fyrir þeim hlut en mér finnst skemmtilegt að blanda dýru og ódýru saman."

Margrét rekur kvikmyndagerðarfyrirtækið Anthems of Our Youth ásamt tveimur vinkonum sínum og vinnur einnig sem kaffibarþjónn. Það er því nóg að gera hjá Margréti sem finnst betra að hafa allt í röð og reglu heima.

Margrét kemur frá Akureyri en það fer vel um hana í Vesturbænum og hún setur vínilplötu í spilarann og byrjar að sýna okkur sína fimm uppáhalds hluti.



**EIGINHANDARÁRITUN**
Margrét er mikill Rage Against the Machine-aðdáandi og á eiginhandaráritun frá Tom Morello sem henni áskotnaðist í gegnum aðdáendaklúbb Audioslave. „Ég var með þeim fyrstu til að skrá mig í hann. Þegar þeir hættu þá sendi hann mér þetta bréf," segir Margrét.



Áskorun til stjórnvalda í tilefni af Degi barnsins

# HÚSNÆÐISÖRYGGI ER FORSENDA ÞROSKA OG HEILSU BARNA

Heimili sem er öruggt og heilsusamlegt er ein grundvallarforsenda
fyrir þroska barna, heilsu þeirra, menntun og félagslífi.
Börn þurfa aðstöðu og næði á heimili sínu til að vinna heimavinnu,
leika sér og geta boðið félögum sínum heim.
Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að búa ekki við þessar aðstæður.

**SAMKVÆMT BARNASÁTTMÁLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA EIGA ÖLL BÖRN AÐ HAFA TÆKIFÆRI TIL AÐ LIFA OG ÞROSKAST OG BÚA VIÐ AÐSTÆÐUR SEM STUÐLA AÐ LÍKAMLEGUM, ANDLEGUM OG FÉLAGSLEGUM ÞROSKA ÞEIRRA. ÖLL BÖRN SKULU NJÓTA ÞESSARA RÉTTINDA OG EKKI MÁ MISMUNA ÞEIM SÖKUM STÖÐU ÞEIRRA EÐA FORELDRA ÞEIRRA.**

Þó er það þannig að vegna efnahagslegrar stöðu foreldra sinna búa ekki öll börn við ásættanlegar aðstæður eða jöfn tækifæri.

**Á ÍSLANDI EIGA UM 12.000 BÖRN Á HÆTTU AÐ BÚA VIÐ FÁTÆKT EÐA FÉLAGSLEGA EINANGRUN**

**ALLT AÐ 30% ÞESSARA BARNA BÝR Í HÚSNÆÐI SEM ER ÓVIÐUNANDI OG ÞAU BÚA JAFNVEL VIÐ MIKIÐ ÞRÖNGBÝLI**

**UM 40% BARNANNA BÝR VIÐ ÞÆR AÐSTÆÐUR AÐ HÚSNÆÐISKOSTNAÐUR ER FJÖLSKYLDUNNI ÞUNGUR BAGGI OG HENNI JAFNVEL OFVIÐA**

**HLUTI BARNANNA BÝR VIÐ TÍÐA FLUTNINGA OG ÓÖRYGGI, SEM GERIR ÞAÐ AÐ VERKUM AÐ ÞAU NÁ EKKI AÐ FESTA RÆTUR OG EIGA Á HÆTTU AÐ VERÐA FÉLAGSLEGA EINANGRUÐ**

Barnaheill — Save the Children á Íslandi hvetja stjórnvöld til að tryggja að allir eigi öruggt og heilsusamlegt heimili og að öll börn á Íslandi búi við tryggt húsnæði til lengri tíma. Samtökin skora á stjórnvöld og alla aðra sem málinu tengjast að taka höndum saman og vinna hratt og örugglega að því að ná þessu markmiði. Að alast upp við fátækt hefur víðtæk áhrif á möguleika barna til framtíðar.

**BARNAFÁTÆKT ER ÞVÍ BROT Á MANNRÉTTINDUM BARNA.**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## 8 UPPÁHALDS ÖPPIN



Kristín María Dýrfjörð
markaðsstjóri hjá Te & Kaffi

**COUCH TO 5 K** Maður skokkar undir eigin tónlist þar til rödd segir manni að hægja á sér, labba og skokka svo aftur.

**COFFEE TOOLS** Varúð, nörda-app Sýnir manni hvort kaffið er undir- eða yfirlagað með því að mæla þykkt uppáhellingarinnar

**DUBSMASH** Hverjum hefði dottið í hug að hægt væri að hlæja svona mikið einn með sjálfum sér Ég ætlaði alltaf að verða leikkona þegar ég var lítil, þarna fæ ég mína útrás.

**ROOM FOR THOUGHT** Dagbókarforrit í myndmáli. Forritið sendir manni skilaboð á mismunandi tímum yfir daginn og þegar maður hefur opnað skilaboðin tekur það mynd innan þriggja sekúndna.




**BUFFER** Einfaldar manni lífið með því að sjá um skipulagningu allra pósta á samfélagsmiðla. Buffer getur líka tímasett póstana fyrir þig, sem er mjög þægilegt.

**INSTAGRAM** Ég set reglulega myndir á Instagram og finnst gaman að skoða hjá öðrum. Þetta er eins og myndaalbúmið mitt en ég hef stundum látið prenta þessar myndir út hjá Prentagram.

**WHATSAPP** Ég spjalla mikið við vinkonur mínar á þessu, við sendum myndir, myndbönd, sms og talskilaboð á milli. Eitthvað af þessu gæti komið sér vel einn daginn, sérstaklega dubsmash-myndböndin.

**PINTEREST** Eins og maðurinn minn segir þá stoppar kvörnin í mér aldrei. Ég er alltaf að leita að hugmyndum, hvort sem það tengist vinnunni eða heimilinu Ég elska þetta forrit.

# Kvenfrumkvöðullinn stígur á svið

Kvenfrumkvöðlar á Íslandi sem freista þess að hasla sér völl í karllægum heimi tækni, vísinda og verkfræði heyja nú baráttu gegn staðalímyndum og fordómum Þær þurfa að sigrast á kynbundnum áskorunum og þær munu hafa betur.



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365is


Við hefjum þetta á játningu. Í hálft ár eða svo hef ég fjallað um vísindi, tækni og nýsköpun á síðum Fréttablaðsins. Umfjöllunarefnin eiga tvennt sameiginlegt. Annars vegar varpa þau ljósi á hvernig vísindin móta daglegt líf okkar. Hins vegar eiga þau það sammerkt að engin kona kemur fyrir í þeim. Þetta er vægast sagt dapurleg staðreynd. Þegar ég skrifa þetta átta ég mig jafnframt á að ég man aðeins eftir tveimur konum sem mörkuðu djúp spor í vísindasögunni. Hvað með þig?

Í mínum huga eru frumkvöðlarnir okkar vitnisburður um hvert við stefnum sem samfélag. Hvað þýðir það þá þegar konur í frumkvöðlageiranum eru jafn fáar og raun ber vitni? Í vísindasögunni er að finna urmul tilfella þar sem stórkostlegar uppgötvanir kvenna hafa verið þaggaðar niður og oft eignaðar körlum. Í dag blasir sú staðreynd við að aðeins 11 prósent stjórnenda í Kísildalnum í Bandaríkjunum eru konur og á lista Forbes yfir 100 áhrifamestu leiðtoga tæknigeirans eru konurnar fjórar talsins.

### Íslenska samhengið

Eins og Anna María Jóhannesdóttir, sem nýverið lauk meistaranámi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, komst að þá er þetta vandamál ekki einskorðað við Norður-Kaliforníu. Anna, sem hefur bakgrunn í lífefnafræði, beindi sjónum að kvenfrumkvöðlum á Íslandi og áskorunum þeirra í eigindlegri rannsókn.

„Það sem við almennt þekkjum varðandi persónueinkenni frumkvöðla; hvatningu, bakgrunn, fjölskylduhagi, starfsreynslu, árangur og mistök, hefur að mestu verið skrifað um karlfrumkvöðla," ritar Anna í ritgerð sinni og heldur áfram: „Til dæmis hafa vissir eiginleikar verið tengdir við árangur eins og áhættusækni, sjálfstæði og leit að efnahagslegum möguleikum eftir röklegum leiðum. Þannig er litið svo á að frumkvöðlar beri stereótípíska karlmannlega eiginleika. Þetta vinnur bersýnilega gegn konum."

Anna er hreinskilin í svörum aðspurð um ástæður þess að hún ákvað að rannsaka kvenfrumkvöðla á Íslandi. „Að einhverju leyti er þetta líka fyrir sjálfa mig. Ég hef alltaf haft áhuga á að stofna fyrirtæki og ég vona að ég geri það í framtíðinni. Svo í rauninni var það mikill hvati fyrir mig að læra af reynslu þeirra."

### Kynbundnar áskoranir

Í ritgerðinni, sem ber heitið „Ég vil fá að vera ég sjálf þó ég sé kona", ræðir Anna við níu konur sem stofnað hafa fyrirtæki í tækni-, vísinda- og verkfræðigeiranum. Niðurstöður hennar draga upp mynd af bjartsýnum konum og jákvæðum sem með tölu hafa tröllatrú á fyrirtækjum sínum. Atgervi frumkvöðla eru athyglisverð fræði en engu að síður fræði sem hingað til hafa að stórum hluta til tekið mið af reynsluheimi karla, eða eins og Anna kemst að orði: „Fyrirtækið verður framlenging af frumkvöðlinum sem einstaklingi og fyrirtækið endurspeglar persónuleika hans."



**FRUMKVÖÐLAR** Brynja Guðmundsdóttir, forstjóri Azazo, og Anna María Jóhannesdóttir viðskiptafræðingur eru sammála um að umsvif kvenna í frumkvöðlageiranum á Íslandi fari vaxandi.

> **Vonandi verða kvenfrumkvöðlarnir okkar í dag hvatning til stelpna að feta sömu spor.**
>
> *Anna María Jóhannesdóttir, viðskiptafræðingur*

> **Ég vildi óska þess að þetta væri ekki svona en þetta er staðreyndin.**
>
> *Brynja Guðmundsdóttir, forstjóri AZAZO*

**FYRIRTÆKI STOFNUÐ FRÁ 2000**




Konurnar níu í ritgerð Önnu lýsa allar erfiðleikum sem flestir frumkvöðlar, karlar og konur, þurfa að takast á við en einnig kynbundnum áskorunum kvenna í karlaheimi. „Þær töluðu einna helst um það í tengslum við fjármögnun. Að það væri viss hindrun að vera kona þegar fjármagn er annars vegar."

Einn viðmælandi Önnu segist hafa séð að greinilegt ósamræmi væri í fjármögnun fyrirtækja og leit svo á að fremur væri fjárfest í fyrirtækjum karlmanna. „Þannig að það er spurning hvað er að gerast hér, af hverju erum við ekki að fá jafn mikið og strákarnir?" spyr frumkvöðullinn.

Þegar kemur að beinum fordómum og karlrembu lýsa nokkrar konur nánast súrrealískum aðstæðum. Þar á meðal er makalaus sena þar sem frumkvöðullinn fer ásamt meðeiganda (karlmanni) til endurskoðanda. Ljóst er að konan fer með fjármálastjórn fyrirtækisins en endurskoðandinn beinir hvað eftir annað svörum sínum og spurningum til meðeigandans. Önnur var að ræða við fyrirmann í banka. „Hann sagði „já, lána þeir ekki bara út á andlitið". Það eru svona skot sem þú færð þegar þú ert kona. Þetta myndi karlmaður aldrei fá," segir hún.

### Að gefast ekki upp

Konurnar í frumkvöðlageiranum á Íslandi eru ekki margar, en þær eru sannarlega til staðar. Ein af þeim er Brynja Guðmundsdóttir, forstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Azazo. Fyrirtækið stofnaði hún árið 2007, þá einstæð móðir með fjögur börn og 20 ára reynslu af stjórnunarstörfum.

Brynju klæjaði. Nokkuð algengt sjúkdómseinkenni frumkvöðla. Kláðinn var vandamál sem Brynja þurfti að leysa og hafði að gera með að alltof mikill tími fór í að leita að upplýsingum á vinnustöðum og tölvukerfin oft of mörg auk þess sem þau töluðu ekki saman. „Það er staðreynd að 10-50% af tíma fólks á sumum vinnustöðum fer í að leita að gögnum og skrá óþarfa gögn," segir Brynja. „Við vildum þróa kerfi sem hugsar fyrir þig."

Því hefur Azazo þróað upplýsingastjórnunarkerfið CoreData ECM og er í fararbroddi í upplýsingatækni á Íslandi. Íslenska ríkið undirritaði ríkisreikning síðasta árs með rafrænum skilríkjum í Coredata-hugbúnaði Azazo. Einsdæmi í heiminum.

### Harkið

„Það er ákveðin krafa í menningu okkar að mæður eigi að vernda börnin og heimilið. Þannig var maður sífellt að leita að hættulausri leið til að stofna fyrirtæki svo ég þyrfti ekki veðsetja húsið," segir Brynja. Hún leitaði ráða hjá þeim sem höfðu náð langt í geiranum. „Hvers vegna eiga bankarnir að veðja á þig ef þú þorir ekki að leggja allt að veði?" spurði ein lærimóðirin.

Brynja sló til. „Ef ég missi allt þá er það bara þannig. Ég er heilsuhraust og börnin mín líka. Við finnum annað heimili. Heimili er ekki steypan." Þar með er ekki sagt að þetta hafi verið leikur einn. Í orðum Brynju ómar reynsla níumenninganna í ritgerð Önnu Maríu.

„Einstæð 40 ára móðir að stofna fyrirtæki var ekki beint hin viðtekna staðalmynd," segir Brynja. „Kúltúrinn er þannig að konur eiga að stofna krúttleg fyrirtæki." Brynja setti saman metnaðarfulla viðskiptaáætlun (lesist: heimsyfirráð). Það fór svo að hún dró úr umfangi hennar svo hún væri „kvenlegri" og kæmi bankastofnunum ekki í opna skjöldu að kona væri með svo ítarlega viðskiptaáætlun. Í dag starfa 50 mann hjá AZAZO í sex löndum.

Eins þurfti hún að þola hlutdrægni karla og kvenna, óméðvitaða og meðvitaða. „Ég er með mikið af stórkostlegum fjárfestum í fyrirtækinu mínu. En ég er líka búin að lenda í því að hitta fjárfesti, sem er ekki fjárfestir hjá okkur, sem var búinn að bóka hótelherbergi fyrir okkur. Þá hef ég kynnt stóran samning á fundi og þá heyrir maður „varstu í stuttu pilsi?"

„Maður þarf oft að tækla það að vera kynvera. Ég hef ekki breytt neinu. Ég er kvenmaður og vil vera klædd eins og kvenmaður. Ég hef ekki farið í það að klæða mig í strigapoka," segir Brynja og bætir við: „En þú vilt fá hrós á réttum forsendum."

„Ég vildi óska þess að þetta væri ekki svona en þetta er staðreyndin. Þó svo að það sé mun auðveldara fyrir ungar konur að stofna fyrirtæki í dag þá munu þær enn reka sig á svipaða veggi og ég lenti á, en vonandi eru þeir færri."

### Fyrirmyndir

Núningur staðlaðra hugmynda og framsækinna hugsjóna myndar mótlætið sem frumkvöðullinn þarf að takast á við. Kvenfrumkvöðlar hafa háð baráttu gegn staðalímyndum og fordómum og haft betur. Fyrirmyndir verða nú til. „Vonandi verða kvenfrumkvöðlarnir okkar í dag hvatning til stelpna að feta sömu spor og vera óhræddar að gera það," segir Anna María að lokum.

netto
Kræsingar & kostakjör




GRÍSASNITSEL
Í RASPI, FRYSTIVARA
998
KR/PK




GRILLPYLSUR 2 TEG
KRASSANDI/FJÖLSKYLDU
998
KR/PK



GRÍSAPOTTRÉTTUR
Í SVEPPASÓSU/FERSKUR
-30%
1.539
ÁÐUR 2.198 KR/KG




KRYDDSMJÖR
M/HVÍTLAUK - JURTAKR.
197
ÁÐUR 219 KR/STK



SÉRBAKAÐ
VÍNARBRAUÐ
-40%
119
ÁÐUR 198 KR/STK



LAMBALÆRISNEIÐAR
FERSKAR
2.182
ÁÐUR 2.598 KR/KG




FLÓRÍDANA SAFAR
3 TEG, 1L FERNA
189
KR/STK




OREO KEX
NABISCO 66 GR
-23%
99
ÁÐUR 129 KR/PK

Kauptu þrjú á **399kr!**
(fullt verð 597)




FOOD DOCTOR
6TEG, NÆRINGARSTYKKI
199
KR/STK




**Nýtt!**

KAFFITÁR 250 GR
KARAMELLU/MALAÐ
999
KR/STK



BLÁBER
BOX 125 GR
-50%
299
ÁÐUR 598 KR/PK




HVÍTLAUKSBRAUÐ
COOP, 2 TEG
-33%
199
ÁÐUR 298 KR/KG



LAXABITAR
X-TRA, 4X100GR
-20%
746
ÁÐUR 933 KR/KG

**Tilboðin gilda 28. maí – 31. maí 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# ÓGÆFUSAMASTA DROTTNING SÖGUNNAR

FLÆKJUSAGA



**Illugi Jökulsson** rekur hér harmsögu um Önnu drottningu á Bretlandi sem bókstaflega varð að eignast barn, hvað sem það kostaði.



**ANNA DROTTNING** Hnarreist á góðum degi í æsku.

Einhverjir kostir hljóta að vera við arfakónga; annars hefði það stjórnskipulag varla viðgengist svo lengi, og svo víða. Nú á dögum kunna þeir kostir að virðast vandséðir; það er eitthvað nánast súrrandi galið að skipa svo málum að æðstur valdamaður í hverju ríki verði sá sem slysast til að fæðast fyrstur tilteknu pari. Það er auðvitað engin leið að segja til um það fyrir fram að sá einstaklingur verði á nokkurn hátt hæfastur sinna jafnaldra til að stjórna ríki eða deila út örlögum millum samferðamanna sinna.

Og auðvitað má nefna mörg fleiri dæmi um hvernig arfakóngskerfið komst í ógöngur: Habsborgaraættin er eitt þeirra, en sú familía réð ríkjum bókstaflega talað í mörg hundruð ár, mörgum ríkjum í Evrópu, og var allt lagt undir til að tryggja að ætterni réði erfðum, en í allri þeirri sögu er vart hægt að finna nokkurn einstakling sem var öllu meira en miðlungsmaður að hæfileikum og skynsemi, en skyldaleikaræktun ættarinnar leiddi hins vegar til þess að oft rataði í konungsstóla gjörsamlega óhæft fólk til stjórnarstarfa sakir gáfnaskorts eða annarra kvilla.



**VILHJÁLMUR BRETAPRINS** Engum þótti hann fagur, ekki einu sinni móðurinni.

En eitthvað jákvætt hlýtur þó sem sé að hafa verið við þetta fyrirkomulag, ef við trúum því að sagan hljóti alltaf að stefna svona meira og minna í nokkurn veginn rétta átt! Væntanlega hefur sá stöðugleiki sem arfakóngskerfið hefur (oftast) í för með sér verið nægjanlega mikils virði meðan samfélagið taldist „frumstætt“ og ekki á allra færi að fylgjast með og taka þátt í landsstjórninni. Og þá hefur sú stjórnsýsluþekking og reynsla sem safnaðist fyrir í konungsættum líka verið einhvers virði, og þetta hvorttveggja vegið upp á móti þeirri undarlegu tilfinningu sem hugsandi fólk í arfaríkjum hlýtur oft að hafa verið býsna þrúgað af – sem sé hve einkennilegt það væri að hafa raunverulegt hæfileikafólk við landstjórn og hvers konar sýslu yrði að sitja kurteislega hjá, meðan hálfgerðir idjótar rorruðu í hásætinu.



**GEORG DANAPRINS** Gegndi sinni dapurlegu skyldu.

## Þjóðsagan um „bláa blóðið“

Til þess að treysta arfakónga í sessi og koma í veg fyrir að þeim yrði sópað út í hafsauga í hvert sinn sem einhver dulan klöngraðist yfir lík síns afdauða föður upp í hásæti, þá var stundum markviss og miskunnarlaus innræting um „blóðhelgi“ konungsætta og þjóðsagan um „bláa blóðið“ varð til. Og jafnvel skynsamasta fólk trúði því fyrirvaralaust að alls konar vanhæft lið hefði goðumlíkan rétt til að ríkja á grundvelli ætternis, en ekki hæfileika. Og til að tryggja það var gengið ansi langt í sumum familíum, og jafnvel lögð mikil ógæfa á einstaklinga af konungsættinni sjálfri, svo tryggja mætti viðganginn sem talinn var haldast í hendur við ætternið.

Hér er eitt sorglegt dæmi. Mikið hafði gengið á á Bretlandi á 17. öld, aðalsmenn neituðu að láta völd sín af hendi til konungs og vaxandi borgarastétt var farin að gera sig gildandi með aukinni kaupmennsku Breta um víða veröld. Enska þingið varð raunveruleg valdastofnun og atti mjög kappi við kónga. Ekki bættu trúardeilur úr skák, því þótt mótmælendur hefðu mjög reynt að berja pápískuna niður skaut hún alltaf upp kollinum og þá ekki síst í konungsættinni sjálfri. Er af því löng og flókin saga, en þetta dugar hér: Árið 1688 var hinn kaþólski Jakob II kóngur hrakinn frá völdum af bandalagi sem forkólfar þingsins höfðu gert við prinsinn af Óraníu í Hollandi, Vilhjálm, sem vildi svo til að var bæði systursonur Jakobs og kvæntur Maríu dóttur hans og náfrænku sinni. María var góður mótmælandi og studdi uppreisnina gegn föður sínum, og nú settist hún í hásæti drottningar og Vilhjálmur varð kóngur henni til samlætis, enda af rétta fólkinu kominn þótt ekki væri það í þetta sinn í beinan karllegg. En Vilhjálmur III og María II – eins og þau kölluðust – áttu engin börn. María dó svo úr bólusótt aðeins 32ja ára 1694 og eftir það sat Vilhjálmur einn á konungsstóli þar til 1702 þegar hann var 51s árs. Þá datt hann af hestbaki, braut viðbein, fékk ígerð og lungnabólgu og dó. Þá lifði Anna prinsessa ein af börnum Jakobs IIs og varð hún nú drottning. Og það er hún sem óhætt er að segja að beri með rentu titilinn sem ég notaði í fyrirsögn: Ógæfusamasta drottning sögunnar, og þar komu ekki síst við sögu krafan um blóðerfingja fyrir ættina.

## Prins kveikir vissulega líf hjá drottningu

Anna var gift Georg Danaprins, hann var sonur Friðriks IIIja konungs, þess sem Íslendingar sóru einveldiseið á Kópavogsfundi. Aldrei kom til mála að Georg fengi konungsnafn á Bretlandi þar eð hann var ekki af konungsættinni líkt og Vilhjálmur af Óraníu hafði verið. Georg var raunar hæglát sál og sóttist alls ekki eftir völdum af neinu tagi, hann var hæstánægður með að eyða tímanum í að setja saman skipamódel – og gera konu sinni börn, svo viðhalda mætti konungsfjölskyldunni. Og það gerði Georg svikalaust. Allar götur frá því þau giftust 1683 kveikti Georg hvern lífsneistann af öðrum í kviði Önnu konu sinnar og þeim mun fleiri eftir því sem betur varð ljóst að María systir hennar myndi engin börn eignast og framtíð konungsættarinnar kynni að velta á því hvort Önnu tækist að koma króga í heiminn. Alls varð Anna barnshafandi sautján sinnum á sextán árum, og þó grunar suma að tilfellin hafi verið fleiri en sum fóstrin hafi hún misst svo snemma á meðgöngu að þau hafi ekki öll verið skráð. Og að minnsta kosti tvisvar gekk hún með tvíbura, svo það var enginn smáræðis hópur sem Anna reyndi að koma í heiminn. En ógæfan sem hún bjó við var ekki einleikin.

Fyrst fæddi Anna andvana dóttur en síðan komu í heiminn tvær heilbrigðar dætur með árs millibili, en þær dóu báðar úr bólusótt febrúar 1687 á fyrsta og öðru aldursári. Og urðu foreldrum sínum harmdauði, hvað sem leið framgangi konungsættarinnar. Fáeinum dögum áður en dæturnar dóu hafði Anna auk þess misst fóstur öðru sinni, og nú fyrst fóru hörmungarnar að knýja dyra. Næst missti hún fóstur á miðri meðgöngu en heill mánuður leið eftir að fóstrið dó þar til líkami hennar skilaði því frá sér. Þannig gekk þetta svo næstu árin; tvisvar komu fullvaxta börn í heiminn en lifðu aðeins fáeinar mínútur, annars þurfti hún að þola hvert fósturlátið af öðru. Aðeins ein undantekning var á. Árið 1689 fæddi Anna son sem lifði og var skírður Vilhjálmur og útnefndur hertogi af Gloster. Hann var að sjálfsögðu augnayndi móður sinnar en hún fékk ekki að annast hann í frumbernsku né hafa hann á brjósti; slíkt var álitið verk lægri stéttar kvenna.

> **Þegar hann var tæplega tíu ára skrifaði móðir hans að sonur hennar liti betur út en nokkru sinni fyrr: „Þá meina ég hraustlegri, því þótt ég elski hann afar heitt, þá get ég ekki stært mig af því að hann sé fallegur.“**

## Einn hann lifði

En Vilhjálmur litli var viðkvæmt barn og síveikt, hann hafði til dæmis vatnshöfuð, sem þá var kallað, og var heldur seinn til þroska og máttlítill í fótum og víðar, svo þegar hann fór loks að ganga vildi hann láta styðja sig upp stiga. Slíkt var ekki talið nógu konunglegt, svo Georg faðir hans, sá mildi hæglætismaður, húðstrýkti fimm ára son sinn þangað til hann lærði að hollast væri að hann reyndi sjálfur að hökta upp stigana. Heilsa drengsins var alltaf slæm en stundum virtist hann þó ætla að braggast eitthvað og þegar hann var tæplega tíu ára skrifaði móðir hans að sonur hennar liti betur út en nokkru sinni fyrr: „Þá meina ég hraustlegri, því þótt ég elski hann afar heitt, þá get ég ekki stært mig af því að hann sé fallegur.“

Svo viðkvæm var heilsa litla prinsins að ekki þótti annað koma til mála en Anna héldi áfram að reyna að geta börn til að tryggja lúterskt konungdæmið, og það lenti ekki í klóm kaþólskra ættingja. Því var Anna einlægt ófrísk og mædd og segir sig sjálft að heilsan og hreystin létu mjög á sjá með árunum. Hún hafði verið hávaxin og hnarreist og ákveðin stúlka, en þegar þarna var komið þótti ekki sjón að sjá hana. Hún var skelfilega bólugrafin í andliti, endalaust kvalin af þvagsýrugikt og ýmsum fleiri kvillum sem ég kann ekki að nefna, var keyrð um í hjólastól af því fæturnir gáfu sig og gerðist gríðarlega feit. Þá var hún orðin hirðulaus um klæðaburð og hreinlæti, illþefjandi vessar seytluðu víða, hún þótti sem sé ekki mjög drottningarleg, hún Anna. En áfram hélt hún að reyna að gegna sinni skyldu og koma fleiri börnum í heiminn, því auðvitað var það ekkert annað en skyldurækni sem réð því að þau Georg gengu enn saman til verka eftir öll þessi ár og alla þessa ógæfu og allan þennan dauða. Bláa blóðið yrði að tryggja, og passa um leið að kaþólsk skyldmenni Önnu kæmust ekki í hásætið að henni látinni.

## Annus horribilis

Árið 1700 var örlagaríkt. Í janúar fæddi Anna barn eftir sjö og hálfs mánaðar meðgöngu, þá vissu allir að þetta steinbarn hafði verið dáið í mánuð. Og í júlí dó Georg litli sonur hennar, eini árangurinn af öllu þessu skelfilega amstri drottningar, hann var nýorðinn 11 ára. Eftir þetta reyndi Anna ekki að verða barnshafandi aftur. Eftir sautján fósturlát og fæðingar – að minnsta kosti – stóð hún uppi barnlaus. Tveimur árum seinna varð hún drottning en lét ráðgjafa sína og þingmenn að miklu leyti um að stjórn landsins. Þó sýndi hún alltaf furðu mikla röggsemi sem verulega reyndi á. 1707 dó Georg eiginmaður hennar. Þrátt fyrir alla ógæfuna og dauflyndi hans annars staðar en í rúminu, þá hafði hjónaband þeirra á sinn hátt verið farsælt og hún syrgði hann ákaflega. Engin hjón höfðu átt við annað eins barnaólán að stríða.

Árið 1714 dó Anna. Hún var ekki nema 49 ára en gjörsamlega farin að heilsu og kröftum. Fjarskyldur ættingi í Þýskalandi var með bolabrögðum gerður að kóngi, Georg hét hann, mótmælandi, þá var gengið fram hjá 50 nánum ættingjum Önnu sem allir voru kaþólskir – þrátt fyrir allt réði trúin þá meiru en blóðið í það sinn.

# STÓRELDHÚS

LAUGARDAGUR **30. MAÍ 2015**

**Kynningarblað** Ekran, fagmenntun, uppskriftir og ráð





Ekran þjónustar um 1.600 fyrirtæki hér á landi og býður upp á mikið úrval matvara, að sögn Jóns Inga Einarssonar, framkvæmdastjóra Ekrunnar. MYND/GVA

## Heildarbirgir fyrir stóreldhús

**Það felst mikill tímasparnaður og þægindi í því að versla alla matvöru á einum stað. Ekran er heildarbirgir á stóreldhúsmarkaði hér á landi og býður upp á mikið úrval matvara í eldhús fyrirtækja og stofnana frá rúmlega 150 birgjum. Nýlega hóf fyrirtækið að selja matvöru í erlend skemmtiferðaskip sem stoppa hér á landi yfir sumartímann en mikill vöxtur er í þeirra þjónustu.**

Fyrirtækið Ekran er öflugur heildarbirgir á íslenskum stóreldhúsamarkaði sem þjónustar um 1.600 viðskiptavini, stóra sem smáa, um land allt. Ekran hefur upp á að bjóða mikið úrval matvara í eldhús fyrirtækja og stofnana. Ekran er heildarbirgir og því er ávinningur viðskiptavina fyrirtækisins mikill þar sem hægt er að versla allt á einum stað að sögn Jóns Inga Einarssonar, framkvæmdastjóra Ekrunnar. „Ávinningur viðskiptavina okkar felst meðal annars í færri birgjum sem þeir þurfa að skipta við, sem um leið þýðir færri pantanir og færri reikningar sem síðan leiða af sér færri móttökur og minna bókhald. Allt í allt snýst þetta um mikinn tímasparnað og ekki síður betri kjör fyrir viðskiptavini okkar.“

Hann nefnir sem dæmi að fyrirtæki og stofnanir geti fengið allt að tíu sendiferðarbíla að húsinu á hverjum degi með ýmiss konar matvöru. „Margföldunaráhrifin eru mikil og allt skapar þetta vinnu og álag í stað þess að fá bara eina sendingu á dag frá Ekrunni. Ekki má heldur gleyma þeim slæmu áhrifum á umhverfið sem stöðug umferð og mengun stærri bíltækja hefur í kringum vinnustaði og skóla. Þá er betra að fá allar vörur á einu bretti frá Ekrunni, sem þýðir auðvitað líka að afhendingaröryggi verður allt annað og betra en ella.“

### Gott vöruúrval

Vöruúrval Ekrunnar er mikið og nær til rúmlega 150 birgja um allan heim. „Vöruúrval okkar hæfir öllum eldhúsum enda bjóðum við upp á heildarlausn. Þar má nefna mjólkurvörur, ávexti og grænmeti, kjöt og fisk sem og allar aðrar kæli-, frysti- og þurrvörur. Framleiðendur okkar eru bæði innlendir og erlendir og að mestu um að ræða þekkt og vinsæl vörumerki.“

Það eru ekki bara viðskiptavinir Ekrunnar sem hagnast á viðskiptum, það sama má segja um birgja fyrirtækisins. „Þetta er sérstaklega heppilegt fyrir minni og meðalstóra birgja sem losna við að selja í stykkjatali til margra viðskiptavina með tilheyrandi kostnaði en geta í stað þess afgreitt meira magn til okkar í einu lagi. Þessir aðilar ganga að góðu sölu- og dreifineti hjá okkur í stað þess að þurfa að byrja svo gott sem frá grunni sjálfir við að afla sér tengsla og upplýsinga. Raunar á þetta ekki bara við um minni og meðalstóra framleiðendur heldur á þetta við um alla framleiðendur og birgja.“

### Flavour of Iceland

Fyrir rúmum tveimur árum setti Ekran nýtt verkefni á fót sem ber heitið Flavour of Iceland. „Verkefnið snýr að því að kynna og selja íslenska matvöru um borð í skemmtiferðaskipin sem koma hingað til lands á sumrin. Verkefnið er unnið í samstarfið við TVG-Zimsen og Gáru en við höfum lagt mikla vinnu í að kynna vöruframboð okkar fyrir þeim aðilum sem sjá um innkaupin fyrir skipin. Þetta er stór markaður, hér erum við í alþjóðlegri samkeppni og verðum bara að standa okkur. Verkefnið hefur gengið vel enda erum við með góða birgja á bak við okkur, vonandi á þetta eftir að vaxa enn frekar næstu árin.“

Starfstöðvar Ekrunnar eru bæði í Reykjavík og á Akureyri þar sem til samans starfa yfir 100 starfsmenn. Allar upplýsingar um fyrirtækið og fjölbreytt vöruúrval má finna á www.ekran.is.

# Skortur mögulega viðvarandi vandi

Skortur er á öllum fagmönnum í matvælageiranum; kjötiðnaðarmönnum, bökurum, matreiðslumönnum og framreiðslumönnum. Lög kveða skýrt á um að fagmenn skuli vera starfandi á hótelum og veitingastöðum en víða er pottur brotinn í þeim efnum.

Umræða um skort á fagmönnum í veitingageiranum hefur verið nokkuð að undanförnu og ekki að ástæðulausu. Að sögn Baldurs Sæmundssonar, áfangastjóra verknáms í Menntaskólanum í Kópavogi, þyrftu töluvert fleiri að útskrifast úr matvælagreinum en verið hefur undanfarin ár til að mæta þessum skorti. „Í dag eru að útskrifast um fjörutíu matreiðslumenn en þeir mættu alveg vera tuttugu í viðbót. Útskriftarnemar í hinum greinunum mættu vera tvöfalt og jafnvel þrefalt fleiri en þeir eru í dag. Framleiðslumenn sem útskrifast úr skólanum hjá okkur núna eru 26 talsins en þeir mættu vera um sextíu þar sem mikil vöntun er í þeirri grein. Í bakstri og kjötiðn er það svipað, við útskrifum núna átta bakara en engan kjötiðnaðarmann. Það þarf töluverða aukningu í báðum greinum og mættu þeir vera um tuttugu á ári í hvorri grein,“ segir Baldur.

Með tilkomu vinnustaðanámssjóðs sem fyrst var úthlutað úr haustið 2011 hefur aðsókn í fagnám í veitingageiranum aukist töluvert en úr honum fá meistarar greitt fyrir að taka nema. „Það hefur verið aukning í öllum greinum en mest í matreiðslunni þar sem við erum með á þriðja hundrað nemendur, þannig að það horfir til betri vegar,“ segir Níels Sigurður Olgeirsson, formaður Matvís.

## Krafa um fagmenntað fólk

Þeir Baldur og Níels eru sammála um að skorti á fagmönnum hafi verið mætt með því að manna bransann með ófaglærðu fólki, sem sé ekki nógu gott. „Margt af því fólki hefur ekki sótt nein námskeið og hefur því misjafna kunnáttu í því sem verið er að gera,“ segir Baldur. Níels bætir við að þannig sé ekki hægt að tryggja þau gæði sem viðskiptavinir eigi rétt á. Hann segir alveg skýrt að krafa sé um að fagmenntað fólk starfi á veitingahúsum og hótelum. „Iðnaðarlögin eru alveg skýr, það má enginn starfa við iðnað nema hafa menntun til þess. Samkvæmt lögunum ætti enginn að fá að opna veitingastarfsemi nema að hafa þar við störf meistara í matreiðslu og í framleiðslu. Enginn ætti að fá að meðhöndla matvæli nema hafa til þess menntun, hvort sem hún er iðnmenntun eða einhver önnur,“ segir Níels.



Baldur Sæmundsson, áfangastjóri verknáms MK, segir ýmislegt hafa verið gert til að mæta skorti á fagfólki en að meira þurfi til. MYND/VILHELM

Hann segir sýslumenn, sem eigi að sjá til þess að iðnaðarlögum sé framfylgt, brjóta lög með því að gefa út leyfi fyrir veitingastaði án þess að þar starfi fagmenn. „Ferðamannafjöldinn hefur aukist að mínu viti of hratt og hefur hann byggst upp á því að við erum láglaunaland. Við erum hálfdrættingar í launatöxtum miðað við hin Norðurlöndin. Uppbyggingin hefur verið svo mikil og hröð og það spretta upp veitingastaðir og alls kyns þjónusta um allt. Iðnaðarlögin eru alveg skýr og það er verið að brjóta þau. Þetta er stór hluti af vandanum og verður vaxandi vandi. Með þessu er verið að gera lítið úr faggreinunum.“



Níels Sigurður Olgeirsson

## Mögulega viðvarandi vandi

Baldur segir að reynt hafi verið að koma til móts við þennan vanda með svokölluðu raunfærnimati en þá fá þeir sem hafa unnið ákveðinn tíma í þessum greinum mat á reynslu sinni og geta þá fengið styttingu á náminu á móti. Einnig hafi námi í Meistaraskóla hótel- og veitingagreina verið breytt fyrir fjórum árum. „Síðan þá höfum við útskrifað um 170 meistara en það hafa verið biðlistar í það nám frá upphafi. Fleiri meistarar ættu að skapa mótvægi því þá eru fleiri sem geta tekið nema.“

Hann segir einnig nauðsynlegt að gera iðnmenntun sýnilegri og áhugaverðari. „Matreiðslumenn hafa verið sýnilegir og góður árangur landsliðs matreiðslumanna hefur sitt að segja. Aðrar deildir mættu vera duglegri. Svo er þetta líka spurning um þá sem kynna nám í grunnskólum. Ég hef ekki fengið mörg símtöl frá skólum þar sem spurt er út í námið hjá okkur. Þetta hafa kannski verið tíu til tuttugu símtöl á þeim tíu árum sem ég hef verið hér í MK. Það eru nokkrir samverkandi þættir sem hafa orðið til þess að iðnnám almennt hefur átt undir högg að sækja,“ segir Baldur.

Níels segir skortinn á fagmenntuðu fólki í veitingageiranum verða viðvarandi vandamál ef kjarasamningar sem verið er að gera fari í gegn. „Þar er verið að minnka bilið enn frekar á milli þeirra sem hafa enga menntun og þeirra sem hafa hana. Iðnaðarmannasamfélagið hefur setið eftir undanfarna samninga. Ef ekki fást hærri laun verður enn minni ávinningur í því að mennta sig og áhuginn á því minnkar.“

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Jón Ívar Vilhelmsson, s. 512-5429. jonivar@365.is **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson.





Sífellt fleiri kokka- og fageldhús nota IKEA-vörur.



Hnífarnir frá IKEA eru algerir vinnuhestar.



365+ línan þolir daglega notkun, allan ársins hring. Hún var nýlega endurbætt með viðbótum sem henta breyttum neysluvenjum fólks og mataræði.

# Þurfa að þola mikla notkun

**Það mæðir mikið á pottum, pönnum og öðrum eldhúsáhöldum í stóreldhúsum og gæðin þurfa að vera slík að áhöldin þoli notkun á hverjum degi, allan ársins hring. Þetta á við um allt sem viðkemur undirbúningi, matreiðslu og ekki síst framreiðslu. IKEA býður upp á mikið og fjölbreytt úrval fyrir hvers kyns eldamennsku og allar gerðir af eldhúsum. Sífellt fleiri fageldhús nota IKEA-vörur.**

Við erum fólki ofarlega í huga þegar keypt er í fyrsta búið eða þegar þarf að endurnýja eitthvað í eldhúsinu heima. Það sem margir gera sér ekki eins mikla grein fyrir er að við bjóðum upp á breitt úrval af endingargóðum gæðaáhöldum sem þola mikla notkun í langan tíma,“ segir Auður Gunnarsdóttir sölustjóri. Hún segir sífellt fleiri kokka- og fageldhús nota IKEA-vörur, þar á meðal séu sjálft kokkalandsliðið, Hótel- og matvælaskólinn í MK og mörg stærstu eldhús landsins.

„Fagfólk er mjög ánægt með vörurnar frá okkur og hrósar þeim mikið. SENSUELL-pottarnir og -pönnurnar eru sérstaklega vönduð og hafa notið mikilla vinsælda. Eins hafa IKEA 365+ eldunaráhöldin svo sannarlega staðið fyrir sínu, og voru til dæmis notuð af keppendum Íslands í Bocuse d'Or matreiðslukeppninni í Frakklandi fyrr á árinu,“ segir Auður. „Þeir sem þekkja til eru farnir að gera sér grein fyrir að gæði og ending haldast ekki alltaf í hendur við himinhátt verð, og vörulínur eins og til dæmis IKEA 365+ eru einfaldlega gæðavara á frábæru verði. Eins og nafnið gefur til kynna er línan hönnuð með það í huga að þola daglega notkun, allan ársins hring. Hún hefur þar að auki verið endurbætt nýlega með viðbótum í borðbúnaði sem eiga að henta breyttum neysluvenjum fólks og mataræði. Vörurnar eru stílhreinar, úr gæðapostulíni og fara vel á borði og í hendi, fyrir allt frá morgunkorninu til hátíðarsteikarinnar,“ að sögn Auðar.

Það er ekki hægt að tala um matreiðslu án þess að minnast á hnífana. Þeir eru ein allra mikilvægustu áhöldin sem notuð eru í eldhúsinu, en margir vilja gleyma að hnífana þarf að brýna til að þeir þjóni sem best, og ekki síður öryggisins vegna því bitlaus hnífur getur oft valdið meiri skaða en beittur. „IKEA 365 + hnífarnir okkar eru úr gæðastáli og halda bitinu lengi. Ef hugsað er vel um þá eru þeir algjörir vinnuhestar og endast um árabil,“ segir Auður. „Eins eru VARDÖ-hnífarnir úr endingargóðu ryðfríu gæðastáli með góðu gripi. Svo bjóðum við auðvitað upp á breitt úrval af aukahlutum eins og mæliáhöldum, skurðarbrettum, fötum og formum. Það má því fá allt í stóreldhúsið hjá okkur – fyrir utan hráefnið sjálft.“



IKEA býður upp á breitt úrval af endingargóðum gæðaáhöldum.

# Kryddað með öðru en salti

**Súpur eru daglegt brauð í flestum mötuneytum en oft vill brenna við að þær séu of saltar. Hægt er að nota ýmislegt annað en salt til að kitla bragðlaukana. Hér fylgir uppskrift að gulrótarsúpu fyrir 100 manns. Hún er krydduð með engifer, karríi og broddkúmeni.**

Margir kannast við að hafa fengið brimsalta mötuneytissúpu. Hugsanlega gæti annar hver kokkur verið orðinn ónæmur fyrir salti en líklegra er að notað sé of mikið af krafti eða tilbúnum pakkagrunni sem hvort tveggja er mjög salt.

Til að komast hjá því að súpur verði of saltar er best að gera þær frá grunni. Þá er vel hægt að notast við annað krydd og kryddjurtir en salt til að bragðbæta. Eins er mikilvægt að hafa það í huga að í flestum kryddblöndum er salt og sömuleiðis í súputeningum og ýmiss konar krafti. Ef slíkt er notað ætti því að minnka eða sleppa viðbótarsalti á móti. Það er sömuleiðis góð regla að lesa utan á umbúðir þeirra matvara sem notaðar eru við matseldina en vörur teljast saltríkar ef þær innihalda 1,25 g af salti (0,5 g af natríum) eða meira í 100 g.

Í handbók um mataræði í framhaldsskólum sem gefin var út af Lýðheilsustöð árið 2010 er mælst til þess að mötuneytiskokkar í framhaldsskólum dragi eins og kostur er úr saltnotkun. Þar eru gefin dæmi um krydd sem innihalda ekki salt en kitla engu að síður bragðlaukana. Þau eru meðal annars laukur, hvítlaukur, graslaukur, paprika, paprikukrydd, pipar, engifer, basilíka, óreganó, mynta, kóríander, sítróna, sítrónugras, rósmarín, chilipipar, kúmen, múskat, steinselja, timjan, sítrónumelissa, dill, salvía, fennel og majóran.

Í bæklingum er einnig að finna stórar uppskriftir fyrir mötuneytiskokka. Þar á meðal þessa krydduðu gulrótarsúpu sem er laus við viðbætt salt. Uppskriftirnar eru gefnar upp fyrir tíu og hundrað manns. Hér er stærri uppskriftin. Hún er frá matartæknideild Hótel- og matvælaskólans í MK.

## Gulrótarsúpa

- 1½ dl matarolía
- 35 hvítlauksgeirar
- 35 sellerístönglar
- 13 stórir laukar
- 4-5 dl engifer, rifið
- 4-5 dl hveiti
- 20 l kjúklingasoð
- 5 kg gulrætur, rifnar
- 2-3 msk. karrí
- 1 msk. pipar
- 2-3 msk. broddkúmen
- 8-10 dl döðlur
- sítrónusafi eftir smekk



Þessi súpa rífur í þrátt fyrir að vera laus við viðbætt salt. Í henni er meðal annars engifer, karrí, hvítlaukur og broddkúmen.

*Hitið saman í potti matarolíu og krydd. Skerið hvítlauk, lauk og sellerí gróft, bætið í pottinn og látið krauma. Afhýðið engifer og rífið það fínt. Bætið í pottinn og látið krauma í 10 mínútur. Takið pottinn af hellunni og stráið hveitinu yfir. Bætið rifnum gulrótum, kjúklingasoði og döðlum saman við og sjóðið í 20 mínútur. Maukið súpuna með töfrasprota (eða í matvinnsluvél). Bætið sítrónusafa og meira kryddi í eftir smekk. Berið fram með 5% sýrðum rjóma eða grískri jógúrt.*

Ferskar vatnslausnir fyrir vinnustaðinn!

Við hjá INNES erum komin í sumarskapið og bjóðum ferskar vatnslausnir á frábæru sumarverði

Fjölbreytt úrval vatnstækja til sölu eða leigu.
Kynntu þér úrvalið á **www.kaffi.is** eða hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma **585 8585**



INNES
INNES ehf.
Fossaleyni 21, 112 Reykjavík
Sími 585 8585 • www.kaffi.is

FABBRI 1905



Allt til ísgerðar
ÍSAM HORECA
Tunguháls 11 sími 522-2728 www.isam.is

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

**Lék aukahlutverk**
Guðrún Sveinbjörnsdóttir á Mýri í Bárðardal lánaði híbýli sín við tökur á myndinni Hrútar. Hún lék einnig lítið aukahlutverk. SÍÐA 2



**Trukkar og kranar**
Stærsta trukkasýning landsins er haldin í dag. Yngsta kynslóðin má setjast undir stýri. SÍÐA 8






# FÁ KNÚS Í VINNUNNI

**SUÐURHLÍÐARSKÓLI KYNNIR** *Suðurhlíðarskóli fagnar 25 ára starfsafmæli á morgun milli kl. 14 og 16. Allir eru hjartanlega velkomnir að gera sér glaðan dag með starfsfólki og nemendum, fjölskyldum, vinum og velunnurum skólans.*

Suðurhlíðarskóli er lítill, sjálfstæður grunnskóli 1.-10. bekkjar við fjöruna í Fossvogi. Einkunnarorð skólans eru skapandi, hvetjandi og kristinn skóli en hann leggur áherslu á vináttu og virðingu eins og í leikskólanum Vinagarði, sem er jafnframt vinaskóli Suðurhlíðarskóla. Suðurhlíðarskóli var stofnaður árið 1990 í nýrri skólabyggingu við Suðurhlíð 36. Hann er því vel staðsettur skammt frá fjöru, skóg og móa.

**FÁ KNÚS Í VINNUNNI**

Í vetur hafa tvær „lestrarömmur" komið í skólann tvisvar í viku að hjálpa nemendum yngsta stigs í lestri. Þær Sigurborg Pétursdóttir og Herdís Björnsdóttir taka hvor um sig einn og einn nemanda inn í lestrarstofu og æfa lestur með nemandanum í ró og næði.

„Ég vissi ekkert hvað „skólaamma" var þegar skólinn hafði samband við mig en þetta hefur reynst mikið ánægjustarf," segir Sigurborg Pétursdóttir eða amma Bogga eins og hún er kölluð í skólanum. „Nemandinn fær að ráða hvar við sitjum, við borð eða í sófanum," segir Bogga og Herdís, kölluð amma Dísa, bætir við að þetta sé afar notaleg stund með krökkunum þar sem þau fá gott tóm til að þjálfa lesturinn.

„Við höfum um tíu mínútur með hverju barni og iðulega eru þau skriðin upp í fang okkar í lok tímans," segir Dísa. „Við útskýrum fyrir þeim orð sem þau ekki skilja og hjálpum þeim að hafa réttar áherslur í lestrinum. Þetta gengur ótrúlega vel og við sjáum augljósar framfarir hjá þeim. Sum börnin hafa ekki íslensku sem móðurmál og þetta gagnast þeim sérstaklega vel. Þetta fyrirkomulag ætti að vera í öllum skólum finnst mér," bætir hún við.



**SKÓLAÖMMUR** Þær Sigurborg Pétursdóttir og Herdís Björnsdóttir mæta tvisvar í viku í Suðurhlíðaskóla og hlusta á yngstu nemendurna lesa upphátt. MYND/GVA




Báðar segja þær starf skólaömmunnar mjög gefandi „Okkur er alltaf fagnað þegar við mætum hingað í skólann," segir Sigurborg og Herdís tekur undir það. „Krakkarnir opna fyrir okkur dyrnar og knúsa okkur þegar við komum. Ég á sex barnabörn sjálf og vann sem ljósmóðir í gamla daga. Börn gefa svo mikið af sér. Mér finnst þetta yndislegt starf," segir Herdís.

„Ég geri þetta af hugsjón að gefa börnunum þennan tíma minn," segir Sigurborg. „Ég á fjögur börn sjálf og þar af einn fatlaðan son og hef gegnum árin mikið unnið með fötluðum. Börn hafa alltaf höfðað til mín og á árum áður var ég mikið í skáta- og barnastarfi. Þetta starf gefur mér ekki minna en börnunum."

Á heimasíðu skólans má sjá stutt viðtal við Boggu og Dísu, **www.sudurhlidarskoli.is.**






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429











**HRÚTAR** Guðrún ásamt aðalleikurum, leikstjóra og framleiðanda Hrúta. F.v. Jón Friðrik Benónýsson, Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Theódór Júlíusson, Grímur Hákonarson, Sigurður Sigurjónsson og Grímar Jónsson. MYNDIR/641.IS/HERMANN AÐALSTEINSSON

# EKKI ERFITT AÐ LÆRA RULLUNA

**BÍÓ** *Guðrún Sveinbjörnsdóttir lék aukahlutverk í Hrútum en gerir sjálf lítið úr sínum hlut enda ákaflega jarðbundin. Hún segist ekki hoppa upp fyrir lítið.*

Guðrún Sveinbjörnsdóttir, húsfrú á Mýri, gerir lítið úr leik sínum í kvikmyndinni Hrútar sem frumsýnd var nú í vikunni. Myndin var tekin upp að hluta á bæ hennar en aðalsögusviðið var næsti bær við hliðina. „Myndin var tekin að mestu hér í næsta húsi en bræðurnir sem eru aðalsögupersónur myndarinnar áttu að búa á þessum bæjum sem standa saman. Við höfðum nú ekki mikinn trafala af þessu. Mín aðkoma að myndinni kom skyndilega til en kvöldið fyrir tökur hringdi hann í mig hann Grímar (Jónsson, framleiðandi) og bað mig að taka þátt í þessu af því að það forfallaðist fólk. Það var mjög skemmtilegt að kynnast þessu öllu en þetta var nú ekki mikill leikur," segir Guðrún hógvær.

Hún segir atriðin sem hún lék í hafa verið klippt út að mestu. „Ein persónan í myndinni er hreppstjóri og ég átti að vera konan hans. Hann átti svo að deyja og þegar verið var að bera hann út dauðan þá átti ég að vera að grenja svolítið þarna úti í rigningunni og svo aftur þegar verið var að jarða hann. Það var mikið vesen að bera hann út úr kirkjunni og ég þurfti náttúrlega að vera hnuggin og grátandi yfir þessu en þetta var allt klippt í burtu," segir hún og hlær. Hún segir létt í bragði að það sem eftir hafi staðið hafi verið lítið. „Ég bara sat og gaf lömbum og svona. Maður var nú ekki í erfiðleikum með að læra rulluna í þessu verki."

### HÆFILEIKAFÓLK Í SVEITINNI

Guðrún er á áttræðisaldri og segist ekki hafa átt erfitt með að setja sig í hlutverk enda ýmsu vön. „Ég er orðin svo fullorðin og við tökumst á við svo margt hérna frammi á Öræfunum. Hérna í sveitunum bjargar fólk sér sjálft á þorrablótum og slíku, það er fullt af góðum leikurum hér í sveitinni, skáld, lagasmiðir og hvað annað. Hæfileikarnir leynast víða."

Tvö og hálft ár er liðið frá því Grímur Hákonarson leikstjóri kom fyrst á Mýri. Þá vissu Guðrún og hennar fólk ekki hvað stóð til og tóku á móti honum eins og hverjum öðrum gesti. „Samstarfið við kvikmyndagerðarfólkið var allan tímann einstaklega gott. Þeir Grímur og Grímar voru hérna annað slagið þannig við vorum orðin vinir þeirra þegar kom svo að tökunum í fyrrasumar. Þær stóðu yfir í hálfan annan mánuð og svo kom tökuliðið aftur í janúar og var í tæpar þrjár vikur."


**GUÐRÚN** var viðstödd frumsýningu Hrúta í Laugabíói í Reykjadal í vikunni.

### HALLÆRISLEG Á TJALDINU

Í vikunni var svo komið að frumsýningu myndarinnar í Laugabíói í Reykjadal. Guðrún var spurð að því hvernig henni hefði þótt að sjá sjálfa sig á hvíta tjaldinu. „Það var nú ósköp hallærislegt. Ég átti nú ekki von á miklu þannig að þetta skipti mig nú ekki máli. Það má segja að mér hafi hlotnast mikill heiður fyrir lítið þarna á frumsýningunni, ég fékk að fara upp á svið og hneigja mig og svona," segir hún og brosir. Hún segir það samt ekki hafa verið skrítið að sjá sig í mynd því allir séu í mynd nú á dögum í tölvum, símum og annars staðar. „Það eru allir orðnir vanir að sjá sig og heyra rödd sína þannig að það er lítil upphefð í því."

Guðrún segir það helst hafa komið á óvart að kynnast því hve langan tíma kvikmynd sé í vinnslu. „Það kom okkur öllum ákaflega á óvart hve margar tökur þurfti í hvert sinn og hve feikilega mikil vinna er í kringum eitthvað sem er svo kannski ein mínúta í myndinni. Ég held nú að þeir hafi vandað þetta mikið enda er það að skila sér hjá þeim, sýnist manni, og skemmtilegt að þeir hafi fengið verðlaun," segir Guðrún og vísar þar til verðlaunanna Un Certain Regard sem Hrútar hlaut á Cannes-hátíðinni á dögunum.

### HÆFILEIKAR Í SVEITINNI

„Hérna í sveitunum bjargar fólk sér sjálft á þorrablótum og slíku, það er fullt af góðum leikurum hér í sveitinni, skáld, lagasmiðir og hvað annað. Hæfileikarnir leynast víða."

# NOKKUÐ ÞÉTTUR Á NÖGLINNI

**TÓNLEIKAR Á GAUKNUM** *Heiðar Ingi Svansson leikur á bassa í hljómsveitinni Trúboðarnir. Fyrsta plata hljómsveitarinnar er nýkomin út og útgáfutónleikar fram undan á Gauknum á fimmtudaginn. Fólk spurði Heiðar út í helgarplönin og hljómsveitina.*

**Hvernig eru hefðbundnar helgar hjá þér?** Það er fátt hefðbundið í mínu lífi enda þrífst ég best þegar mikið er að gera og verkefnin eru sem fjölbreyttust. Oft nota ég helgarnar til að klára ýmislegt sem ég hef ekki komist yfir í vinnuvikunni. Á sunnudagsmorgnum á messutíma fer ég oft á fund til að hitta félaga mína í ónefndum félagsskap og fæ mér kaffi með þeim á eftir. Síðan reyni ég sem oftast að fá í kvöldmat sem flesta úr fjölskyldunni, meðal annars fósturson minn og tengdadóttur, og gef mér tíma til að elda eitthvað gott. Bestu helgarnar eru með mínu fólki, konunni minni, börnum og ekki væri verra ef að ég næði að líka að hitta barnabörnin mín tvö sem búa rétt hjá Flúðum.

**Sefurðu út?** Sá eiginleiki virðist tekinn frá manni þegar maður er kominn yfir ákveðinn aldur. Annars kann ég mjög vel við að vakna tímanlega um helgar og á oft góðar stundir einn með sjálfum mér áður en aðrir vakna.

**Hvað ætlarðu að gera um helgina?** Í gærkvöldi var útskriftarveisla heima. Fósturdætur mína, Unnur Blær og Sóley Ylja, voru að útskrifast sem stúdentar frá Kvennó. Ég þyrfti líka að koma tölvupóstinum í vinnunni up to date um helgina. En svo verður líka talið í eina æfingu hjá Trúboðunum í dag eða á morgun. Diskurinn okkar, Óskalög sjúklinga, var að koma út og af því tilefni eru útgáfutónleikar á Gauknum 4. júní. Á sunnudagskvöldið erum við hjónin svo boðin í mat hjá vinafólki.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir tónleika?** Ég reyni bara að vera vel undirbúinn og kunna lögin það vel að ég geti spilað þau í svefni. En ég reyni líka að vera afslappaður og búa mér til andlegt rými þannig að það séu ekki aðrir utanaðkomandi hlutir að trufla mig.

**Hvernig tónlist spila Trúboðar?** Meldódískt gruggrokk, eitthvað sem á rætur sínar að rekja til þeirrar tónlistar sem varð til eftir pönkið og hefur stundum verið nefnt grunge eða síðpönk. Pixies eru t.d. fyrirtaks samnefnari fyrir þessa tónlist. Grípandi meldóíur en oft ólgandi undirtónn.

**Af hverju Óskalög sjúklinga?** Fyrir margt löngu vorum við nokkrir vinir mínir að útskýra fyrir breskum félaga okkar hvernig það var að alast upp á Íslandi í okkar ungdæmi. Ekkert sjónvarp á fimmtudögum og í útvarpinu voru auglýsingar þar sem fólk var hvatt að koma til Hveragerðis og sjá apana. Þá var bara Rás 1 og fáir dagskrárliðir sem spiluðu samtímatónlist. Einn af þeim var þó þátturinn Óskalög sjúklinga sem við þýddum fyrir Bretann sem „The Sick People's Hit List". Þetta fannst okkur mjög fyndin þýðing og ég ákvað að ef að ég myndi einhvern tíma gera plötu þá myndi hún heita Óskalög sjúklinga og ekki síst þar sem það myndi hljóma svo vel fyrir erlendan markað. Það kom því aldrei annað til greina en þetta nafn þegar við ákváðum að gera plötu nema að núna er okkur nákvæmlega sama um erlendan markað.

Svo hefur ástandið í heilbrigðiskerfinu kallað á það að fólk fengi þar eitthvað almennilegt til að hlusta á meðan það bíður eftir aðgerðunum sem alltaf er verið að fresta.

**Ertu góður á bassa?** Þarna kom nú vel á vondan því að ég hef lengi haft minnimáttarkennd yfir því að vera ekki nógu góður tekniskur bassaleikari. En eftir þessa plötuvinnslu og með góðri hvatningu frá félögum mínum í bandinu er ég mun sáttari við mig í dag. Ætli ég sé ekki bara nokkuð þéttur á nöglinni. Ég syng ekki, er ekki nógu góður til að geta bæði spilað og sungið. Flest lögin sem ég í félagi við vin minn og spilafélaga, Karl Örvarsson. Ég hef einhverja náðargáfu að geta raðað saman hljómum og hef víst, er mér sagt, ákveðið höfundareinkenni í þeim efnum. En ég get ekki samið laglínur, þá tekur Kalli við.

**Sigurður Fannar**
Sölumaður
897 5930

## VINVEITTIR GERLAR

***Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. Optibac fæst í öllum apótekum og heilsuverslunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland***




# FLATUR MAGI Á SJÖ DÖGUM

**RARITET KYNNIR** *OptiBac-meltingargerlarnir henta þeim sem þjást af óþægindum í maga. Þeir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi. One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.*

Ég stunda strangar æfingar alla daga og það úthéimtir mikla orku. Ég þarf að byggja upp orkuna bæði fyrir æfingarnar og til að eiga eitthvað afgangs fyrir fjölskylduna og daglegt líf. Það reynir verulega á líkamann að standast álagið sem fylgir því að vera dansari og keppa á meðal þeirra bestu,“ segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.

Algengt er að fólk fái pestir, svo sem kvef og flensu eða í magann, þegar líkaminn er undir miklu álagi. Því er mikilvægt að huga vel að mataræðinu og taka inn OptiBac-meltingargerla en 60% af ónæmiskerfisfrumunum er að finna í meltingarveginum. Vinveittar bakteríur úr OptiBac styrkja varnarkerfi líkamans.

**FÆST Í ÖLLUM HELSTU APÓTEKUM OG HEILSUVÖRUVERSLUNUM**



**HEILBRIGÐ MELTING**
„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu,“ segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.
MYND/ERNIR

### VIÐKVÆM Í MAGA

Hanna Rún kynntist nýlega OptiBac-meltingargerlunum. OptiBac – One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.

„Ég er sjálf með magavandamál. Ég þoli illa glúten, brauð og mjólk og er alltaf í miklum vandræðum þegar kemur að keppnum. Þá þarf ég að passa mjög vel hvað ég læt ofan í mig. Það er dagamunur á mér, stundum get ég vel borðað brauð án þess að finna fyrir neinu en aðra daga fer það rosalega illa í mig. Við ferðumst líka mjög mikið í tengslum við keppnir og þá er ég kannski að borða öðruvísi mat en ég er vön. Það kemur oft fyrir að maginn á mér þenst út, mér verður illt og lít nánast út fyrir að vera komin nokkra mánuði á leið. Það er erfitt að keppa í þröngum kjól með útblásinn maga,“ segir Hanna Rún.

„Meðan á blæðingum stendur þenst kviðurinn líka gjarnan út og þá er mjög erfitt að halda maganum inni. One Week Flat kemur sér vel þá daga sem þær standa yfir.“

### ÞARF EKKI AÐ GLEYPA PILLUR

„Það er líka stór kostur við One Week Flat að það er í duftformi en ekki í töflum. Ég hef alltaf átt mjög erfitt með að gleypa töflur, sama hversu litlar þær eru. Þess vegna líst mér sérstaklega vel á að One Week Flat er í duftformi, ég get þá bara hrært það út í vatn,“ segir Hanna Rún.




## ONE WEEK FLAT

- OptiBac-meltingargerlarnir henta vel fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga sem getur stafað af mataróþoli eða vanvirkni í meltingarstarfsemi.
- One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.
- Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli.
- One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.
- Vörurnar frá OptiBac innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.

**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek um allt land




# BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

*Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni úr black elderberry-extrakt.*

Þórarinn Þórhallsson, eigandi Raritet, hefur varla fengið flensu eða kvef undanfarin ár eða síðan hann kynntist Sambucol. „Ég prófaði Sambucol þegar ég fékk heiftarlega flensu fyrir nokkrum árum og það virkaði strax. Einkennin urðu mildari og það var mun auðveldara að takast á við veikindin. Ég var kominn aftur á ról eftir tvo til þrjá daga. Eftir það hef ég notað Sambucol markvisst allt árið um kring og hef hvorki fengið kvef né flensu síðan sem neinu nemur, 7-9-13,“ segir Þórarinn.

### NÁTTÚRULEG VÍRUSVÖRN

Áratuga rannsóknir á Sambucol hafa sannað gagnsemi við t.d. inflúensu A og B og styrkingu á ónæmisviðbrögðum.

**Dæmi um klínískar rannsóknir á Sambucol:**

- *1995 – Inflúensa B rannsókn*
Miklu meiri bati hjá 93,3% þeirra sem tóku Sambucol en þeim sem notuðu lyfleysu.
- *2001 – Ónæmiskerfisrannsókn „In vitro“*
Sambucol reyndist vera hjálplegt til að styrkja ónæmiskerfið hjá fólki sem hafði minnkuð ónæmisviðbrögð.
- *2004 – Inflúensa A rannsókn*
Sambucol sýndi góða verkun gegn flensu og fækkaði veikindadögum að meðaltali um fjóra. Þeir sem tóku Sambucol þurftu einnig á mun minni verkjalyfjum að halda.
- *Fuglaflensa H5N1*
Sambucol virkaði í 99% tilfella til að vinna á móti H5N1 vírusnum.

**HVERNIG GETUR SAMBUCOL HJÁLPAÐ?**

- **Með því að taka Sambucol allan ársins hring er hægt að koma í veg fyrir kvefsmit og flensu. Mælt er með því að taka stærri skammt af Sambucol yfir vetrartímann.**
- **Sambucol getur hjálpað til við að forðast flensusmit á ferðalögum, á fjölförnum stöðum og í almenningsfarartækjum.**
- **Sambucol hefur fyrirbyggjandi áhrif, svo gott er að taka það inn þegar mikið stendur til.**

**SAMBUCOL ER FÁANLEGT Í ÞREMUR MISMUNANDI PAKKNINGUM**

- Sambucol for Kids er bragðgott náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og C-vítamín. Hentar börnum á aldrinum 3-12 ára. Þykknið er einstaklega bragðgott.
- Sambucol Immune Forte er sykurlaust, náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og Antivirin sem kemur í veg fyrir að vírusar nái til frumnanna og fjölgi sér. Inniheldur auk þess C-vítamín og sink sem styrkja ónæmiskerfið.
- Sambucol Immune Forte – hylki: Fyrir þá sem ekki vilja mixtúru er hægt að fá Sambucol forte með C-vítamíni og sinki í hylkjum. En forðahylki eru góður kostur þar sem innihaldsefnin eru í duftformi og eru þannig auðmeltanleg.

**GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST SMIT**

- Hreinlæti.
- Borðið engifer og hvítlauk og takið meltingargerla til að styrkja ónæmiskerfið.
- Takið inn Sambucol alla daga til að minnka líkur á smiti af kvefi og flensu.
- Best er að halda sig heima ef flensan bankar upp á.

OptiBac probiotics




”Bestu meltingargerlar sem ég hef prófað“



Viðir Þór Þrastarsson,
íþrótta- og heilsufræðingur
frá Háskóla Íslands.

@OptiBac
www.facebook.com/optibaciceland

Fæst í apótekum og heilsubúðum

PRENTUN.IS









**GAMAN SAMAN** Fjöldi manns lagði leið sína í Öskjuhlíð þegar Fjölskyldudagurinn var haldinn í fyrra og átti góða stund með fjölskyldu og vinum. AÐSEND MYND

# FJÖR Í ÖSKJUHLÍÐ

**FJÖLSKYLDUSAMVERA** *Fjölskyldur geta gert sér glaðan dag í Öskjuhlíðinni í dag þar sem sérstakur Fjölskyldudagur verður haldinn á milli eitt og þrjú.*

Það verður eitthvað í boði fyrir alla í Öskjuhlíðinni í dag, fjölskyldan getur komið saman í einstakri náttúru Öskjuhlíðar og notið sín. Farið verður í klettasig, rathlaup, skylmingar, upplifunarleiðangur, náttúrubingó, jóga, lært að tálga og fræðst um fugla. Dr. Bike verður á svæðinu og í lokin verður boðið upp á slökun og hugleiðslu.

Fjórar konur sem eru einlægar áhugamanneskjur um heilsu og velferð barna standa að skipulagningu dagsins. Þær Lára G. Sigurðardóttir, Sigríður Arna Sigurðardóttir, Sabína St. Halldórsdóttir og Pálína Ósk Hraundal eiga það sameiginlegt að finnast það mikilvægt að kynna fyrir fjölskyldum ýmsar leiðir til að njóta samverunnar úti í náttúrunni og hafa gefið út bækurnar Útivist og afþreying fyrir börn, Færni til framtíðar og Útilífsbók barnanna. „Heilsan er okkur öllum mikilvæg og ekki síst fyrstu æviárin en þá eru foreldrar helstu fyrirmyndir barna sinna. Með því að njóta samverunnar úti í náttúrunni sláum við margar flugur í einu höggi; við eflum líkamlega, andlega og félagslega heilsu okkar allra, þar hvílum við okkur á amstri dagsins og þar er nettenging af skornum skammti,“ segir Lára. Sigríður bætir við að það megi með sanni segja að náttúran gefi okkur ró, kraft og heilsu.

### FORELDRAR FYRIRMYNDIRNAR

„Við viljum líka sýna fólki að það er hægt að gera svo margt án þess að leggja út í mikinn kostnað. Við höldum sjálfar öllum kostnaði í lágmarki og gerum daginn eins heimilislegan og náttúrulegan og hægt er. Við erum lánsamar að allir þeir sem við höfðum samband við til að vera með okkur í Öskjuhlíðinni tóku vel í hugmyndir okkar og gefa einnig vinnu sína, sem er ekki sjálfgefið, og eiga miklar þakkir fyrir,“ segir Sigríður og brosir.

Sabína segir markmiðið með deginum vera að gefa fjölskyldum hugmyndir að samverustundum ásamt því að hvetja foreldra til að stunda útilíf og hreyfingu með börnum sínum. „Rannsóknir sýna að börn sem stunda heilbrigðan lífsstíl með foreldrum sínum eru líklegri til að tileinka sér hann síðar meir. Einnig eru börn sem stunda útilíf almennt hraustari og fá síður pestir. Því er mikilvægt að vekja athygli á því hversu ómetanlegt það er fyrir foreldra að vera góð fyrirmynd og hvetja börn sín til heilbrigðs lífsstíls.“

### ALLIR MEÐ BROS Á VÖR

Fjölskyldudagurinn var haldinn í fyrsta skipti í fyrra og þá mættu um 700 manns í Öskjuhlíðina. „Dagurinn í fyrra var frábær í alla staði. Sá árangur okkar hvatti okkur enn frekar til að halda daginn aftur í ár. Við erum allar með vefsíður eða Facebook-síður þar sem við færum fólki fróðleik um mikilvægi útiveru barna, gefum tillögur að skemmtilegum viðburðum, tillögur að einföldum leikjum og leiðum fyrir foreldra og forráðamenn til að hreyfa sig með börnunum sínum. Því er þessi dagur mjög mikilvægur hlekkur í þeim boðskap sem við stöndum fyrir,“ útskýrir Lára.

Þær stöllur vonast til að fá fleiri til að koma á Fjölskyldudaginn í dag en komu í fyrra. Þær hvetja alla til að koma hjólandi eða gangandi þó að næg bílastæði séu við Perluna. „Það gæti komið sér vel að taka með teppi og nesti, vera í góðum skóm og klæða sig eftir veðri en umfram allt með bros á vör,“ segja þær og brosa sjálfar.



**SKIPULEGGJENDUR** Þær Sigríður Arna Sigurðardóttir, Lára G. Sigurðardóttir og Sabína St. Halldórsdóttir skipuleggja Fjölskyldudaginn ásamt Pálínu Ósk Hraundal. MYND/VILHELM



**KLETTASIG** Fjölbreytt dagskrá verður í Öskjuhlíð í dag og verður meðal annars hægt að fara í klettasig. AÐSEND MYND

# STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

**ICECARE KYNNIR** *Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Hárið verður líflegra og þykkara með Hair Volume.*

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurrt og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljái á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég,“ segir Selma.




Eflir hárvöxt, styrkir og þykkir hárið. Innihald: elfting (horsetail extract), epla-extrakt, hirsi (millet extract), amínósýrur L-cysteine og L-methionine, bíótín, pantótenatsýra, sink og kopar.

**HAIR VOLUME**

- **Nýjung á markaðnum.**
- **Eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum.**
- **Nærir rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins.**
- **Inniheldur kopar sem viðheldur eðlilegum lit.**
- **Hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár.**
- **Inniheldur þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.**



**ÁNÆGÐ** Selma Björk sá mikinn mun á hári sínu eftir að hafa tekið Hair Volume í tvo mánuði. MYND/VILHELM



**FLJÓT AÐ SOFNA** Sigríður slakar vel á og sefur betur þegar hún tekur Melissa Dream enda laus við fótaóeirð þegar hún tekur töflurnar. MYND/ERNIR

# Í BETRA JAFNVÆGI OG SEFUR MIKLU BETUR

*Melissa Dream-töflurnar fá þig til að sofa betur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.*

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið föl og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

**LAUS VIÐ FÓTAÓEIRÐ**

Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótaóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Ég fór að leita mér ráða, þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream. Ég fór að lesa mér til um vöruna og ákvað að prófa, því það sakaði ekki að reyna.“




Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofna fljótlega og svo finn ég ekki fyrir þessum fótapirringi. Það sem mér finnst líka æðislegt við þessar töflur er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég þarf ekki að taka þær á hverju kvöldi en mér finnst ég ná að slaka svo vel á þegar ég tek þær.

Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og ég mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn.“

**SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM**

- **Vísindalega samsettar náttúruvörur.**
- **Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.**
- **Innihalda ekki sljóvgandi efni.**
- **Innihalda náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.**
- **Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.**
- **Innihalda mikið af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.**

# LÖNGUN Í SÆTT NÁNAST HORFIN

*Zuccarin-töflurnar henta þeim sem þurfa að draga úr sykurnotkun.*

Hrafnhildur Jónsdóttur reynir að hugsa vel um heilsuna, borða hollan mat og fer reglulega á hestbak, en hún segir sykurinn hafa verið stóran löst í sínu lífi. „Mig langaði til að losna við sykurátið og ekki vildi ég enda með sykursýki 2 eða aðra sjúkdóma. Ég var hins vegar ekki nógu viljasterk til að segja nei af því að sjúkleg löngun í sykur var alltaf til staðar.“

Hún segir það geta verið mjög erfitt að halda sig frá sykrinum þar sem hann er í nánast öllu sem við borðum. „Mér hefur allavega ekki tekist að losna við sykurpúkann sem hefur setið á öxlinni á mér og hvíslað að mér að ég eigi skilið smávegis súkkulaði.“

Eftir að Hrafnhildur fór að taka Zuccarin-töflurnar getur hún hins vegar sagt „nei, takk“ við sælgæti eða látið sér duga að fá sér smávegis. „Mér finnst ég vera orkumeiri og millimálið hefur aðeins minnkað, sem er ekki verra. Ég mæli því eindregið með Zuccarin.“




Zuccarin-töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu. Einnig innihalda þær króm. Laufin innihalda sérstakt efni sem kallast DNJ en það getur komið í veg fyrir upptöku sykurs úr matnum sem við neytum. DNJ getur því haldið blóðsykrinum í jafnvægi og minnkað löngun í sykur. Króm getur hjálpað til við að viðhalda eðlilegum efnaskiptum. Zuccarin er auðvelt í notkun. Taktu eina töflu fyrir hverja máltíð og þú finnur fljótt muninn.



**HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR** Mælir með Zuccarin. Hún getur nú sagt „nei, takk“ við sælgæti. MYND/GVA

# ÁTTU ERFITT MEÐ AÐ LÉTTA ÞIG?

*Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin og fita í lifrinni getur haft slæm áhrif á líðanina.*

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.



**NÝTUR ÞÚ LÍFSINS AF MIKIÐ?**

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Ólafar Rúnar Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra hjá Icecare. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrarstarfsemi. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.“

„Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf.




**LEYNDARMÁLIÐ UM ACTIVE LIVER**

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins, og efnið kólín, sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.

IceCare
Þín heilsa

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**




**KRAFTMIKIL HJÓN** Margrét Erna Blomsterberg og Grétar Benediktsson eru í stórum hópi sjálfboðaliða sem vinna við Smáþjóðaleikana sem hefjast á mánudag. MYND/VILHELM

# STEMNINGIN ER EINSTÖK Í LAUGARDALNUM

**SJÁLFBOÐALIÐAR Í SUMARFRÍINU** *Mikill fjöldi sjálfboðaliða kemur að sextándu Smáþjóðaleikunum sem hefjast í Reykjavík á mánudaginn. Hjónin Margrét og Grétar frá Akureyri eyða hluta sumarleyfisins í Laugardal við ýmis störf en verkefnin eru næg.*

Sextándu Smáþjóðaleikarnir verða settir í Reykjavík á mánudaginn og keppnin hefst degi síðar. Níu þjóðir keppa þar í ellefu íþróttagreinum, þar á meðal frjálsum íþróttum, fimleikum, sundi og körfuknattleik. Stór hópur sjálfboðaliða hefur unnið hörðum höndum undanfarna daga að undirbúningi leikanna og munu starfa þar áfram á meðan þeir standa yfir við ýmiss konar verkefni, stór og smá.

Meðal þeirra eru hjónin Margrét Erna Blomsterberg og Grétar Benediktsson sem eru búsett á Akureyri. Þeim fannst upplagt að eyða hluta sumarleyfisins í að upplifa skemmtilegt ævintýri í Laugardalnum við sjálfboðastörf kringum leikana. Hjónin eru bæði hætt að vinna, Margrét verður 73 ára síðar á árinu og Grétar verður 74 ára, en þeim fannst óþarfi að sitja heima og morkna niður eins og Margrét orðaði það. „Við höfum bæði alltaf haft mikinn áhuga á íþróttum. Sjálfri finnst mér frjálsar íþróttir skemmtilegastar en ég spilaði handbolta sjálf á yngri árum en það eru víst mörg ár síðan.“

**LÍTIÐ SOFIÐ ÚT**

Margrét og Grétar leigja íbúð í Reykjavík í tvær vikur og dvelja í borginni á meðan leikarnir standa yfir. „Sjálfboðaliðastarfið hófst strax á miðvikudag með fataúthlutun til sjálfboðaliða en hver þeirra fær poka með fatnaði í samræmi við þátttöku hans. Auk þess höfum við bæði verið að plasta spjöldin sem þeir fá um hálsinn, setja upp sjónvörp og svo detta ýmis verkefni alltaf inn,“ bætir Grétar við.

Þau segja einstaka stemningu ríkja í Laugardalnum þessa dagana. „Reyndar er kominn smá svefngalsi í suma en hér ríkir góður andi og allir eru kátir. Það er einnig búið að vera mjög gaman og lærdómsríkt að sjá hvernig öll undirbúningsvinnan fer fram á bak við tjöldin.“

Það verður ekki sofið út um helgina enda næg verkefni fram undan að þeirra sögn. Meðal verkefna Margrétar um helgina verður að hafa umsjón með sjálfboðaliðaherberginu þar sem hópurinn getur komið inn og fengið sér hressingu. „Ég er í hópi eitt og þarf því eins og aðrir í hópnum að vera tilbúin að hlaupa í nánast hvað sem er. Auk þess er ég líka gömul húsmóðir og get nú hlaupið inn í eldhús ef þarf.“ Grétar kemur meðal annars að stjórnun vatns- og gosbirgða þannig að allt komist til skila með réttum hætti út á ólíkar stöðvar í dalnum á meðan leikarnir standa yfir.

**NÆG VERKEFNI**

Um 1.100 sjálfboðaliðar koma að Smáþjóðaleikunum, þó með misjöfnum hætti. „Hver sjálfboðaliði var búinn að skrá fyrir fram hvers konar störf hann vildi vinna við. Margir þeirra eru í fullu starfi á daginn og vinna því nokkrar klukkustundir yfir tímabilið. Við hjónin getum verið allan daginn enda bæði hætt að vinna og getum því stoppað lengur. Reyndar hefur þetta verið meiri vinna en við bjuggumst við en verkefnin eru næg og það er bara gaman að þessu.“

Keppnin sjálf hefst á þriðjudag og ætla þau bæði að reyna að fylgjast með eins og aðstæður bjóða upp á. „Sjálf er ég mest spennt fyrir frjálsum íþróttum og hlaupum og ekki má gleyma fimleikunum, ég mun örugglega fylgjast með þeim. Planið var nú líka að skella sér á kvikmyndina Hrúta og á Kántríkvöld en ég veit ekki hvort við höfum tíma til þess, það er svo mikið að gera.“

## FRÍTT INN

Frítt er inn á alla viðburði Smáþjóðaleikanna. Dagskrá þeirra, fréttir og helstu upplýsingar má finna á
**www.iceland2015.is**
**facebook Smáþjóðaleikar 2015**
**twitter @isiiceland**






**AUKASÝNING** Síðasta sýning vorsins var um miðjan maí en þá þurftu margir frá að hverfa. Því var efnt til aukasýningar á morgun.

# DRAMATÍK Á SÖGULOFTINU Í BORGARNESI

*Örlagasaga Hallgríms og Guðríðar í flutningi Steinunnar Jóhannesdóttur verður flutt á Söguloftinu Landnámssetursins í Borgarnesi á morgun.*

Leikkonan og rithöfundurinn Steinunn Jóhannesdóttir frumflutti Örlagasögu Hallgríms og Guðríðar 2. apríl. Síðasta sýning vorsins var um miðjan maí en þá þurftu margir frá að hverfa. Því var efnt til aukasýningar á morgun, sunnudaginn 31. maí klukkan 16.

Steinunn staldrar við mikilvægustu atriði í þroskaferli Hallgríms Péturssonar og eiginkonu hans, Guðríðar Símonardóttur. Sýningin gefur innsýn í ævi og störf þessara merku einstaklinga og hjóna. Sýningin fjallar um tengsl hjónanna við háa sem lága á 17. öld. Hún fjallar um ástir þeirra og átök við yfirvöld, um fátækt og velsæld, börn og barnamissi, skáldfrægð, sjúkdóm og dauða.

Steinunn hefur um langt árabil fengist við ævi Hallgríms og Guðríðar sem bæði settu sterkan svip á sögu Íslendinga á 17. öld. Hallgrímur sem eitt af mestu skáldum þjóðarinnar og Guðríður sem konan sem komst af úr Tyrkjaráninu 1627, sterkari, víðförulli og lífsseigari en flestar konur á hennar tíð.

Þeir sem eru á leið af höfuðborgarsvæðinu og hafa tímann fyrir sér gætu farið fyrir Hvalfjörð. Þá gefst tækifæri til þess að virða fyrir sér Saurbæ á Hvalfjarðarströnd þar sem skáldið bjó með konu sinni en kirkjustaðurinn kemur mikið við sögu. Þar urðu flest merkustu ljóð Hallgríms til, þar með taldir Passíusálmarnir.

# MISMUNANDI HNÍFAGERÐIR

**Hnífur er** ekki það sama og hnífur. Gerðin skiptir miklu máli eftir því hvaða verkefni á að kljást við í eldhúsinu. Hér eru nokkrar algengar hnífagerðir.



## KOKKAHNÍFUR

kokkahnífurinn eru líklega mest notaði eldhúshnífurinn en hægt er að nota hann við ýmis verkefni, til dæmis að saxa lauk og sneiða niður ávexti og grænmeti. Flestir kokkahnífar hafa breitt blað sem beygist upp á við að hnífsoddinum. Þannig getur hann ruggað auðveldlega fram og til baka þegar verið er að brytja niður mat. Efri hluti blaðsins er þykkur til að auka á þyngd og styrk hnífsins. Hnífarnir geta verið misstórir en þeir geta verið frá 15 cm upp í 30 cm langir. Erfiðara er að stjórna lengri hnífum.



## BRAUÐHNÍFUR

Brauðhnífur hefur þykkt blað og er sérhannaður til að skera brauðhleifa í sneiðar. Hnífarnir eru iðulega um 20 cm langir og sagtenntir til að skera í gegnum þykka skorpu. Tennur brauðhnífsins eru djúpar og því hentar hann alls ekki til að skera ávexti og grænmeti.



## SANTOKU-HNÍFUR

Santoku-hnífurinn er japönsk útgáfa af kokkahnífnum. Hann hentar sérlega vel til að skera niður grænmeti og breitt blaðið hentar mjög vel til að skófla mat af skurðarbretti og ofan í potta og pönnur. Það er einnig gott til að merja hvítlauk. Einnig má nota santoku-hnífinn til að skera kjöt, efri hluti blaðsins er þunnur til að hægt sé að skera þunnar sneiðar.



## KJÖTÖXI

Kjötöxi hefur breitt blað og er með þykkan kjöl. Hnífnum er ætlað að skera kjöt- og fuglabein. Þyngd hnífsins hjálpar til við að höggva sundur matinn. Þungt, breitt blaðið hentar ekki til að sneiða en er afar hentugt til að merja kjöt, mala fræ eða merja hvítlauk.



## KÍNVERSK KJÖTÖXI

Kínverska kjötöxin er svipuð þeirri hefðbundnu en er aðeins öðruvísi í laginu og blaðið í henni er þynnra. Hún hentar til að brytja niður kjöt og grænmeti og er einnig notuð til að skera kjöt af beinum. Kínverska kjötöxi ætti hins vegar ekki að nota til að kljúfa bein þar sem blaðið er of þunnt. Líkt og santoku-hnífurinn er kínverska kjötöxin mjög góð til að skófla mat af skurðarbretti ofan í eldunargræjur.

# MISMUNANDI GEYMSLUAÐFERÐIR



**Ávextir og** grænmeti geymast misvel og er misjafnt hvort hentar að geyma það í ísskáp eða við stofuhita. Þær vörur sem geymast best í ísskáp eiga að vera í upprunalegum umbúðum eða plastpoka (undantekning á þessu eru sveppir sem betra er að geyma í bréfpoka). Ávexti og grænmeti sem geyma á í stofuhita ætti að taka úr umbúðum.

Ber, kíví, sítrónur, gulrætur, spergilkál og blómkál geymast best í kæli en banana ætti að geyma við stofuhita því að ef þeir eru geymdir í ísskáp getur hýðið orðið brúnt. Epli eru best geymd í stofuhita, nema ef geyma á þau mjög lengi, þá er best að setja þau í ísskáp. Sama á við um appelsínur og mandarínur, þær geymast lengur í ísskáp en í nokkra daga á borði. Melónu, mangó og lárperu (avókadó) má geyma í ísskáp en ef ávextirnir eiga að þroskast hraðar er betra að geyma þá á borði. Tómata ætti að geyma í stofuhita því að geymsla í ísskáp veldur því að þeir verða mjölkenndir og bragðlausir.



# Hvað borðar hver veislugestur mikið?

Það erfiðasta við að elda fyrir stóran hóp er að áætla hversu mikið þarf af hverjum rétti. Magnið fer eftir fjöldanum og uppbyggingu matseðilsins, til dæmis hvort forréttirnir séu einungis léttur lystauki eða aðalatriði máltíðarinnar. Sem betur fer fyrir leikmenn má finna út magn á mann með einfaldri leit á netinu. Eftirfarandi upplýsingar eru til dæmis fengnar af www.dummies.com.

### Forréttir/smáréttir:

- Ef smáréttum eða pinnamat er fylgt eftir með aðalrétti ætti að bjóða upp á fjórar mismunandi tegundir rétta og áætla sex til átta smárétti/pinna á mann. Fyrir 25 manna hóp ættu 150 til 200 smáréttir að duga
- Ef smáréttunum fylgir ekki aðalréttur ætti að bjóða upp á minnst sex mismunandi gerðir og áætla 12 til 15 smárétti/pinna á mann. 300 til 375 smáréttir ættu þá að duga 25 manna hópi.

### Drykkir:

- Af gosdrykkjum mætti áætla eitt til tvö glös á gest á hverjum klukkutíma.
- Af kaffi mætti áætla einn til tvo bolla á gest á hverjum klukkutíma.

### Súpur og pottréttir:

- Ef bera á súpu eða pottrétt fram sem fyrsta rétt mætti áætla einn bolla á mann. Fyrir 25 manna hóp ættu fimm lítrar af súpu að duga.

### Aðalréttur:

- Ef bjóða á upp á beinlausan kjúkling, kalkún eða önd ætti að reikna með um 230 grömmum á mann. Tæp sex kíló ættu þá að duga í innkaupin fyrir 25 manna veislu.
- Steik með beini í matinn þýðir um 400 grömm á mann og þá um tíu kíló fyrir 25 manna veisluna.
- Pasta í aðalrétt þýðir um 120 grömm á mann og þyrfti því að hella rúmlega þremur kílóum af pasta í pott fyrir 25 manns.

### Eftirréttir:

- Ef bjóða á upp á ís í eftirmat má áætla um 225 grömm á mann. Fyrir 25 manns ætti að eiga til minnst 3,8 lítra af ís.
- Ein sneið af súkkulaðiköku ætti að duga á mann í eftirrétt. Oft má miða við að tólf sneiðar fáist úr venjulegu hringlaga kökuformi og fyrir 25 manns ætti að duga að baka tvær kökur.
















# Stórtæk í eldhúsinu

Fastus býður uppá heildarlausnir fyrir stóreldhús
bæði hvað varðar eldunaráhöld, tæki, borðbúnað og margt fleira.

Fagþekking og reynsla eru lykilatriði í starfsemi Fastus - en þar starfa reyndir ráðgjafar á sölusviði sem tryggja réttar lausnir fyrir þínar þarfir.

Hafðu samband og fáðu upplýsingar um útbúnað sem hentar þinni starfsemi.

Pottar og pönnur



Leirtau



Borðbúnaður



Glös og glervara



Áhöld og tæki



Veislubúnaður



Fatnaður og skór fyrir atvinnueldhús





FASTUS

Veit á vandaða lausn

**Komið í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



## HAGKVÆMARI INNKAUP

**Vel skipulagðir matseðlar** eru forsenda þess að hægt sé að gera hagkvæm innkaup. Fjölbreyttur og vel samsettur matseðill, sem nær yfir 4-8 vikna tímabil, sparar líka vinnu þar sem hægt er að nota hann aftur og aftur með litlum breytingum. Þó verður að vera hægt að gera breytingar miðað við úrval hráefnis, árstíðir, hátíðisdaga og verð á matvöru. Matseðlar auðvelda innkaup, bæta nýtingu og gefa betra jafnvægi í samsetningu matseðilsins. Hér eru fleiri ráð til að halda kostnaði niðri.

- Gera innkaup í samræmi við tilboð og árstíma (breyta þá uppskriftum og matseðli eftir því).
- Hafa stundum baunarétti í stað kjötrétta.
- Drýgja má kjötrétti með baunum og bæta einnig mjöli í og gera bollur.
- Kaupa einnig frosið grænmeti og ávexti.
- Leita hagstæðasta verðs hjá heildsölum.
- Festast ekki af vana á einum stað þó að það geti vissulega verið hagkvæmt að versla sem mest við sama aðilann.
- Læra af reynslunni að kaupa rétt magn og skammta hæfilega.

*Heimild: Handbók um mataræði í framhaldsskólum*



## STÆRSTA ELDHÚSIÐ

**Stærsta eldhús heims,** þegar kemur að mögum sem þarf að metta, er án efa staðsett í Gullna hofinu í Amritsar á Indlandi. Eldhúsið var sett á fót fyrir rúmlega 500 árum af Guru Nanak en þaðan fer enginn svangur, óháð trú eða stéttarstöðu.

Daglega eru reiddar fram máltíðir fyrir um 100.000 manns og er maturinn ókeypis. Um helgar og á sérstökum hátíðisdögum getur fjöldinn þó tvöfaldast. Daglega eru bökuð um 200.000 flatbrauð, sem nefnast rotis, og 1,5 tonn af linsubaunasúpu sem nefnist dal.

Til að elda 100.000 máltíðir á dag þurfa starfsmenn um 7.000 kg af hveiti, 1.200 kg af hrísgrjónum, 1.300 kg af linsubaunum og 500 kg af smjöri. Starfsmenn eldhússins eru 450 en auk þeirra koma hundruð sjálfboðaliða að eldamennskunni daglega.

## HANDÞVOTTUR MIKILVÆGUR

**Snerting er langalgengasta smitleið sýkla milli manna. Handþvottur er því mikilvægasta sýkingavörnin.**

Vel framkvæmdur handþvottur með fljótandi sápu og vatni fjarlægir 90 prósent af þeim sýklum sem finnast á höndum. Handspritt er árangursríkt en kemur ekki í staðinn fyrir góðan handþvott. Það tekur sýkla einungis 30 mínútur að dreifast á milli yfirborða. Hreinar hendur tefja slíka útbreiðslu til muna. Hendur þarf ávallt að þvo með vatni og sápu. Einnig þarf að þurrka hendurnar vel:

- áður en hafist er handa við matreiðslu
- fyrir og eftir máltíðir
- eftir salernisferðir
- eftir beina snertingu við sár, blóð og hvers kyns líkamsvessa, manns eigin eða annarra.

*www.vinnuvernd.is*




*Fimmföld Skynjun – RATIONAL „persónulegi“ Gufusteikingarofninn Þinn*

RATIONAL

*NÝJI*
**SelfCookingCenter®**

*Upplifðu núna!*

5Senses




*Senses* stöðuna í sífellu,í eldunarferlinu þínu.

*Recognises* magnið þitt í ofnrýminu og reiknar út brúningarþörf í samræmi við það.

*Thinks* og ákveður besta eldunarmöguleika sem gefur þína niðurstöðu.

*Learns* og vistar þína uppáhalds og mest notuðu eldunarferla þína.

*Communicates* þörf þína fyrir að vita hvað gerist í eldunarferlinu og upplýsir þig stöðugt um hvað ofninn er að gera, hvað hann hefur gert og hvað hann muni gera.

BAKO ÍSBERG

**BAKO ISBERG ehf** • Höfðbakki 9 • 110 Reykjavik • s 595 6200
pontun@bakoisberg.is • www.bakoisberg.is

FASTEIGNASALAN **TORG**

Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

# 520 9595

Fasteignasalan TORG   Garðatorgi 5   210 Garðabær   www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur

# Garðatorg 4
## 210 Garðabær






Dæmi um íbúð

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Íbúð nr:** | 0209 | **Svalir:** | 11,9 m² |
| **Stærð:** | 115,7m² | **Bað:** | 2 |
| **Herbergi:** | 3-4ra | **Verð:** | **kr. 47.500.000** |
| **Bílastæði:** | Já | | |

GLÆSILEG SÝNINGARÍBÚÐ

# OPIÐ HÚS
## SUNNUDAGINN 31. MAÍ
## KL.14:00 – 15:00

**RJÚKANDI HEITT CHAQWA KAFFI Á KÖNNUNNI OG OMNOM SÚKKULAÐI**

**SÖLUFULLTRÚAR VERÐA Á STAÐNUM OG TAKA VEL Á MÓTI ÖLLUM**



**Einstaklega glæsilegt** 4-5 hæða fjölbýlishús í nýjum miðbæ Garðabæjar. Í húsinu eru 42 íbúðir frá 75 m2 til 190 m2 auk stæðis í bílageymslu.

Við hönnun íbúðanna var leitast við að hámarka notagildi íbúða og nýta stórbrotið útsýni sem staðsetning húsanna býður uppá.



CHAQWA   HEIMILI & HUGMYNDIR   omnom CHOCOLATE   ÞG-VERK   Vogue FYRIR HEIMILIÐ   SMITH & NORLAND Nóatúni 4 Sími 520 3000 www.sminor.is   TÍSKA.IS

# heimili fasteignasala
– á traustum grunni


Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali


Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi


Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali


Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð


Brynjólfur Snorrason
sölufulltrúi


Karen Sævarsdóttir
MBA markaðsfræði


Gunnlaugur A. Björnsson
sölufulltrúi


Hjálmar Már Kristinsson
sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

## Ólafsgeisli 13 - glæsilegt endaraðhús, frábært útsýni, 4 svefnherb. Opið hús








Stórglæsilegt endaraðhús, frábærlega staðsett við Ólafsgeisla. Húsið er á tveim hæðum og er sérlega vandað í alla staða.

Á efri hæð eru stofur, eldhús og bílskúr. Á neðri hæð eru fjögur svefnherbergi. Falleg lóð með heitum potti. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar og mjög vandaðar. Mikil lofthæð, innfeld lýsing, parket og flísar á gólfum. Útsýnið er frábært til suðurs og vesturs yfir golfvöllinn.

**Verð 64,9 milljónir.**

**Opið hús á morgun sunnudag frá kl. 14:00 - 14:30.**

**Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895 1098.**

## Bæjargil 78




Rúmgott 211 fm raðhús á tveimur hæðum og með sérstandandi bílskúr í barnvænu hverfi.

Góðar stofur, möguleki á fjórum svefnherbergjum, nýlegt baðherbergi á efri hæð, skjólgóður bakgarður til suðurs.

Falleg eign á góðum stað í Garðabæ.

**Opið hús á mánudag 1. júní frá kl. 17:00 – 17:30.**

Nánari upplýsingar veitir Brynjólfur Snorrason, 896-2953.

## Frostaskjól 43




Glæsilegt 5.herbergja raðhús ásamt bílskúr við Frostaskjól í vesturbæ Reykjavíkur. Húsið er á þremur hæðum, 4 svefnherbergi, eldhús, stofa, borðstofa, skrifstofa, baðherbergi, gestasalerni, stórt leikherbergi í kjallara og tvær geymslur. Snyrtilegur garður með palli og heitum potti.
**Verð 77 m.**
**Opið hús á morgun sunnudag frá kl. 15:00 – 15:30.**
Allar nánari upplýsingar veitir Stefán 659-0500 stefan@heimili.is

**530 6500** **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** **530 6500**

# TIL LEIGU

# AÐEINS kr. 950 fm.

## Kistumelar 16, 116 Reykjavík



**165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.**





**Nánari upplýsingar** gefur Hafsteinn í síma 690-3031

NÝBÝLAVEGI 8 - 200 KÓPAVOGUR

**LUNDUR**
FASTEIGNAFÉLAG

# VERTU NÆS

Rauði krossinn hvetur fólk til að koma fram við hvert annað af virðingu. Uppruni fólks, litaraft þess og trúarbrögð eiga ekki að skipta máli.

Mismunun er staðreynd í íslensku samfélagi og því miður eiga ekki allir jafna möguleika. Við getum breytt því!

10% þjóðarinnar eru af erlendum uppruna. Allir eiga að njóta sömu réttinda.

Því segir Rauði krossinn – **Vertu næs!**



vertunæs.is

**Rauði krossinn**

SAMFÉLAGSSJÓÐUR THE COLOR RUN. OG Alvogen
ERU BAKHJARLAR VERKEFNISINS

## Konráð og félagar á ferð og flugi 150

Bragi Halldórsson

Lísaloppa rýndi í gátubókina og sagði. „Hvernig skildi þessi þraut nú vera.“ Konráð hugsaði kíminn að vonandi væri þrautin ekki sú að þurfa að lykta af sokkunum til að vita hverjir væru óhreinastir „Þrautin er svona,“ sagði Lísaloppa þá. „Við erum með þrjú pör af sokkum í poka, eina gula, eina röndótta og eina köflótta. Ef við stingum hendinni ofan í pokann og tökum upp einn sokk í einu, hversu oft þurfum við að ná okkur í einn sokk til þess að vera örugglega komin með eitt par.“ Kata var fljót að svara. „Ég þyrfti að minnsta kosti örugglega að gera það margoft því ég myndi aldrei klæðast köflóttum sokkum.

Getur þú reiknað út hversu oft þú þyrftir að draga sokk upp úr pokanum til að vera örugglega komin með eitt par?





SVAR: Fjórum sinnum ef þrír þeir fyrstu væru allir af sitthvorri sort.

## Brandarar

**Hvað sagði hnetan þegar hún hnerraði?**
- Kasjúú!

**Hvað kallar þú björn með engar tennur?**
- Gúmmíbjörn.

**Palli:** Þessi matur er frekar skondinn á bragðið ...
**Nonni:** Af hverju ertu þá ekki að hlæja?

**Hvaða salat er í uppáhaldi hjá mörgæsum?**
- Iceberg-salat.

**Hvað er verra en að finna orm í eplinu þínu?**
- Að finna hálfan orm í eplinu þínu.

**Sjúklingurinn:** Læknir, ég þarf nauðsynlega að fá gleraugu!
**Þjóninn:** Já, svo sannarlega. Þetta er nefnilega veitingahús.

**Af hverju borða risaeðlur hrátt kjöt?**
- Nú, því þær kunna ekki að elda.

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

## Föndur

**ÞOTAN** Þessari þarf að kasta frekar fast og þú gætir þurft að stilla hana svo þú náir hinu fullkomna kasti. Þessi uppskrift kemur úr Skutlubók Villa.



**1** Brjóttu blaðið í miðju.



**2** Sléttu úr því aftur og brjóttu hornin inn að miðjubrotinu.






**3** Brjóttu blaðið saman aftur og brjóttu hornin niður eins og punktalínan sýnir.



**4** Brjóttu nú vænginn niður á þeim stað sem punktalínan sýnir.



**5** Færðu vængina upp. Brjóttu upp á endana á vængjunum.



# Pínulítið erfitt fyrst að læra frönsku

Nóel Atli Arnórsson verður 9 ára 30. september. Hann býr í Suður-Frakklandi í bænum Saint Raphael með mömmu sinni, pabba og litlu systur sinni Elísabetu.

**1. Hvað er skemmtilegast við að búa í Frakklandi?** Það er oft sól og gott veður og maður getur farið í stuttbuxum í skólann.

**2. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Fótboltamaður, kannski handboltamaður.

**3. Hvað ætlarðu að gera í sumar?** Ég ætla að fara til Íslands í heimsókn. Þar ætla ég að hitta ömmur mínar og afa og leika við íslensku vini mína. Ég ætla líka að æfa fótbolta með KA.

**4. Finnst þér gaman að tala frönsku og er hún erfiðari en íslenska?** Það var pínu erfitt fyrst að læra frönsku en núna kann ég mjög mikið og þá er það gaman. Mér finnst franska erfiðari en íslenska held ég.

**5. Hvað er besta liðið?** Í öllum heiminum er það Real Madrid. Svo er það líka Etoile, sem er liðið sem ég æfi með í Frakklandi.

**6. Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Pitsa og íslenskar pylsur.

**7. Hvað er skemmtilegt að gera í Frakklandi?** Að fara á ströndina og í Disneyland. Líka að leika við frönsku vini mína.

# EINHVER VERÐUR ÉTINN

## Í PENNANUM EYMUNDSSON KRINGLUNNI SUÐUR

**Útgáfugleði í dag kl. 14. Risaeðlulímmiðar, risaeðluplaköt og upplestur – eitthvað fyrir alla!**




**Vildarverð kr. 2.959**

**Verð kr. 3.699**

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir til og með 1. júní. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**1.** Svo fyndin að enginn hefur ráð á þeim (10)
**9.** Græðum á meinsemdum (5)
**11.** Æstar í erfiði, annað en þessir letingjar (7)
**12.** Endursendi bylgjur með sms-um (10)
**13.** Gengum tilneydd í skriðum (5)
**15.** Þjórum með bjórum og ráðum (7)
**16.** Svo brjálæðislega opin að ég fatta ekki hvað þetta er ofboðslegt flæmi (10)
**17.** Óþarfa fiskadráp úr sjó (5)
**18.** Í griðastað bernskunnar finn ég fornan félaga (7)
**19.** Skuldir sem lagst hafa á látnar (8)
**20.** Bera á brenglaða kanta (5)
**21.** Kjötmikill sóli skal í fornan pott (5)
**23.** Hliðarhamur grana bregður á þær öðrum blæ (9)
**27.** Stormkerfið og reknótin eru eitt (9)
**28.** Ydduð spýta átta ára trítils er öðrum frísklegri (5)
**29.** Um veggi og það sem þeir umlykja (6)
**31.** Við skulum kanna hvort þær eru óheftar eða ógætnar (8)
**34.** Hár og rótsterkt kaffi fyrir grimm að utan, og sveppurinn líka (13)
**35.** Klink úr stefnu hvaðan allt er blankt (8)
**37.** Heyri hljóm ákveðinna hittinga hvar spilað var og sungið (11)
**38.** Svartar byggja kofa fyrir hjólkerlingu (10)
**40.** Sindrandi ryk flögrar um ótukt sem setur allt á hvolf (7)
**43.** Ringluð kvikindin stunda armraunir (9)
**45.** 49 sandalar (6)
**46.** Spjalla um áburð og letilíf (7)
**47.** Krefjast greiðslu að utan (9)
**48.** Þar áður gátu allir vatni af sér kastað/eitt og sér er ekki neitt/öllum tölum fær þó breytt (6)
**49.** Fór þá Örn á fáki sínum, enda orðinn verri (7)

**LÓÐRÉTT**
**2.** Ef pítsa slitnar eru heimilistæki ekki langt undan (10)
**3.** Tel sveiflusæti jarðar eitt helsta aðdráttarafl afþreyingarsvæðis (10)
**4.** Förum nær sjoppunni svo huga megi að kjörunum (9)
**5.** Er þörf á að veita svo kröftugum og fjölmennum hópi hjálp? (10)
**6.** Þessu gæðingakyni er oft ruglað við fuglakyn (8)
**7.** Lífsins lögur er kvöð fyrir ættingja (10)
**8.** Mestur bruni er á helsta vettvangi Talíu (9)
**9.** Hér vísa ég til hinna klikkuðu en strangheiðarlegu karla (11)
**10.** Ákveð upphæð jarðargjalds með tilliti til línu og árbíts (11)
**14.** Ef starfsfólk er ekki á staðnum er hann tómur (9)
**22.** Ber málæði um að bolurinn sé ekki stutterma vott um iðrun? (10)
**23.** Íhaldsrafturinn í háskólanum heldur mér vakandi (12)
**24.** Straumlóðir leiða orku (8)
**25.** Óformlegt og falskt (8)
**26.** Legg druslu nokkra dýrðlega til leikfanga (9)
**30.** Ræði litla krílið (11)
**31.** Narta í nagga (5)
**32.** Sá sem kýlir á ljóðrænu er í ruglinu (5)
**33.** Hringrás greiðir fyrir traffík (10)
**36.** Sé óbifanleg sannfæring fyrir hendi munu engin blindsker hindra að fylgjendur hennar reyni að sannfæra aðra (8)
**39.** Bytta, rán og rammar (6)
**41.** Fatta ekki vanefndir lántaka (5)
**42.** Miðar fást á afruglað volið (5)
**44.** Felldu skepnur og verkuðu (4)





| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| V | A | N | D | A | L | A | U | S | A | R | | H | | Æ | | S | | B | |
| I | | Á | | L | | F | | I | | Ó | T | I | L | T | E | K | N | A | R |
| L | E | T | I | D | Ý | R | A | N | N | A | | N | | T | | R | | K | |
| H | | T | | A | | É | | N | | Ð | | D | | F | | A | | B | |
| J | | Ú | | V | | Ð | | I | | A | F | B | O | R | G | U | N | U | M |
| Á | B | R | E | I | Ð | U | R | N | A | R | | E | | Ó | | T | | R | |
| L | | A | | N | | S | | | F | | B | R | Á | Ð | A | L | I | Ð | I |
| M | Y | N | D | A | S | T | Y | T | T | U | R | | | R | | E | | U | |
| | N | | Ý | | A | | L | | A | | Ú | T | K | A | S | T | A | R | A |
| E | G | G | J | A | K | Ö | K | U | N | A | | | Ó | | | U | | | Ð |
| | I | | A | | A | | Ö | | R | | S | T | R | Á | D | R | E | P | A |
| Á | S | T | M | Æ | R | I | N | | O | | J | | V | | Ú | | I | | L |
| | S | | O | | G | | G | U | Ð | D | Ó | M | I | N | N | | N | Æ | M |
| T | V | Í | S | T | I | G | U | | I | | B | | L | | Y | | Þ | | Ó |
| | E | | A | | F | | L | | N | | I | L | L | K | L | E | Y | F | T |
| Þ | I | N | G | S | T | J | Ó | R | A | R | R | | A | | L | | K | | O |
| | N | | R | | | Á | | A | | | T | Ú | N | F | I | S | K | A | R |
| S | A | M | Æ | F | I | N | G | U | N | N | I | | | L | | Æ | | X | |
| | N | | N | | | K | | S | | | N | E | Ð | A | N | M | Á | L | S |
| L | A | U | N | A | S | A | M | N | I | N | G | | | K | | A | | A | |

Lausnarorð síðustu viku var
**VIRKJANAKOSTIR**

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Heilbrigði trjágróðurs** eftir Guðmund Halldórsson og Halldór Sverrisson frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ragnar Blöndal, Reykjavík.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist afar umdeilt fyrirbæri sem einhverjir munu græða vel á. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 3. júní næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „30. maí“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.





NAPOLEON
HÁGÆÐA GRILL FRÁ KANADA

**NAPOLEON**, fjölskyldufyrirtæki frá Kanada, hefur verið starfandi í 38 ár og sérhæfir sig í að hanna og framleiða hágæða grill, eldstæði og fleiri vörur sem hægt er að treysta á.

byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 4 | 1 | | | 3 |
| 6 | | | 8 | | 3 | | | |
| 8 | 3 | | | | | | | 7 |
| 7 | 9 | | 5 | | | 1 | | |
| 1 | | 3 | | | | | | 6 |
| 2 | | 6 | | | 4 | | | |
| | | | 1 | | | 4 | 7 | |
| | 2 | | 4 | 9 | | 5 | | |
| | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | 2 | 7 | | | |
| | 9 | | 4 | | 8 | 2 | | 5 |
| 1 | | 4 | | 6 | | | | |
| | | 6 | 8 | 9 | 5 | | | |
| 4 | 7 | | | | 6 | | 8 | |
| | 1 | | | | | | | |
| | | | | | 3 | | | 9 |
| | | 1 | 6 | | 4 | 8 | | |
| | | | 9 | | | 7 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 7 | | | | 9 | |
| | 4 | | | 6 | 1 | 7 | 8 | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | | 9 | | | 1 | | |
| 3 | | | | | 7 | | | 5 |
| | | | 5 | | 4 | 8 | | |
| 7 | | | 2 | | 8 | | 5 | 4 |
| 4 | 3 | | 1 | | | | | |
| 9 | | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 3 | 9 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 9 | 6 | 4 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 1 | 8 | 6 | 9 | 5 | 3 |
| 5 | 6 | 9 | 4 | 3 | 7 | 8 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 2 | 1 |
| 4 | 2 | 7 | 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 8 |
| 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 3 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 9 | 8 | 1 | 4 | 6 | 5 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 5 | 1 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 8 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 |
| 7 | 4 | 3 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 6 | 8 | 4 | 9 | 1 | 5 | 7 |
| 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 1 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 8 | 2 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 4 | 8 | 5 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Það skiptir ekki máli hversu hægt þú ferð svo lengi sem þú stoppar ekki.“**

*Konfúsíus.*








## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** taug, **6.** þys, **8.** gyðja, **9.** bein, **11.** skóli, **12.** yfirstéttar, **14.** digurmæli, **16.** halló, **17.** hélt á brott, **18.** súld, **20.** bókstafur, **21.** núa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skynfæri, **3.** óð, **4.** kennslubók, **5.** líða vel, **7.** dyggð, **10.** skip, **13.** mærð, **15.** fituskán, **16.** sneril, **19.** hreyfing.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** mænu, **6.** ys, **8.** rán, **9.** rif, **11.** ma, **12.** aðals, **14.** grobb, **16.** hæ, **17.** fór, **18.** úði, **20.** ká, **21.** niða.
**LÓÐRÉTT: 1.** eyra, **3.** ær, **4.** námsbók, **5.** una, **7.** siðgæði, **10.** far, **13.** lof, **15.** brák, **16.** hún, **19.** ið.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jóhann Hjartarson (2.566) hafði svart gegn Einari Hjalta Jenssyni (2.359) á Skákþingi Íslands í Hörpu. Svartur á leik**



**59. ... Bxg5! 60. e6** (60. ... fxg5 Rxg5#) **60. ... Dxe6 61. fxg5 Rxg4+ 62. Kh2 De2+ 61. Kh1 Df1+ 62. Kh2 Dh3+ 63. Kg1 Dxg3+ 62. Rg2 Dxc3** og hvítur gafst upp skömmu síðar.
**www.skak.is:** Aðalfundur SÍ í dag.


Afmælistónleikar
19. september 2015
MAGGI EIRÍKS
70 ára
Reyndu aftur
Braggablús
Elska þig
Vegurinn heim
Samferða
Ó, þú
Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.
Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.
Miðasalan er hafin
harpa.is | 528 5050 | tix.is
HARPA
DÆGURFLUGAN



Elsku dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**AÐALHEIÐUR BJÖRT GRÉTARSDÓTTIR**
**Fífumóa 2, Selfossi,**

lést þriðjudaginn 19. maí. Útförin hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Þórdís Hannesdóttir** **Grétar B. Þorsteinsson**
**Guðmundur Bjarki Grétarsson**
**Maríanna C. Guðmundsdóttir** **Ísak Sigurjónsson**
**Klara Amilía, Christian Viktor, Natalía Tara**
**Grétar Þór Guðmundsson**
**Andrés Ævar Grétarsson** **Ásta Sóley Sturludóttir**
**Nökkvi Páll**



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**BERGÞÓR INGI INGUSON**
**(Ingi Þór)**
**Bogabraut 5, Sandgerði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 23. maí. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði, þriðjudaginn 2. júní kl. 14.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning, kt. 181181-5089, banki 114-05-060582.

**Halla Rós Eiríksdóttir**
**og börn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**HALLGRÍMUR JÓHANNSSON**
**Kirkjustétt 11,**

lést fimmtudaginn 14. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til líknardeildar Landspítalans, séra Karls Matthíassonar, Lovísu Guðmundsdóttur og Sigurjóns Halldórssonar.

**Ragna Benedikta Gísladóttir**
**Jóhann Hallgrímsson** **Þórhalla Baldursdóttir**
**Inga Figueiredo Lúthersdóttir** **Rui Pedro Figueiredo**
**Gísli Ragnar Lúthersson**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, mágkonu og ömmu,

**GUÐRÚNAR E. KRISTINSDÓTTUR**
**frá Horni.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Litlu Grund fyrir góða umönnun.

**Sæbjörn Torfason**
**Ingólfur R. Torfason**
**Kristinn G. Torfason**
**Elisabet Ingólfsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**FRIÐRIK GESTSSON**
**Hjallalundi 18, Akureyri,**

andaðist á sjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 23. maí síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 2. júní kl 13.30. Þökkum auðsýnda samúð.

**Susana Turago Araojo, Margrét Lilja, Sara Jane, Gestur Jónmundur, Magnea, tengdabörn og barnabörn.**




**ÞETTA GERÐIST:** 30. MAÍ 1990

# Frakkar banna breskt nautakjöt



Þennan dag, 30. maí, árið 1990 bönnuðu bresk yfirvöld allan innflutning á bresku nautakjöti og lifandi nautgripum af ótta við kúariðu. Frakkland var stærsti innflytjandi bresks nautakjöts og kom þetta sér því afskaplega illa fyrir breska bændur. Einnig kom þetta sér illa fyrir bresk yfirvöld, sem höfðu þráfaldlega reynt að sannfæra almenning um að öruggt væri að neyta nautakjöts. Fáum dögum síðar bönnuðu Þýskaland og Ítalía innflutning á nautakjöti. Banninu var svo aflétt nokkru síðar, eftir miklar samningaviðræður í Brussel. Kúariðukreppan náði síðan hámarki þann 20. mars 1996 þegar bresk yfirvöld viðurkenndu að tengsl væru milli kúariðu og Creutzfeldt-Jakob-sjúkdómsins, mannlegrar útgáfu hrörnunarsjúkdómsins sem hafði fyrst fundist í breskum kúm tíu árum áður. Viku síðar var algert bann við útflutningi á bresku nautakjöti sett á. Banninu var aflétt í öllum löndum nema Frakklandi árið 1999 en eftir að Evrópusambandið hótaði stórum fjársektum var banninu einnig aflétt þar í október

## MERKISATBURÐIR

**1431** Jóhanna af Örk er brennd á báli í Rúðuborg í Frakklandi.
**1593** Breska leikskáldið Christopher Marlow er drepinn á krá vegna deilna um borgun á reikningi.
**1768** Eggert Ólafsson, skáld og varalögmaður, ferst á Breiðafirði ásamt konu sinni og sex öðrum mönnum. Voru þau að koma frá vetursetu í Sauðlauksdal.
**1829** Jónas Hallgrímsson flytur prófræðu sína í Bessastaðakirkju.
**1836** Paul Gaimard kemur með leiðangur sinn til Reykjavíkur og fer víða um land.
**1851** Jón Sigurðsson er kosinn forseti Kaupmannahafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags og gegnir þeirri stöðu til dauðadags.
**1889** Hallgrímur Sveinsson, dómkirkjuprestur í Reykjavík, er vígður biskup.
**1894** Eldey er klifin í fyrsta skipti. Er þar að verki Eldeyjar-Hjalti (Hjalti Jónsson) og tveir aðrir Vestmannaeyingar.
**1919** Fyrsti íslenski ríkisráðsfundurinn er haldinn í Fredensborgarhöll í Danmörku.
**1940** Róstur verða eftir knattspyrnuleik milli Fram og Víkings í Reykjavík. Þrjátíu manns eru handteknir.
**1977** Sjónvarpskvikmyndin Blóðrautt sólarlag eftir Hrafn Gunnlaugsson er frumsýnd. Hún vekur talsverðar deilur.
**1981** Forseti Bangladess, Zia Rahman, er ráðinn af dögum.
**1982** Spánn verður sextánda aðildarland NATO og fyrsta ríkið til að gerast meðlimur frá því Vestur-Þýskaland gekk í bandalagið árið 1955.
**1984** Alþingismönnum er fjölgað úr 60 í 63 og kosningaaldur er lækkaður úr 20 árum í 18 ár.



Ástkær, elskulegur eiginmaður minn,

**PÁLL EYVINDSSON**
**yfirflugstjóri,**
**Digranesvegi 64,**

lést á heimili sínu föstudaginn 29. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Helga Ragna Ármannsdóttir**



**SIGRÚN HELGADÓTTIR**
**Sólheimum 42, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 28. maí. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 5. júní kl. 11.

**Hannes Pálsson**
**Guðrún Hannesdóttir** **Þorbjörn Broddason**
**Kristín Hannesdóttir** **Nicholas Groves-Raines**
**Halla Hannesdóttir** **Vífill Magnússon**
**Páll H. Hannesson** **Liv Jorunn Seljevoll**
**Pétur H. Hannesson** **Erla Dís Axelsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir og amma,

**BÁRA ANDERSDÓTTIR**
**Jöldugróf 17,**

lést á krabbameinsdeild LSH laugardaginn 23. maí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 4. júní klukkan 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð líknardeildar heimahlynningar LSH í Kópavogi.

**Þór J. Vigfússon**
**Vigfús J. Þórsson** **Ásdís Kristjánsdóttir**
**Freyr Vigfússon**
**Edda Andersdóttir**
**og fjölskylda.**



Systir okkar,

**RAGNHILDUR HALLDÓRSDÓTTIR SKEOCH**
**Mánatúni 4, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 1. júní kl. 15.00.

**Guðný Ó. Halldórsdóttir**
**Kristín H. Halldórsdóttir**



Kær bróðir, mágur og frændi,

**EIÐUR HELGI EINARSSON**
**Skólabraut 5, Seltjarnarnesi,**

lést á hjartadeild Landspítalans 22. maí. Hann verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju, miðvikudaginn 3. júní kl. 13.00.

**Herdís Einarsdóttir** **Birgir Ásgeirsson**
**Einar Þór Óttarsson**
**Heiður Óttarsdóttir**
**Þórunn Birgisdóttir** **Guðberg K. Jónsson**
**Hákon Óttarsson** **Þórdís Harpa Lárusdóttir**
**Þórgunnur Óttarsdóttir** **Óskar Gíslason**
**Eiður Páll Birgisson** **Laufey Einarsdóttir**
**Inga Hrönn Óttarsdóttir** **Kristinn J. Hjartarson**
**Einar Birgisson** **Elín Soffía Pilkington**



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**HALLGRÍMS SIGURÐSSONAR**
**fyrrverandi forstjóra,**
**Skógarseli 41, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks öldrunardeildar LSH Fossvogi og til sr. Gunnars Rúnars Matthíassonar.

**Ingigerður K. Gísladóttir**
**Sigurður Hallgrímsson** **Guðbjörg Magnúsdóttir**
**Kristinn Hallgrímsson** **Helga Birna Björnsdóttir**
**Hulda Hallgrímsdóttir** **Ingi Þór Hermannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg frænka okkar,

**ÁSTA EYJÓLFSDÓTTIR**
**fv. gjaldkeri hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur,**

lést mánudaginn 25. maí á Skjóli hjúkrunarheimili. Útför hennar mun fara fram frá Áskirkju þriðjudaginn 9. júní kl. 13.00.
Starfsfólki Skjóls er þökkuð alúð og góð umönnun.

**Systkinabörn og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**LOKADAGUR - LOKADAGUR**

EPSON SKJÁVARPAR
MEÐ ALLT AÐ
KR. AFSL.

LG SJÓNVÖRP
MEÐ ALLT AÐ
300.000 KR. AFSL.

48" LED

FULLT VERÐ 119.990
TILBOÐ 99.990
TOSHIBA AFSL. 20.000

FULLT VERÐ
TILBOÐ 229.990
LG AFSL. 70.000

42" LED SNJALLSJÓNVARP
FULLT VERÐ 119.990
TILBOÐ 94.990
LG AFSL. 25.000

48" 4K UHD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 274.990
TILBOÐ 169.990
Panasonic AFSL. 105.000

MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
HARMAN KARDON

**ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG**

YAMAHA KENWOOD PHILIPS Nikon
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco TOSHIBA JVC LG

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



1259 kr. kg.

BÓNUS **BBQ Grill-grísakótilettur**

# Ferskur **BÓNUS** kjúklingur



749 kr. kg.

BÓNUS **Heill ferskur kjúklingur**



1979 kr. kg.

BÓNUS **Kjúklingabringur ferskar**



1598 kr. kg.

Bónus **Bacon/beikon**



1998 kr. kg

NORÐANFISKUR **Íslenskur lax beinhreinsaður m/roði** *FROSINN*



1259 kr. kg.

BÓNUS **Grill úrbein. grísahnakkasneiðar**



1998 kr. kg

NORÐANFISKUR **Íslensk bleikja beinhreinsuð m/roði** *FROSIN*



979 kr. kg.

BÓNUS **Grill Grísabógsneiðar**



2998 kr. kg.

Íslandslamb **Lambaprime ferskt ókryddað**



3898 kr. kg.

Íslandslamb **Lambafillet ferskt ókryddað**

Tilbúið beint á grillið !

## Forkryddað grísakjöt, beinlaus biti



1598 KR. KG.

STJÖRNUGRÍS **Beinlausar kótilettur**



1598 KR. KG.

STJÖRNUGRÍS **Grísa-hryggjafille**



1598 KR. KG.

STJÖRNUGRÍS **Grísa-hryggjasneiðar**



1598 KR. KG.

STJÖRNUGRÍS **Grísahnakka-fillet**

VALITOR **BÓNUS** EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu **Gilda a.m.k. til 31. maí**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSK MEÐ FLUGI

300 kr. afsláttur
**1150** kr. kg.
GOTTI ostur Verð áður 1450 kr.kg

**198** kr. 237g
BÓNUS **Samlokuskinka** 237g

**798** kr. 400g
**Fersk kirsuber** 400g

**1298** kr. 500g
**Fersk bláber** 500g

**95** kr. 200g
EUROSHOPPER **Steiktur laukur** 200g

**159** kr. 5 stk.
BÓNUS **Fimm pylsubrauð**

MYLLU HEIMILISBRAUÐ
**259** kr. 770g.

**59** kr. 250ml
EUROSHOPPER
**Orkudrykkur 250ml**

**359** kr. 10 stk.
BÓNUS **Vínarpylsur 10 stk** 485g

BÓNUS KUBBAR NÝBAKAÐIR
4 STK. Í POKA / 3 TEGUNDIR
**259** kr. 4 stk.

87% KJÖT
**298** kr. 360g
KJARNAFÆÐI **Pólskar kjötpylsur** 360g

**69** kr. 330ml

**95** kr. 1 ltr.

**198** kr. 1.5 ltr.

**198** kr. 2.0 ltr.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
**Gilda a.m.k. til 31. maí**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

## Veðurspá




### Laugardagur

Vaxandi austan og suðaustanátt í dag, hvassast við suðurströndina. Rigning allvíða um landið sunnanvert og hiti víða 5 til 10 stig, en léttir til fyrir norðan og gætu Norðlendingar átt von á hita upp að 12 stigum þar sem best lætur. Einna svalast verður á Austurlandi

### Flóð og fjara

| REYKJAVÍK | | ÍSAFJÖRÐUR | | AKUREYRI | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLÓÐ | FJARA | FJARA | FLÓÐ | FJARA | FLÓÐ |
| **4.08** | **10.25** | **0.11** | **5.59** | **2.22** | **8.18** |
| 3,2 m | 0,9 m | 0,5 m | 1,6 m | 0,5 m | 1,2 m |
| **16.37** | **22.51** | **12.27** | **18.46** | **14.22** | **20.45** |
| 3,4 m | 0,9 m | 0,4 m | 1,7 m | 0,5 m | 1,3 m |

**Tunglstaða**
Vaxandi
Fylling: 85%

**Sólarupprás** Kl. 3.28
**Sólarlag** Kl. 23.23

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 11° | 10° | 10° | 12° | 15° | 9° | 0° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madríd** | **Brussel** | **Róm** |
| 15° | 14° | 18° | 17° | 29° | 16° | 25° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 18° | 20° | 23° | 25° | 29° | 23° | 14° |

### Reykjavík



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 9° | 7° | 8° | 9° | 9° |
| ← 8 | ↙ 10 | ↙ 2 | ↙ 10 | ← 4 |

### Ísafjörður



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 2° | 0° | -0° | 0° | 0° |
| ← 10 | ↙ 11 | ↙ 9 | ↙ 11 | ↙ 8 |

### Akureyri



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 4° | 2° | -0° | 2° | 1° |
| ← 5 | ↓ 6 | ↓ 4 | ↙ 7 | ↓ 4 |

### Egilsstaðir



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 3° | 3° | 2° | 3° | 4° |
| ↓ 5 | ↓ 7 | ↓ 7 | ↓ 8 | ↓ 8 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 8° | 10° | 6° | 10° | 8° |
| ← 11 | ↓ 5 | ← 7 | ← 4 | → 4 |





**HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU**

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




STÓRI
CS GO
DAGURINN
Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI
TVÖ BESTU LIÐ LANDSINS MÆTAST!
MALEFIQ
VS
SKAÐI
KEPPA ÚRSLITALEIKINN Í TUDDANUM KL. 16:30
Í TÖLVULISTANUM Á SUÐURLANDSBRAUT !
msi
Razer
Mountain Dew
Eld smiðjan
PIZZUVEISLA
KL. 16:00 - 18:00
SHOWMATCH
DRAKE
VS SEVEN
GAMLAR KEMPUR ÚR CS1.6 ETJA KAPPI
KL. 13:30 – 16:00
twitch
TWITCH.TV/GEGTTV
ÚTSENDING HEFST
Á GEGTTV KL. 13:00
Razer
HEPPINN GESTUR VINNUR
KRAKEN PRO CHROMA 7.1
FYLGSTU MEÐ
Á SNAPCHAT
TOLVULISTINN
KOMDU Í PIZZAVEISLU OG FYLGSTU MEÐ Á RISASKJÁ!
tl.is
TÖLVU
LISTINN
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
CHROMA
FULL SPECTRUM GAMING
TUDDINN



**ÞINGVALLAKIRKJA** Það myndast skemmtileg nánd við tónleikagesti í litlu fallegu kirkjunni á Þingvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Spilað í fangi gesta

Tónlistarhátíðin Þriðjudagskvöld á Þingvöllum hefst í níunda sinn næstkomandi þriðjudagskvöld. Einar Jóhannesson hefur staðið fyrir hátíðinni frá upphafi.

„Þetta er sérstök kirkja í þeim einstaka helgidómi þjóðarinnar sem Þingvellir eru,“ segir Einar Jóhannesson klarínettuleikari sem stendur nú í júní fyrir tónlistarhátíðinni Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju í níunda sinn. Fyrsti hópurinn sem kemur fram næstkomandi þriðjudagskvöld er Kársnestríóið en það skipa þær Guðrún Sigríður Birgisdóttir, flauta, Svava Bernharðsdóttir, víóla, og Elísabet Waage, harpa. Þær leika tónlist allt frá Bach til Þorkels Sigurbjörnssonar. Nánari dagskrá fyrir alla tónleikana verður brátt hægt að nálgast á vefsvæðinu thingvellir.is.

„Þetta er nú þannig til komið að ég er hálfur Þingvellingur, ættaður af Kárastöðum í Þingvallasveit. Bæði móðir mín og móðursystir spiluðu á orgelið við messur og afi minn var meðhjálpari sem og hreppstjóri þannig að það eru sterk tengsl við þessa litlu fallegu kirkju.

Þegar móðursystir mín, Guðbjörg Einarsdóttir, féll frá var stofnaður um hana minningarsjóður við kirkjuna og einhvern veginn lenti hjá mér að sjá um þetta. Hugmyndin var að við vildum gera kirkjunni til góða með einhverjum hætti og þessi leið varð fyrir valinu; að vera með árlega tónlistarhátíð. Kollegar hafa verið tilbúnir til þess að koma og spila fyrir sama lítinn pening og þannig hefur þetta gengið með góðra hjálp.“

„Hátíðin verður svo tíu ára næsta sumar en í framhaldinu þá ætlum við Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti sem hefur verið að standa í þessu með mér, að taka svona aðeins stöðuna. Maður er búinn að vera í þessu af hreinni hugsjón og það hefur verið ákaflega skemmtilegt en kannski er kominn tími á að sjá hvort einhver vill taka við keflinu.“



**HÁTÍÐARHALDARI** Einar Jóhannesson er hálfur Þingvellingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einar segir að það sé alltaf gaman að koma í kirkjuna og að á síðustu árum séu þau mikið að sjá sömu tónleikagestina koma aftur. „Þetta er sérstök upplifun bæði fyrir tónlistarmenn og tónleikagesti. Kirkjan er svo lítil að maður er nánast í fanginu á gestum að spila en það gefur líka alveg einstaka nánd. Nánd sem fólk fær ekki í stórum tónleikasölum. Ég treysti líka talsvert á spjallið, að tónlistarmennirnir gefi sér tíma til þess að spjalla við gestina um það sem er verið að takast á við hverju sinni og það gerir þessa stund ákaflega persónulega og skemmtilega í senn.

Ef kirkjan fyllist þá má nú grípa til þess ráðs í skaplegu veðri að opna út og gefa gestum kost á að tylla sér út á tún og njóta tónlistarinnar í bland við blessaðan fuglasönginn. Það er nú ekki amalegt á þessum fallega stað.“

magnus@frettabladid.is



**MAGNUS MARIA** Átta konur fara með hlutverk í sýningu í óperunni sem er mikið sjónarspil. MYND/TIINA TAHVANAINEN

# Konur um konur

Magnus Maria ópera um rétt kyn, eftir Karólínu Eiríksdóttur og Katarinu Gädnäs í leikstjórn Suzanne Osten, verður flutt í Þjóðleikhúsinu á miðvikudagskvöldið. Í óperunni er sögð sönn saga sænskrar tónlistarkonu frá 17. öld í Svíþjóð.

Suzanne Osten er á meðal þekktari leikstjóra Svíþjóðar. Um áraraðir hefur hún getið sér gott orð fyrir bæði leiksýningar og kvikmyndir, auk þess að gegna stöðu prófessors í leikstjórn við Dramatiska Institudet í Stokkhólmi. Það er því mikið ánægjuefni að fá loks til Íslands sýningu eftir Suzanne Osten en næstkomandi miðvikudagskvöld verður í Þjóðleikhúsinu Magnus Maria, ópera um rétt kyn. Ný ópera með tónlist eftir Karólínu Eiríksdóttur við texta Katarinu Gädnäs.

Suzanne segir að hér sé á ferðinni einstök saga sem eigi mikið erindi til okkar í dag og að verkefnið hafi allt verið sérstaklega skemmtilegt. „Óperan fjallar um konu að nafni Maria Johansson sem fæddist á Álandseyjum en draumur hennar var að starfa sem tónlistarmaður í Stokkhólmi. Þar sem hún var kona þá komst hún lítið áleiðis en tók þá að koma fram í karlmannsfötum undir nafninu Magnus. Ferillinn tók kipp og Magnus varð fljótt eftirsóttur á meðal ungra kvenna. Það sem leiddi þó til þess að allt fór til fjandans var að hún lofaði að kvænast ungri konu til þess að reyna að fá frið fyrir kvenhyllinni. Hún var ákærð fyrir að villa á sér heimildir og það er ágætt að hafa í huga að á þessum tíma voru nornabrennur í Svíþjóð. Það er rétt að láta það svo eftir áhorfendum á miðvikudagskvöldið að komast að því hvernig fer.“



**LEIKSTJÓRINN** Suzanne Osten á að baki magnaðan feril sem leikstjóri bæði á sviði og í kvikmyndum. MYND/TIINA TAHVANAINEN

### Konur syngja og stjórna

Óperan var frumflutt á síðasta ári á Álandseyjum og hefur alls staðar hlotið frábærar viðtökur áhorfenda og gagnrýnenda. Átta konur fara með hlutverk í óperunni en enginn karl. Með hlutverkin fara þær Ásgerður Júníusdóttir, Hillevi Berg Niska, Lisa Fornhammar, Maria Johansson Josephsson, Therese Karlsson, Annika Sjölund, Frida Josefin Österberg og Andrea Björkholm. Hljómsveitarstjórn er í höndum Anna-Maria Helsing og eru öll listræn stjórnun og hönnun sýningarinnar í höndum kvenna.

„Þetta hefur verið frábært ferðalag. Þegar ég kom að þessu heillaðist ég strax af þessari frábæru tónlist Karólínu og fínu liberetto Katarinu. Það hefur verið ákaflega gaman að vinna með öllum þessum snjöllu konum, þetta er kvennasýning um málefni kvenna. Það er líka gaman hversu margar þeirra koma frá Álandseyjum. Þar er greinilega blómlegt tónlistar- og menningarlíf. Þetta er líka erfið sýning fyrir söngkonurnar því ég legg mikið á þær og læt þær dansa mikið og leika um leið og þær eru að einbeita sér að söngnum en þær standa sig allar frábærlega og fyrir vikið verður þetta heilmikið sjónarspil.“

### Nútíamasaga

„Málið er að þetta er nútímasaga á sinn hátt og það ótrúlega er að hún er sönn. Þessi saga á því miður enn mikið erindi. Konur strögla gríðarlega mikið í heimi lista og menningar enn í dag þó svo að þær þurfi ekki endilega að villa á sér heimildir. Það þarf ekki annað en að líta á tölfræðina til þess að sjá það.

Minn bakgrunnur er um margt ákaflega pólitískur og ég er femínisti. Verkið höfðar til mín sem femínista og ég vona að það muni eiga þátt í því að skapa umræðu um stöðu kvenna í listum á Íslandi. Það er umræða sem allar þjóðir þurfa að taka reglulega.

Því miður hefur þróunin í Svíþjóð alls ekki verið nægjanlega góð. Ég var hins vegar heppin að fæðast í Svíþjóð sem lagði mikla rækt við listir, menntun og menningu. En síðustu áratugi þá er einhver amerísk frjálshyggja farin að tröllríða öllu. Listin hefur verið sett á jaðarinn í síauknum mæli og allt snýst um krónur og aura. Konur í listum líða fljótt fyrir þessa þróun.“

### Vinnusmiðjan

Suzanne hlakkar mikið til þess að koma með sýninguna til Íslands og segist hafa heillast af baráttu kvenna á sínum tíma í kringum kvennafrídaginn og seinna kvennaframboðið. „Það er tilhlökkunarefni að koma með sýninguna en ég er líka ákaflega spennt fyrir vinnusmiðju sem við ætlum að vera með á þriðjudagskvöldið. Útgangspunkturinn verður óperan Magnus Maria, hvernig unnið er með líkamann til að segja sögu sem gagnrýnir viðtekin gildi, óperuformið rætt og ýmsar aðferðir skoðaðar.

Það er svo mikilvægt fyrir listamenn að halda áfram að þróa sig og sínar aðferðir. Og konur þurfa að berjast fyrir sínu – koma sinni sköpun til kvenna og stúlkna því það er svo mikilvægt fyrir alla að fá tækifæri til þess að spegla sig í listinni. Vonandi getum við hnikað einhverju í þeim efnum.“

magnus@frettabladid.is

HÁDEGISTÓNLEIKAR
Í NORÐURLJÓSUM, HÖRPU
ÞRIÐJUDAGINN 2. JÚNÍ KL.12:15
LEIKHÚSTÓNLIST
OG KABARETTLÖG
KURT WEILL
INGVELDUR ÝR JÓNSDÓTTIR
MEZZÓSÓPRAN
ANTONÍA HEVESI
PÍANÓ

ÍSLENSKA ÓPERAN
ÓKEYPIS AÐGANGUR

# KIRKJULISTAHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU

14. - 23. ÁGÚST 2015

Hátíðartónleikar í Hallgrímskirkju

Laugardaginn 15. ágúst kl. 19 & Sunnudaginn 16. ágúst kl. 16

# SOLOMON

eftir G. F. Händel. Óratóría í 3 þáttum

Flytjendur:

**Robin Blaze** kontratenór, Salómon konungur, **Þóra Einarsdóttir** sópran, drottning Salómons og fyrsta kona

**Sigríður Ósk Kristjánsdóttir** mezzosópran, drottningin af Saba og önnur kona

**Benedikt Kristjánsson** tenór, Zadok æðstiprestur og sendiboði, **Oddur Arnþór Jónsson** bassi, levíti

**Mótettukór Hallgrímskirkju**

**Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag**, skipuð 30 hljóðfæraleikurum

Konsertmeistari: **Tuomo Suni** frá Finnlandi

Stjórnandi: **Hörður Áskelsson**









## Meðal annarra viðburða Kirkjulistahátíðar 2015

**Föstudagur 14. ágúst kl. 18**

Setning Kirkjulistahátíðar og opnun myndlistarsýningar Helga Þorgils Friðjónssonar myndlistarmanns Kirkjulistahátíðar.
Allir velkomnir.





**Þriðjudagur 18. ágúst**

20.00 BAROKK TÓNLEIKAR – „HIN HLIÐIN Á HÄNDEL“

Nordic Affect ásamt Ian Wilson blokkflautuleikara frá Skotlandi, Tuomo Suni fiðluleikara frá Finnlandi og einsöngvurum.
Flutt verður tónlist eftir G. F. Händel sem sýnir aðra hlið á tónsmíðum hans, sem mótvægi við hina glæsilegu óratóríu Salómon.

**Miðvikudagur 19. ágúst**

12-12.30 Hádegistónleikar með Schola cantorum.
Stjórnandi Hörður Áskelsson

**Fimmtudagur 20. ágúst kl. 20 og 22**

ORGELTVENNA MEÐ OLIVIER LATRY!
Olivier Latry organisti Notre Dame kirkjunnar í París leikur einleikstónleika kl. 20.
Kl. 22 sama kvöld býður hann upp á tónleika með Vorblótinu eftir Stravinsky ásamt eiginkonu sinni, Shin-Young Lee í umritun fyrir tvo orgelleikara.




**Föstudagur 21. ágúst**

17.00 Evensong með “KING‘S MEN” frá King’s College í Cambridge.
20.00 Tónleikar með “KING‘S MEN”.
Sönghópurinn KING’S MEN syngur fjölbreytta efnisskrá undir stjórn hins heimsfræga stjórnanda þeirra, Stephen Cleobury kórstjóra við King’s College í Cambridge.



**Laugardagur 22. ágúst kl. 15-21**

SÁLMAFOSS Á MENNINGARNÓTT.
Samfelld tónleikadagskrá allan daginn, þ.s. King´s Men Cambridge, Schola cantorum, Mótettukór Hallgrímskirkju, ýmsir íslenskir og erlendir kórar og hljóðfæraleikarar koma fram. Frumfluttir verða 5 nýir sálmar eftir 10 konur. Ókeypis aðgangur.

**Sunnudagur 23. ágúst**

11.00 Hátíðarmessa með King´s Men og Stephen Cleobury.
17.00 LOKATÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM
Meðal verka á efnisskránni er frumflutningur á nýju verki eftir John Speight, Missa semplice fyrir kór, sópraneinsöngvara og hörpu.
Flytjendur eru kammerkórinn Schola cantorum, einsöngvarar úr kórnum og Elísabet Waage harpa.
Stjórnandi er Hörður Áskelsson.




**Styrktaraðilar:**
Hallgrímssöfnuður, Reykjavík
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
Kirkjumálasjóður

Þýska sendiráðið
Hollenska sendiráðið í Ósló

Gunnar Eggertsson

Reykjavíkurborg

Mennta- og menningarmálaráðuneytið


**Miðasala í Hallgrímskirkju s. 510 1000 og á tix.is**
listvinafelag.is, motettukor.is, kirkjulistahatid.is, scholacantorum.is, tix.is

# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**30. MAÍ**

### Gjörningar

**15.00** Listasafnið á Akureyri tekur þátt í Listahátíð í Reykjavík þegar **Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir** fremur gjörninginn Mannlegt landslag í Listasafninu, Ketilhúsi. Gjörningurinn er hluti af sýningunni Sköpun bernskunnar. Aðgangur er ókeypis.

**21.00 Maya Dunietz** flytur verkið Boom í Mengi - á mörkum myndlistar og tónlistar. Verkið Boom, er fyrir píanó, rödd, vídeó og rafhljóðfæri. Verkið var samið fyrir og frumflutt í Palais de Tokyo listamiðstöðinni í París. Miðaverð 3.000 krónur. HVAR: **Mengi**

### Tónleikar

**15.00** Jakob Viðar og hljómsveitin Heiglar frá Reykjavík flytja þjóðlagaskotið kammerpopp, blús og sitthvað tilfallandi í tilefni af væntanlegri hljómplötu sinni, á Bókatorgi. Hvar: Borgarbókasafnið í Grófinni. Aðgangur ókeypis.

### Opnanir

**15.00** Opnun innsetningar **Guðrúnar Sigríðar Haraldsdóttur** VERA:KVEN:VERA í Tjarnarsal Ráðhússins. Innsetningin er unnin sérlega í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi og í samvinnu við Borgarskjalasafn Reykjavíkur og Kristínu Gunnlaugsdóttur, myndlistamann. Aðgangur ókeypis.

**16.00 Þór Vigfússon** opnar einkasýninguna Víxlverkun í Höggmyndagarðinum á Nýlendugötu 17a. Afhjúpun verkanna fer fram í dag og stendur til klukkan 18.00. Allir velkomnir.

### Listasmiðja

**15.00** Myndlistarmaðurinn **Guðrún Benónýsdóttir** leiðir listsmiðju í tengslum við sýninguna Birting sem stendur nú yfir í Gerðarsafni. Listsmiðjan er tilvalin samverustund fyrir alla aldurshópa. Smiðjan er hluti af dagskrá fjölskyldudaga Ormadaga – Barnamenningarhátíð í Kópavogi. Aðgangur ókeypis.

### Fræðsla

**11.00** Hinn árlegi Morgunn í matjurtagarði Grasagarðsins verður haldinn í dag. Gefst gestum og gangandi tækifæri til að spyrja og spjalla við garðyrkjufræðinga Grasagarðsins og félaga og starfsfólk Garðyrkjufélags Íslands um allt sem viðkemur ræktun kryddog matjurta; meðal annars sáningu, útplöntun, umhirðu og uppskeru. Café Flóra verður með heitt piparmintute á könnunni. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**14.00 Fuglafræðsla** á Fjölskyldudegi í Öskjuhlíð. Fuglavernd býður upp á leiðsögn í fuglaskoðun á Fjölskyldudegi í Öskjuhlíð. Farið verður yfir hvað er spennandi og skemmtilegt við að skoða fugla, hvernig best sé að fara að og jafnframt sagt frá helstu fuglum sem halda til í Öskjuhlíðinni og víðar. Gengið verður um skóginn og sjón og heyrn virkjuð við að finna fuglana. Þetta hentar fyrir börn jafnt sem byrjendur í fuglaskoðun og bara allt fuglaáhugafólk. Þátttaka ókeypis.

### Sýningar

**13.00 Frímerki 2015.** Frímerkjasýning á vegum Landssambands íslenskra frímerkjasafnara. Sýningin er á vegum Landssambands íslenskra frímerkjasafnara, haldin í félagsheimili KFUM og KFUK að Holtavegi 28 Reykjavík. Á sýningunni verða áhugaverð söfn einstaklinga frá Íslandi, Noregi og Bandaríkjunum. Sýningin mun standa laugardag og sunnudag kl. 13-17 og er aðgangur ókeypis.

**14.00 Kínasafn Unnar,** Njálsgötu 33a, sýnir forna muni frá Kína. Safnið er opið til kl 16.00.

**15.00 Vorsýning Ljósmyndaskólans.** Fyrir einu ári síðan hófu fjórtán ólíkir einstaklingar nám við Ljósmyndaskólann og í dag munu þeir opna dyrnar að skólanum og sýna afrakstur vetrarins. Aðgangur ókeypis. HVAR: **Ljósmyndaskólinn**



HERA HILMARSDÓTTIR

### Málþing

Aðgengi barna að listum og listkennslu – réttur eða forréttindi? Málþing Rannsóknarstofu í listkennslu. **Hera Hilmarsdóttir** leikkona er meðal þeirra sem flytja ávarp. Hvar: Listasafni Reykjavíkur. Aðgangur ókeypis.

### Tónlist

**19.30 Elvis lifir.** Elvis Presley – konungur rokksins – hefði orðið 80 ára í ár, hefði hann lifað. Í tilefni þess verður efnt til glæsilegra tónleika í Eldborg 30. maí þar sem Björgvin Halldórsson, Bjarni Arason og Páll Rósinkranz syngja öll frægustu lög hans ásamt félögum úr Gospelkór Reykjavíkur undir stjórn Óskars Einarssonar, að ógleymdri stórhljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar. HVAR: **Harpa tónlistarhús**

**20.30 Tónleikar til minningar um Vilhjálm Vilhjálmsson** í tilefni afmælis hans fyrr á árinu. Skemmtun fyrir alla, á öllum aldri sem hafa gaman af því að setjast inn í tímvél og flakka svolítið um. Söngvarar eru: Jóhann Vilhjálmsson sonur Villa, Stefanía Svavarsdóttir og Óskar Pétursson Álftagerðisbróðir. HVAR: **Borg í Grímsnesi**

### Leiðsögn

**11.00** Fjölskylduferð um Áfanga, sýningu Richards Serra í Hafnarhúsinu. Verður leiðsögn kl. 11 og 14 en svo geta gestir tekið ferju frá Ægisgarði til Viðeyjar og notið leiðsagnar þar ásamt veitinga í Naustinu. Frekari upplýsingar á videy.is




AUGLÝSING UM INNTÖKU NÝNEMA Í LÖGREGLUSKÓLA RÍKISINS

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

**GRUNNNÁMIÐ**

Námið skiptist í bóknám og starfsnám og stendur yfir í a.m.k. tólf mánuði, þar af verður starfsnám a.m.k. fjórir mánuðir, hjá einhverju af hinum níu lögreglustjóraembættum landsins. Námið hefst í september 2015.

**AÐ HVERJUM ER LEITAÐ**

Leitað er að skynsömum, jákvæðum, hraustum og reglusömum konum og körlum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti. Þá er góður kostur að hafa fjölbreyttan bakgrunn. Lögreglustarfið er spennandi og krefjandi vettvangur fyrir dugandi fólk enda eru gerðar fjölþættar kröfur til umsækjenda.

**STAÐA KYNJANNA / FJÖLBREYTILEIKI INNAN LÖGREGLUNNAR**

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglunnar og jafnréttisáætlunar lögreglunnar hvetur ríkislögreglustjóri konur sérstaklega til þess að sækja um. Innan lögreglunnar er lögð áhersla á fjölbreytileika í starfsemi og vinnu lögreglunnar.

**RÉTTINDI SEM NÁMIÐ VEITIR**

Hver sá sem lýkur lögreglunámi með fullnægjandi árangri er hæfur til að sækja um laus störf lögreglumanna í lögreglu ríkisins. Hann þarf að uppfylla skilyrði lögreglulaga nr. 90/1996 og reglugerðar nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar, til að geta hlotið setningu eða skipun í embætti.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**

Um inntöku nýnema og námstilhögun vísast til 38. gr. lögreglulaga. Nánari upplýsingar um námið, feril umsókna, inntökupróf, umsóknareyðublöð, læknisvottorð og handbók valnefndar er að finna á lögregluvefnum, www.logreglan.is undir Lögregluskóli ríkisins - Inntaka nýnema. Inntökupróf fara fram á tímabilinu 24. júní til 30. júní.

Nánari upplýsingar veita Lögregluskóli ríkisins í síma **577-2200** og Sigríður Hrefna Jónsdóttir formaður valnefndar **sigridur.h.jonsdottir@lrh.is**

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2015. Umsóknum skal skilað til Lögregluskóla ríkisins, Krókhálsi 5b, 110 Reykjavík.

30. maí 2015.

**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN**




SVARTAR FJAÐRIR

# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**31. MAÍ**

### Leiklist

**16.00** Möguleikhúsið fagnar 25 ára afmæli með uppsetningu á leikverkinu **Hávamál** eftir Þórarin Eldjárn og leikhópinn. Leikstjóri er Torkild Lindebjerg. Fyrir áhorfendur frá 10 ára aldri. Tvær sýningar eftir, önnur kl. 16.00 og hin kl. 20.00. HVAR: **Tjarnarbíó**

### Listasmiðja

**15.30 Furðuveröld LÍSU** – listasmiðja fyrir börn 6-12 ára. Þátttaka í smiðjunni er ókeypis en fjöldi þátttakenda er takmarkaður og þarf að skrá sig. Furðuveröld Lísu: Ævintýraheimur óperunnar er verkefni í vinnslu, unnið í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík og Landakotsskóla. Umsjónarmenn smiðjunnar eru Brynhildur Þorgeirsdóttir og Ína Salóme Hallgrímsdóttir. HVAR: **Listasafn Einars Jónssonar**

### Sýningar

**14.00 Lokkur á Listahátíð í Reykjavík.** Kynnt verður til sögunnar nýtt en þó gamalt hljóðfæri, ríkt af sögu en þó snautt; allt eftir því hvernig á málið er litið. Verkefnið samanstendur af tónleikum. HVAR: **Árbæjarsafn**

### Opið hús

**14.00 Tuttugu og fimm ára afmælisveisla Sunnuhlíðarskóla.** Ávarp menntamálaráðherra, tónlist, veitingar, hoppukastalar, leikir, Sirkus Íslands verður með andlitsmálun og blöðrufígúrur, myndasýning frá liðnum tíma. Cortes-feðgar mun syngja fyrir okkur og Björn Kristinsson saxafónleikari og fyrrverandi nemandi mun spila með félögum sínum, nemendur úr Tónskóla Sigursveins munu spila og margt fleira. Allir eru hjartanlega velkomnir.

### Dans

**19.30 Svartar fjaðrir** eftir Siggu Soffíu. Í verkinu er unnið með fjölbreytt úrval ljóða skáldsins Davíðs Stefánssonar, sem náði þjóðarhylli með fyrstu ljóðabók sinni, Svörtum fjöðrum. Hún kom út þegar Davíð var aðeins 24 ára að aldri. Persónur verksins eru byggðar á ljóðum Davíðs, jafnt harmþrungnum ástarljóðum sem ættjarðarsöngvum. Myndlíkingar úr kvæðum hans eru gæddar lífi á sviðinu og hughrifin sem kvæðin vekja eru túlkuð á leikhópnum, með leik, upplestri, dansi og lifandi dúfum. HVAR: **Þjóðleikhúsið**

**20.00 Kizomba danskvöld** á sunnudögum með ókeypis kennslu í heilan mánuð! – Í boði Anais Barthe og Salsa-Iceland. HVAR: **RIO, Hverfisgötu 46**

### Tónlist

**17.00** Vortónleikar **Kórs Laugarneskirkju** og **Kórs Grindavíkurkirkju.** Einsöngur: Gerður Bolladóttir. Fjölbreytt og einkar skemmtileg efnisskrá en tónleikarnir eru hluti af undirbúningi fyrir Ítalíuferð kóranna í júnímánuði. Aðgangseyrir 1.500 krónur. HVAR: **Laugarneskirkja**

**20.00 Kristinn Sigmundsson** frumflytur ný verk eftir John Speight og Þórunni Grétu Sigurðardóttur, einnig verður áður óflutt frumgerð verksins Cantus IV eftir John flutt. Undirleikur harpa og sex strokhljóðfæri. HVAR: **Harpa tónlistarhús**

### Leiðsögn

**14.00 Gengið um með Ámunda og Helgu.** Ámundi Sigurðsson, grafískur hönnuður, og Helga Björnsson tískuhönnuður munu ganga um sýningar á verkum sínum í fylgd Þóru Sigurbjörnsdóttur, sérfræðings munasafns Hönnunarsafnsins, og rifja upp sögur tengdar ferli sínum. HVAR: **Hönnunarsafn Íslands**

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is*




**NÚ EINNIG Í HLJÓMAHÖLLINNI FÖSTUDAGINN 12. JÚNÍ OG HOFI LAUGARDAGINN 13. JÚNÍ.** MIÐASALA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 2. JÚNÍ.



**1. ÚT Á STOPPISTÖÐ 2. STRAX Í DAG 3. TÆTUM OG TRYLLUM 4. SHE BROKE MY HEART 5. GIV MIG ET BILLEDE 6. Í BLÁUM SKUGGA 7. FLJÚGÐU**



**8. SÖNGUR DÝRANNA Í TÝRÓL 9. Á SPÁNI 10. GEFÐU OKKUR GRIÐ 11. ANDAFUNDURINN MIKLI 12. SUMAR Á SÝRLANDI 13. DAGUR AÐ RÍSA**

# 40 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR PLÖTUNNAR SUMAR Á SÝRLANDI Í ELDBORGARSAL HÖRPU

## 5. JÚNÍ KL. 20 – UPPSELT
## 5. JÚNÍ KL. 23 OG 6. JÚNÍ KL. 20

ÖRFÁIR MIÐAR LAUSIR!

MIÐASALA Á **HARPA.IS, TIX.IS** OG Í **MIÐASÖLU HÖRPU**

**SÉRSTAKIR GESTIR:** EGGERT ÞORLEIFSSON SEM DÚDDI, ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR SEM HÚN SJÁLF, STÍNA STUÐ, STEINKA BJARNA O.FL. STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR, ELÍSABET EYÞÓRSDÓTTIR, ANDRI ÓLAFSSON OG ARNAR INGI SEM MEÐLIMIR STUÐMENNSKU SÖNGSVEITARINNAR. ARI BRAGI KÁRASON OG JÓEL PÁLSSON SEM MEÐLIMIR Í LÚÐRAVERKI SVEITALÝÐSINS.

**ATH:** Í TILEFNI ÚTGÁFUSTÓRAFMÆLIS SUMARS Á SÝRLANDI GEFUR SENA ÚT PLÖTUNA ENDURUNNA 1. JÚNÍ Á FYRSTA FLOKKS VÍNYL!

# Fyllt marengsrós sem kætir og bætir

**Botninn**

6 eggjahvítur
400 g ljós púðursykur
1 tsk. lyftiduft

Þeytið eggjahvíturnar og púðursykurinn þangað til blandan er orðin stíf og þétt. Bætið svo saman við lyftidufti og hrærið vel. Setjið matarlit að eigin vali saman við marengsinn og hrærið þangað til matarliturinn hefur blandast vel saman við. Setjið smjörpappír á bökunarplötu. Setjið marengsinn í sprautupoka með sprautustút nr. 1M (eins og myndin sýnir hér að ofan) og sprautið fallegar rósir á bökunarplötu, rósirnar eru á stærð við litla undirskál.

Bakið við 150°C í u.þ.b. 30 mín. eða þar til marengsinn hefur bakast alveg og er þurr í viðkomu. Kælið marengsinn alveg.

**Súkkulaðikrem**

3 eggjarauður
100 g flórsykur
150 g dökkt súkkulaði
25 g smjör
1 tsk. vanilludropar

Þeytið eggjarauðurnar þangað til þær eru orðnar aðeins ljósar. Bætið svo flórsykrinum saman við og hrærið þangað til blandan er orðin ljós og létt. Bræðið súkkulaðið saman við smjörið í potti yfir lágum hita og blandið því vel saman við blönduna. Bætið því næst vanilludropum saman við og hrærið vel. Setjið u.þ.b. 2-3 msk. af súkkulaðinu á hverja köku fyrir sig, eða eins mikið og þú vilt! Einnig er hægt að setja það ofan á kökurnar.

**Fylling**

500 ml rjómi
6 kókosbollur
1 poki Nóakropp

Þeytið rjómann þangað til hann stendur alveg og setjið ofan á botninn. Setjið slatta af Nóakroppi ofan á rjómann, skerið hverja kókosbollu í tvennt og setjið ofan á, bætið smá rjóma ofan á hverja kókosbollu og setjið svo marengsrós ofan á og þrýstið lauslega saman. Geymið í kæli þar til borið er fram.

*Uppskrift frá Freistingum Thelmu*



**ALLT Í EINUM BITA** Marengsrósirnar eru áberandi girnilegar. Kókosbollur, Nóa kropp og rjómi. Hvað gæti klikkað?



**13. JÚNÍ 2015** Sænski prinsinn Carl Philip og Sofia Hellqvist ganga í hjónaband laugardaginn 13. júní. Þau hafa verið í sambandi síðan 2010, en þar sem Sofia starfaði áður sem fyrirsæta þótti það ekki við hæfi að hún væri tengd konungsfjölskyldunni.



**19. JÚNÍ 2010** Sænska prinsessan Viktoría, systir Carls Philips, gekk að eiga einkaþjálfarann sinn Daniel Westling í Stokkhólmskirkju. Brúðkaupið var þá sagt það stærsta síðan Karl og Díana giftu sig.

# Brúðkaup kóngafólksins

Konungleg brúðkaup eru allaf glæsileg og þeim fylgir mikið umstang. Margir vita fátt skemmtilegra en að fylgjast með brúðkaupum. Þann 13. júní mun sænski prinsinn Carl Philip ganga að eiga unnustu sína, Sofiu Hellqvist, og er því tilvalið að rifja upp nokkur eftirminnileg.



**25. ÁGÚST 2001** Hákon Noregsprins gekk að eiga Mette-Marit, sem var þá einstæð móðir. Þau hittust fyrst á tónlistarhátíð í lok tíunda áratugarins, en fóru ekki að vera saman fyrr en þau hittust á sömu hátíð nokkrum árum síðar.



**29. APRÍL 2011** Vilhjálmur prins og Kate Middleton giftu sig eftirminnilega í Westminster Abbey. Þau kynntust þegar þau voru í námi við St. Andrews 2001 og fóru að vera saman árið 2003.



**29. JÚLÍ 1981** Eitt frægasta konunglega brúðkaupið er án efa þegar Díana og Karl giftu sig í kirkju heilags Páls. Þau skildu árið 1996 og eiga saman synina Vilhjálm og Harry. Díana lést eins og alkunna er í bílslysi í París 31. ágúst 1997.

NORDICPHOTOS/GETTY



**14. MAÍ 2004** Danski prinsinn Friðrik gekk að eiga Mary Elizabeth Donaldson í Kaupmannahafnarkirkju. Þau kynntust á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000, en Mary er frá Ástralíu. Þau eiga saman fjögur börn Christian, Isabellu og tvíburana Vincent og Josephine.

# Hitar upp fyrir Gísla og gefur út

Sturla Atlas gefur út halasnældu og hitar upp fyrir Gísla Pálma samdægurs.

Tónlistamaðurinn Sturla Atlas hefur bæst í hóp þeirra sem koma fram á útgáfutónleikum Gísla Pálma á fimmtudaginn næsta. Tónleikarnir, sem fara fram í Gamla bíói, verða væntanlega hinir glæsilegustu, en áður hefur meðal annars komið fram að hin geysivinsæla sveit Quarashi muni einnig koma fram á tónleikunum. Sturla Atlas, sem kom fram á sjónarsviðið fyrr í mánuðinum, er að vonum spenntur að koma fram. „Þetta verða stærstu tónleikarnir sem ég hef spilað á,“ segir hann í samtali við Fréttablaðið. Sama dag gefur hann út svokallaða halasnældu, sem á ensku er gjarnan nefnt „mixtape“. Þegar hinn dularfulli söngvari er spurður hverju aðdáendur hans megi búast við á snældunni segir hann: „Það verður mikið af tilfinningum á henni.“ Sturla Atlas, sló í gegn með laginu Over Here, sem var gefið út á netinu 14. maí og hefur myndbandið við lagið verið spilað í yfir 20 þúsund skipti á YouTube. Halasnældan verður fáanleg á netinu og mun bera titilinn Love Hurts. Beðið er eftir útgáfutónleikum Gísla Pálma með mikilli eftirvæntingu. Platan hans, sem ber einfaldlega titilinn Gísli Pálmi, hefur fengið mikið lof gagnrýnenda og hefur selst ákaflega vel. Platan setti sölumet hjá Smekkleysu fyrsta daginn sem hún kom út. Gísli gaf út lagið Set mig í gang árið 2011 og hefur hann síðan notið mikilla vinsælda.

- kak



**SKEMMTILEGUR DAGUR** Óhætt er að spá því að Sturla Atlas muni eiga annríkt fimmtudaginn næsta.



## Hamilton og Jenner par?

Kappakstursmaðurinn Lewis Hamilton og fyrirsætan Kendall Jenner eru víst eitthvað aðeins meira en vinir. Þau hittust í Mónakó í síðustu viku, og sást til þeirra saman á snekkjunni hans fyrir utan, ásamt vinkonum hennar Gigi Hadid og Hailey Baldwin. Hamilton hætti með söngkonunni Nicole Scherzinger í febrúar eftir sjö ára samband. Segja vinir hans að honum lítist vel á Jenner, sem er tíu árum yngri en hann, og honum finnist hún myndarleg og klár. Hvort einhver alvara er í sambandinu verður tíminn þó að leiða í ljós.



## Neverland komið á sölu

Búgarðurinn sem áður gekk undir heitinu Neverland er nú til sölu fyrir 100 milljónir Bandaríkjadala, eða um 13,5 milljarða króna. Búgarðurinn, sem kallast nú Sycamore Valley Ranch, var áður í eigu Michaels Jackson, sem gjarnan er nefndur konungur poppsins. Lóðin við búgarðinn er 1.100 hektarar að stærð með 22 byggingum. Félag sem keypti skuldir Jacksons að honum látnum setti búgarðinn á sölu. Búið er að fjarlægja margt af því sem Jackson lét setja upp á lóðinni, þar á meðal skemmtigarð. Jackson keypti Neverland á 19,5 milljónir Bandaríkjadala árið 1987, en flutti út árið 2005 eftir að dómstóll sýknaði hann af því að hafa misnotað börn á búgarðinum.

- aí / kak

„♥ skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum og **náunga þinn eins og sjálfan þig.**“

www.versdagsins.is









SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| TOMORROWLAND | KL. 1 - 2 - 3:40 - 5:20 - 6:20 - 8 - 10:40 |
| GOOD KILL | KL. 8 - 10:55 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 9 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| MAD MAX: FURY ROAD VIP 2D | KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 |
| HOT PURSUIT | KL. 1:30 - 3:30 |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 |
| AVENGERS 2 2D | KL. (2 - 5 (SUN)) - 8 |
| CHILD 44 | KL. 10:20 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 2 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 - 8 |
| GOOD KILL | KL. 10:20 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 10:40 |
| PITCH PERFECT 2 | KL. 8 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 |
| ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA ÍSLTAL | KL. 3 |
| LOKSINS HEIM ÍSLTAL 3D | KL. 3 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| TOMORROWLAND | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 |
| GOOD KILL | KL. 8 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 8 - 10:30 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 3:30 - 5:30 - 9 |
| HOT PURSUIT | KL. 6 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 3 - 6 - 10:20 |
| CINDERELLA | KL. 3 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| TOMORROWLAND | KL. 2:40 - 3:30 - 5:20 - 8 - 10 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 10:40 |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| TOMORROWLAND | KL. 2 - 5 - 8 |
| GOOD KILL | KL. 10:40 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D | KL. 8 - 10:40 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 2 |




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| TOMORROWLAND | 2, 5, 8, 10:35 |
| HRÚTAR | 4, 6 |
| PITCH PERFECT 2 | 2, 5, 8, 10:30 |
| ÁSTRÍKUR | 2 |
| MAD MAX 3D | 8, 10:30 |

**Góða skemmtun í bíó**












**VALINN MAÐUR Í HVERJU RÚMI** Sigtryggur er býsna ánægður með hópinn og lofsamar eldri borgarana í bak og fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Innileg sönggleði hér

**Sigrtryggur Baldursson slóst í för með Tónum og Trix, sem gefa nú út sína fyrstu plötu og halda tvenna útgáfutónleika á næstu dögum, stútfulla af stórstjörnum.**

„Þetta er fyrst og fremst sjarmerandi verkefni sem heillaði mig upp úr skónum,“ segir Sigtryggur Baldursson, einnig þekktur sem Bogomil Font, þegar hann er beðinn að lýsa samstarfi sínu við Tóna og Trix, hljómsveit eldri borgara úr Þorlákshöfn, sem margir hverjir hófu tónlistarferilinn á gamals aldri.

„Ég stökk á boðið um að taka þátt í þessu ævintýri með það sama og svo er ég náttúrulega afar lukkulegur með að þau skyldu taka lag frá mér, Hæ Mambó, og skella á plötuna. Það fannst mér krúttlegt,“ segir Sigtryggur sem sér um slagverkið.

Mun Sigtryggur stíga á svið með hljómsveitinni á útgáfutónleikunum, en hann söng einmitt inn á nýútkomna plötuna, sem ber nafnið Tónar og Trix.

Auk Sigtryggs létu Samúel J. Samúelsson, Jónas Sig., Salka Sól, Unnsteinn Manúel, Unnur Birna og Kristjana Stefánsdóttir, auk einvalaliðs annarra tónlistarmanna, til sín taka á plötunni og mun því mikið verða um dýrðir á tónleikunum.



**HEI MAMBÓ** Sigtryggur er afar ánægður með útgáfu Tóna og Trix á laginu hans, Hæ mambó.

